Stjórn Sjálfstæðisflokks er óbærileg tilhugsun
stjórnmál 18

Draumur hafsins
vegglist 52

spottið 10

REYKJAVIK HOTELS 20 ára SÉRBLAÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Helgarblað
22. september 2012
223. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

Vinnur að velferð dýra
Anna Berg svarar í síma Dýraverndarsambandsins.
tímamót 38

Hvað á barnið að heita?
Útlit er fyrir að yfirburðir Jóns og Guðrúnar í Þjóðskrá séu senn á enda.
mannanöfn 26

Götutískan blífur
Tískumyndir af götunni þykja núorðið jafn forvitnilegar og tískupallarnir.
tíska 30

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fólk | Atvinna

FJÖLHÆF Nína Dögg Filippusdóttir leikkona er önnum kafin. Hún leikur aðalhlutverk í Á sama tíma að ári, semur handrit að sjónvarpsþáttaseríu ásamt öðrum, mun leika í Bastörðum, svo örfátt sé nefnt. Hana langar ekkert að meika það í Hollywood. Drævið er hér. **Sjá síðu 24** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrír milljarðar í laun frá 2009

Slitastjórn Glitnis hefur greitt þrjá milljarða króna í laun á þremur og hálfu ári. Stærsti hluti rekstrarkostnaðar vegna erlendrar ráðgjafar. Alls hefur þrotabúið keypt ráðgjöf og lögfræðiþjónustu fyrir 31,2 milljarða.

VIÐSKIPTI Slitastjórn Glitnis greiddi 298 milljónir króna í laun og launatengd gjöld fyrstu sex mánuði ársins 2012. Alls hefur þrotabú Glitnis greitt þeim starfsmönnum sem starfa hjá því rúma þrjá milljarða króna í laun frá ársbyrjun 2009 og fram á mitt þetta ár.

Alls starfa um 40 manns hjá slitastjórn Glitnis í dag en hluti þess hóps er verktakar og telst ekki til launþega.

Rekstrarkostnaður Glitnis var 3,9 milljarðar króna á fyrri hluta þessa árs sem er 35 prósentum hærri en hann var á sama tímabili í fyrra. Ástæðunnar er að leita í auknum ráðgjafarkostnaði við gerð nauðasamninga. Alls hefur þrotabúið keypt ráðgjöf og lögfræðiþjónustu fyrir 31,2 milljarða króna frá ársbyrjun 2009, að mestu erlendis frá. Íslenskar lögfræðistofur fengu samtals greiddar 435 milljónir króna frá slitastjórninni á fyrri hluta þessa árs.

3,9 milljarðar króna er rekstrarkostnaður Glitnis á fyrri hluta þessa árs.

- þsj / sjá síðu 6

50% afsláttur
Rýmum fyrir nýjum vörum
• Allt Hrekkjavökuskraut og -borðbúnaður
• Allir búningar
• Valdar sumarvörur
PARTÝ BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11 • sími 534 0534
Opið alla daga

RISAlagersala Forlagsins er á Fiskislóð 39
Opið alla daga kl. 10–19
Yfir 2500 titlar
BÓKA LAGERSALA
Allt að 90% afsláttur
FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Tísku dagar
20.–23. sept.
Opið til 18 í dag
Smáralind

SPURNING DAGSINS

Kamilla, verður þetta ekki bara leyst með svefnpokaplássi í Hörpu?

„Ég er að bíða eftir svari frá Marriot. Þeir ætla að sofa á þessu.“

Kamilla Ingibergsdóttir, kynningarstjóri Iceland Airwaves, er að reyna að ráða úr skorti á gistirúmum fyrir hina fjölmörgu listamenn sem sækja landið heim til að spila á tónlistarhátíðinni.

Veiðiþol rjúpnastofnsins er metið vera 34 þúsund fuglar þennan veturinn:

Rjúpnaveiðar með sama sniði

VEIÐI Svandís Svavarsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, hefur ákveðið að rjúpnaveiðar verði heimilar í níu daga líkt og haustið 2011 og dreifist veiðitímabilið á fjórar helgar líkt og þá.

Í mati Náttúrufræðistofnunar kemur fram að rjúpnastofninn sé nú á niðurleið um allt land. Viðkoman 2012 var góð, sem bætir bága stöðu stofnsins, og hann mælist því stærri en haustið 2011 þrátt fyrir minni varpstofn. Stærð rjúpnastofnsins sveiflast reglubundið og hafa 10 til 12 ár verið á milli hámarksára. Miðað við fyrri sveiflur má búast

RJÚPUR Stofninn er talinn þola 34 þúsunda fugla veiði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

við rjúpnaþurrð næstu ár; stofninn nær væntanlega lágmarki á árunum 2015-2018 og næsta hámark verður 2020-2022. Verði mikil afföll í rjúpnastofninum viðvarandi á næstu árum er hins vegar ekki búist við að hin náttúrulega uppsveifla í lok þessa áratugar verði veruleg. Áætlaður veiðistofn nú er um 390.000 fuglar, en talið að veiðiþol sé 34.000 fuglar.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að farið verði að ráðgjöf Náttúrufræðistofnunar um ráðlagða veiði upp á 34.000 fugla, sem geri um sex rjúpur á veiðimann, miðað við þann fjölda veiðimanna sem að jafnaði fer til rjúpnaveiða. Telur Umhverfisstofnun einnig rétt að viðhalda sölubanni á rjúpu. - shá

Norðmenn breyta tollum:

Áhyggjur innan sjávarútvegsins

NOREGUR Fulltrúar sjávarútvegsfyrirtækja í Noregi hafa áhyggjur af ákvörðun norskra yfirvalda um að setja á prósentutoll í stað krónutolls til þess að vernda ýmsar landbúnaðarvörur.

Samningaviðræður Noregs og ESB um tollfrjálsa kvóta hefjast innan skamms og óttast talsmenn sjávarútvegsins viðbrögð ESB við breyttum landbúnaðartollum. János Herman, sendiherra ESB í Noregi, segir tollabreytingarnar brjóta í bága við anda 19. gr. EES-samningsins. - ibs

Með skemmd lungu:

Milljarður í bætur vegna poppkornsáts

NEYTENDUR Bandaríkjamaðurinn Wayne Watson, sem um árabil naut þess að gæða sér reglulega á örbylgjupoppi, hefur fengið 7,6 milljónir dollara í bætur eða sem nemur nálægt milljarði íslenskra króna. Dómstóll staðfesti að efnið diacetyl, sem notað er til að gefa örbylgjupoppi smjörbragð, hefði eyðilagt lungu Watsons.

Skaðleg áhrif efnisins hafa verið þekkt lengi en þetta er í fyrsta sinn sem neytandi fær bætur, að því er segir á vefnum Business.dk.

Poppkornsframleiðandinn Gilster-Mary Lee Corp á að greiða 80 prósent bótanna en verslanakeðjan King Soopers 20 prósent. Engin viðvörun um skaðsemi efnisins voru á umbúðum. - ibs

Skemmtiferðaskipin brjóta land Viðeyjar

Viðeyingafélagið segir vélarafl sífellt fleiri og stærri skemmtiferðaskipa auk hafnarframkvæmda og dýpkunar Viðeyjarsunds stuðla að niðurbroti eyjunnar. Hafnarstjóri segir bæði land og minjar í hættu. Verkefnið sé að hefta landbrot.

UMHVERFISMÁL Stjórn Viðeyingafélagsins hefur biðlað til Faxaflóahafna að fyrirbyggja landbrot við suður- og austurströnd Viðeyjar.

Í bréfi Viðeyingafélagsins eru leiddar líkur að því að tíðar komur stórra skemmtiferðaskipa eigi þátt í landbrotinu á Viðey. Íslensku kaupskipin séu smáfleytur í samanburði við hin erlendu risaskip.

„Vélstjórar á kaupskipunum taka undir það álit okkar að vélarkraftur skemmtiferðaskipanna hafi niðurbrotsáhrif á strönd eyjarinnar,“ segir í bréfi stjórnarinnar sem vísar til þess að á kynningarfundi fyrir nokkrum mánuðum hafi Gísli Gíslason hafnarstjóri skýrt frá því að komum skemmtiferðaskipa myndi fjölga verulega á næstu árum. Skipin myndu þar að auki stækka; fara úr því að vera tvö hundruð metrar á lengd í það að vera þrjú hundruð metrar.

„Að gefnu tilefni vakti Örlygur Hálfdanarson máls á landbroti á suður- og austurströnd Viðeyjar sem hefði haldist í hendur við dýpkun Viðeyjarsunds, uppbyggingu Sundahafnar og aukna skipaumferð,“ segir Viðeyingafélagið. Auk landbrotsins er vakin athygli á ástandi gamla hafnarbakkans í Viðey sem sé fyrsta hafskipahöfnin við Faxaflóa.

„Í sjálfu sér verður ekkert fullyrt um ástæður landbrots við Viðey, sem hefur staðið lengi, enda kemur það sjónarmið fram í erindi Viðeyingafélagsins að orsakir landbrots eru fleiri en ein,“ segir Gísli hafnarstjóri. Aðalatriðið sé hins vegar að það sé rétt hjá félaginu að landbrot

LANDBROT Í VIÐEY Viðeyingafélagið sendi margar myndir til stjórnar Faxaflóahafna til að sýna fram á landeyðinguna í Viðey. MYND/VIÐEYINGAFÉLAGIÐ

> Vélstjórar á kaupskipunum taka undir það álit okkar að vélarkraftur skemmtiferðaskipanna hafi niðurbrotsáhrif á strönd eyjarinnar.
>
> **STJÓRN VIÐEYINGAFÉLAGSINS**

eigi sér stað á eynni austanverðri auk þess sem minjar sæta ágangi sjávar.

„Verkefnið er því að hefta landbrotið,“ segir Gísli. „Reykjavíkurborg er eigandi eyjunnar, en það er sjálfsagt mál að Faxaflóahafnir í samvinnu við Reykjavíkurborg láti skoða hvernig vinna skuli gegn landbrotinu. Það er fyrsta skrefið í því að koma til móts við ábendingar Viðeyingafélagsins og Örlygs Hálfdánarsonar, sem bent hefur á vandann um langa hríð.“

Viðeyingafélagið kveðst ekki gera lítið úr því að auk vélarafls skipanna þá valdi margir samverkandi þættir álagi á bakka Viðeyjar. „En þar sem ekki virðast vera neinar áætlanir uppi um heildarstrandvörn í Sundunum og þróun landbrotsins talar stöðugt sínu máli finnst okkur að hafnarstjórn ætti að láta náttúruna njóta vafans,“ segir stjórn Viðeyingafélagsins sem er félag brottfluttra Viðeyinga og afkomenda þeirra.

„Brottfluttir Viðeyingar hafa um árabil bent á afleiðingar sem þeir telja að hægt sé að rekja til dýpkunar Viðeyjarsunds og hafnargerðar Reykjavíkurmegin en enga áheyrn hlotið.“

gar@frettabladid.is

HAFÖRN Sjaldgæfir fuglar gera sig heimakomna við Varmárósa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samningur um friðland:

Sami háttur á við Varmárósa

UMHVERFISMÁL Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur staðfest samning milli Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar um rekstur og umsjón sveitarfélagsins með friðlandinu við Varmárósa.

Varmárósar voru fyrst friðlýstir árið 1980 í kjölfar þess að þar fannst plöntutegundin fitjasef en plantan er á válista og er einnig friðlýst sem tegund.

Við Varmárósa er einnig að finna mýrar og flóa sem njóta sérstakrar verndar sem og sjávarfitjar og leirur. Þá er í friðlandinu að finna farfugla eins og margæsir, rauðbrystinga og lóuþræla auk sjaldgæfra tegunda svo sem gargönd, grafönd og jafnvel haferni. - shá

Fregnir frá Danmörku:

Íslenskur hópur handtekinn

LÖGREGLUMÁL Hópur Íslendinga var handtekinn í Kaupmannahöfn í gær í tengslum við fíkniefnamál sem sagt er teygja anga sína víða um Evrópu. Þetta kom fram á vef DV í gær.

Í frétt DV sagði að í hópnum væru sjö til átta manns, sem sumir hverjir hefðu áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnamisferlis.

Engar upplýsingar var að fá um málið hjá íslensku lögreglunni í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - sh

Sumargötur endurvaktar:

Fólk hvatt til að skilja við bílinn

SAMGÖNGUR Bíllausi dagurinn í Reykjavík er í dag. Í tilefni dagsins verða sumargötur endurvaktar og gestir og gangandi hvattir til að heimsækja miðborgina og kynna sér stæðaæði, menningu og iðandi líf miðborgarinnar.

Lækjargata verður lokuð fyrir bílaumferð á milli Vonarstrætis og Hverfisgötu en þó akstursfær fyrir strætó um strætóreinar. Laugavegi og Skólavörðustíg verður lokað fyrir bílaumferð við Bergstaðastræti, Bankastræti verður göngugata og Pósthússtræti sömuleiðis frá Kirkjustræti til Hafnarstrætis. - shá

AÐEINS Í DAG!

SPARAÐU 40%

ÖFLUGT NUDDTÆKI

VERÐ ÁÐUR 9.995,- NÚ 5.995,-

Opið í dag, laugardag kl. 11-16.

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

Mótmæli gegn bandarísku Múhameðsmyndinni snerust upp í mannskæð átök:

Kostuðu nærri tuttugu lífið

PAKISTAN Að minnsta kosti sautján létu lífið og tugir særðust þegar til átaka kom í Pakistan milli mótmælenda og lögreglu.

Mótmælendurnir mættu þúsundum saman út á götur margra helstu borga landsins til að lýsa andúð sinni á bandarísku myndbandi um Múhameð spámann. Margir þeirra köstuðu grjóti og kveiktu í húsum, en lögreglan brást sums staðar við með því að skjóta á fólkið og nota táragas.

Mest varð mannfallið í borginni Karachi, þar sem að minnsta kosti tólf manns létu lífið.

Efnt var til sams konar mótmæla í nokkrum öðrum löndum, þar á meðal Afganistan, Indónesíu, Írak og í Þýskalandi, þar sem nokkur hundruð manns söfnuðust saman í Freiburg til að mótmæla myndbandinu.

Mótmælin gegn þessu myndbandi og ofbeldi í tengslum við þau hafa alls kostað nærri fimmtíu manns lífið þessa ellefu daga, sem liðnir eru frá því að hlutar úr því voru settir inn á Youtube í arabískri þýðingu. Bandaríkin hafa varið sjötíu þúsund dölum í sjónvarpsauglýsingar, sem sýndar hafa verið í Pakistan, þar sem bandarískir ráðamenn sjást fordæma myndbandið. - gb

MÓTMÆLI Í PAKISTAN Mótmælandi í Rawalpindi dregur logandi hjólbarða úti á götu. NORDICPHOTOS/AFP

AFMÆLISTILBOÐ!

RÚMFATALAGERINN ER 25 ÁRA

TILBOÐIN GILDA TIL 26.09.2012

KREPSÆNGURVER

ÖLL KREP-SÆNGURVER
25%
AFSLÁTTUR

ALLIR PLASTKASSAR
25%
AFSLÁTTUR

25 ÁRA

ALLIR SOKKAR
25%
AFSLÁTTUR

ALLAR SVAMPDÝNUR
25%
AFSLÁTTUR

ALLAR GÓLFMOTTUR
25%
AFSLÁTTUR

NETFANGALEIKUR
SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.RUMFATALAGERINN.IS OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
50.000 KR.
GJAFABRÉF

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

GENGIÐ 21.09.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	122,87	123,45
Sterlingspund	200,01	200,99
Evra	159,85	160,75
Dönsk króna	21,438	21,564
Norsk króna	21,534	21,660
Sænsk króna	18,846	18,956
Japanskt jen	1,5707	1,5799
SDR	189,84	190,98

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 221,2413

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ýmis óleyst og útistandandi mál valda töfum á slitaferli Kaupþings:

Kaupþing frestar nauðasamningi

VIÐSKIPTI Kaupþing hefur frestað framlagningu nauðasamnings fram á síðasta ársfjórðung ársins 2012. Áður stóð til að leggja nauðasamninginn fram á þriðja ársfjórðungi, sem lýkur í lok septembermánaðar. Þetta kemur fram í tilkynningu á vef þrotabús Kaupþings sem birt var í gær.

Í tilkynningunni segir að mörg útistandandi mál, sem sum séu ekki á valdi slitastjórnarinnar, valdi þessum töfum. Finnist lausn í þessum málum, sem eru ekki tilgreind frekar, verði nauðasamningurinn lagður fram fyrir árslok.

Eftir nauðasamning verður Kaupþing íslenskt eignarhaldsfélag í eigu, og undir stjórn, almennra kröfuhafa bankans. Þeir eru að langstærstu leyti erlendir aðilar. Einnig er mögulegt að sérstakt eignastýringarfyrirtæki verði sett á laggirnar til að fara með áframhaldandi eignastýringu fyrir Kaupþing. Þetta kemur fram í kynningu sem slitastjórn bankans hélt fyrir kröfuhafa hans 31. maí síðastliðinn. Eignarhaldsfélagið yrði meðal annars eigandi að 87 prósentum hlutafjár í hinum íslenska Arion banka. - þsj

KAUPÞING Eignir þrotabúsins munu verða undir stjórn kröfuhafa bankans ef nauðasamningur verður samþykktur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Launavísitala hækkar enn:

Kaupmáttur launa hækkaði

EFNAHAGSMÁL Kaupmáttur launa hækkaði um 0,2 prósent í ágúst frá fyrra mánaði. Kaupmáttur launa hefur þá hækkað um 1,7 prósent á síðustu tólf mánuðum. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Launavísitalan í ágúst var 433,7 stig og hækkaði um 0,1 prósent frá fyrri mánuði. Launavísitalan hefur hækkað um 5,9 prósent síðustu tólf mánuði. Kaupmáttur launa er mælikvarði á breytingar á launum umfram verðbólgu, en launavísitala mælir þróun nafnlauna. - kóp

RECEP TAYYIP ERDOGAN Með málaferlunum hefur forsætisráðherra Tyrklands styrkt stöðu sína. NORDICPHOTOS/AFP

330 herforingjar dæmdir:

Fengu allt að átján ára dóm

TYRKLAND, AP Dómstóll í Tyrklandi hefur sakfellt 330 fyrrverandi yfirmenn í hernum fyrir að hafa reynt að steypa ríkisstjórn landsins árið 2003.

Sumir herforingjanna fá allt að 18 ára fangelsisdóm. Reiknað er með að þeir myndu allir áfrýja úrskurðinum.

Réttarhöldin gegn herforingjunum undanfarin ár hafa orðið til þess að draga verulega úr þeim miklu áhrifum sem herinn hefur haft á stjórnmál í Tyrklandi áratugum saman. - gb

ÁRBORG

Taka undir áhyggjur lögreglu

Bæjarráð Árborgar kveðst taka undir áhyggjur lögreglunnar í Árnessýslu, sem komið hafi fram í fjölmiðlum, um stöðu löggæslumála í sýslunni og hvetur stjórnvöld til að tryggja nægjanlegt framlag til löggæslumála.

LEIÐRÉTT

Helga Þórey Jónsdóttir, mannfræðingur og einn fyrirlesara á málþinginu Iðkun kyns og þjóðar í Reykjavíkurakademíunni, var rangfeðruð í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á því.

Sjóðurinn dugir ekki fyrir bótum til bænda

Þeim 25 til 30 milljónum sem Bjargráðasjóður hefur yfir að ráða verður varið í að bæta bændum tjónið eftir óveður. Ljóst er að aukafjármagns er þörf. Engin leið að vita umfang tjónsins í dag. Ráðherra gefur grænt ljós á aukafjárveitingu.

LANDBÚNAÐUR Öllum fjármunum Bjargráðasjóðs, um 25 til 30 milljónum króna, verður ráðstafað til að bæta bændum á Norðurlandi tjónið sem hlaust eftir fárviðrið 10. og 11. september. Líklegt þykir að frekari fjármunum verði varið til aðgerðanna, en engin leið er að vita umfang tjónsins eins og er. Um er að ræða allar eftirstöðvar A-hluta sjóðsins eftir eldgosin í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum.

Árni Snæbjörnsson, framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs, segir ljóst að núverandi innistæða sjóðsins dugi ekki til að bæta bændum það tjón sem þeir hafa orðið fyrir, heldur þurfi að koma til aukafjárframlags frá ríkinu. Um sé að ræða svo margþættar skemmdir að of snemmt sé að segja nokkuð til um fjárhæðir.

„Eftir að tjónið hefur verið metið verður að leita leiða til að afla frekari peninga," segir hann. „Svo þarf að ákveða hvort bæturnar verði greiddar að fullu eða hvort það verði að skerða þær eitthvað vegna peningastöðu."

Tekjur Bjargráðasjóðs koma af búnaðargjaldi frá bændum og tíu milljónum árlega úr ríkissjóði. Árni útskýrir að þó ómögulegt sé að meta umfang tjónsins nú, sé ljóst að um sé að ræða umtalsverðan missi á búfé og tjón á girðingum. „Þetta er alvarlegt ástand," segir hann. „Við höfum skyldur í þessum málum og við munum bregðast við."

Engar tölur liggja fyrir um fjölda fjár sem hefur drepist í hamförunum á Norðurlandi undanfarnar tvær vikur. Þó er ljóst að hundruð ef ekki þúsundir fjár komast aldrei heim á bæ.

Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra sagði í ræðu sinni á Alþingi í vikunni að ríkisstjórnin hefði samþykkt að nýta eftirstöðvar Bjargráðasjóðs til að bæta tjónið og að vonast væri til að þær fjárhæðir dygðu. Að sjálfsögðu yrði fjármunum þó bætt við ef þyrfti til.

Steingrímur vildi þó ekki gefa fyrir fram loforð eða yfirlýsingar um nákvæmlega hvernig tekið yrði á afleiddu tjóni bænda, eins og tjóni á girðingum, en gert væri ráð fyrir að bæta það sem hægt yrði. sunna@frettabladid.is

Halda nákvæmt bókhald um allt fé

Bændur halda nákvæmt bókhald yfir allan búpening sinn. Samkvæmt Árna er öllu haldið til haga um hvað var á fóðrum í vor, hvað fór á fjall og hversu mörg lömb fæddust. Það er svo starf ráðunauta á hverjum stað að fara yfir hvaða kindur skila sér af fjalli. Þegar bændur svo sækja um bætur fer ákveðið vinnuferli í gang.

„Svo þurfa trúnaðarmenn að staðfesta orsakir tjónsins, sem er tiltölulega auðvelt í þessu tilfelli," segir Árni. „Búfjáreftirlit sér um forðagæslu þar sem búpeningur er talinn á haustin. Svo er spurning hvort því verði flýtt í ár vegna aðstæðna. Menn eru bara enn að ná áttum."

Samkvæmt upplýsingum frá Búgarði, ráðgjafafyrirtæki á Akureyri, er stofnkostnaður við girðingar á bilinu 300 til 600 þúsund krónur á kílómetrann. Erfitt sé að leggja verðmat á féð, en dilkaverð til sláturhúsa er á bilinu tíu til tólf þúsund krónur. Hafa verður í huga að kindur sem enn eiga eftir að bera lömb í nokkur ár, eru vissulega framleiðslutæki og drepist þær getur hlotist af því umtalsvert fjárhagslegt tjón.

Hátt í hundrað sauðfjárbændur eru á þeim svæðum sem verst fóru úti í fárviðrinu. Ætla má að hver bóndi haldi að meðaltali um 600 fjár og er mikill hluti þess enn týndur á fjöllum.

ENN FINNST FÉ Á LÍFI Bændur í Þingeyjasýslum voru enn að finna fé á lífi í gær, en ljóst er að mikill hluti þess sem hefur ekki fundist er dauður. MYND/BRYNGEIR JÓNSSON

MÓTMÆLI Í BENGASÍ Hafa fengið nóg af ofríkismönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íbúar Bengasí mótmæla:

Vilja ekki láta vígasveitir ráða

LÍBÍA, AP Um þrjátíu þúsund manns gengu fylktu liði um götur borgarinnar Bengasí í austanverðri Líbíu til að mótmæla hópum herskárra ofríkismanna, sem grunaðir eru um morð á sendiherra Bandaríkjanna í landinu í síðustu viku.

Vopnaðir hópar manna, sem sumir hverjir eru arftakar uppreisnarsveitanna sem steyptu Moammar Gaddafí af stóli, hafa tekið að sér að gæta öryggis fólks en eru líka sakaðir um að haga sér eins og glæpagengi.

„Hvar er herinn, hvar er lögreglan?" stóð á einu mótmælaskiltanna. - gb

Eitrað fyrir hundum í Moskvu:

Sjötíu hundar fundist dauðir

RÚSSLAND, AP Lögreglan í Moskvu rannsakar nú hundadráp í borginni. Í þessari viku hafa um sjötíu dauðir hundar fundist og virðist sem eitrað hafi verið fyrir þeim flestum.

Reglum um dýravernd hefur ekki verið fylgt vel eftir í Moskvu, en hundadrápin hafa vakið óhug. Grunur hefur vaknað um að hópur manna stundi þau sér til skemmtunar. - gb

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

BLAUTT SYÐRA
Heldur vætusamt um helgina einkum sunnan- og suðaustantil en þurrt að mestu fyrir norðan og norðvestan. Á mánudag styttir upp og léttir til suðvestan- og vestanlands. Milt í veðri næstu daga.



HEIMURINN

Alicante	28°
Basel	23°
Berlín	14°
Billund	13°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	19°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	29°
London	15°
Mallorca	27°
New York	26°
Orlando	31°
Ósló	13°
París	19°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	12°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Mikið af fínum bílaleigu-bílum

MM Pajero Instyle
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
9.390.000,-

GLÆSILEGT ÚRVAL AF NÝLEGUM GÆÐABÍLUM

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!

VW Tiguan Track&Field
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 100.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
3.990.000,-

VW Passat Comfortl TDi
Árgerð 2006, dísel
Ekinn 103.000, beinskiptur
Ásett verð:
1.890.000,-

VW Polo Comfort 1,4 AT
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 36.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
2.390.000,-

VW Golf Trendl. 1,4TSi
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 58.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
2.490.000,-

Audi A4 2,0 TDi AT
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 33.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
5.290.000,-

VW Golf 1,4 Trendl. AT
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 39.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
2.890.000,-

Audi A6 2,0T
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 61.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
4.390.000,-

VW Polo 1,2 Trendl.
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 75.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
1.690.000,-

VW Touran Ecofuel
Árgerð 2012, bensín/metan
Ekinn 6.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
4.250.000,-

MM Pajero GLS 33”
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
2.890.000,-

MM Lancer Intense 1,8
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 52.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
2.490.000,-

VW Golf Trendline 1,6 TDI
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 76.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
2.290.000,-

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

Komdu og skoðaðu úrvalið!
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

Kíkið inná:
heklanotadirbilar.is

KJÖRKASSINN



Ætlar þú að fara á RIFF-kvikmyndahátíðina?

JÁ 5%

NEI 95%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú hlynnt(ur) hvalveiðum?

Segðu skoðun þína á Vísir.is vísir

Nokkuð stórir jarðskjálftar hafa mælst úti fyrir Norðurlandi að undanförnu:

Vel yfir 400 skjálftar skráðir

NÁTTÚRA Á fimmta hundrað jarðskjálftar hafa mælst á mælum Veðurstofu Íslands síðan jarðskjálftahrina hófst úti fyrir Norðurlandi. Á síðustu dögum hafa mælst nokkrir jarðskjálftar af stærðinni 4 á Richter og yfir. Þessir jarðskjálftar hafa fundist víða á Norðurlandi; á Sauðárkróki, Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Akureyri og á Húsavík og nágrenni.

Jarðskjálftar eru nokkuð algengir á þessu svæði og árin 1996 og 2004 voru svipaðar hrinur í gangi. Erfitt er að segja fyrir hve lengi þessi skjálftahrina muni standa yfir og ekki er hægt að útiloka fleiri stóra skjálfta, segja almannavarnir.

Almannavarnir vilja koma því á framfæri að mikilvægt er að íbúar á þekktum jarðskjálftasvæðum geri ráðstafanir til að draga úr tjóni vegna jarðskjálfta. Á vefsíðu almannavarna eru upplýsingar um varnir til að draga úr tjóni og minnka hættu í jarðskjálftum. Einnig má nálgast upplýsingar um viðbrögð í jarðskjálftum og ýmsar leiðbeiningar.

- shá



SKJÁLFTAHRINA Jarðskjálftar hafa fundist víða á Norðurlandi undanfarið. MYND/VEÐURSTOFAN

Segja árangur hafa náðst:

Farin í vikufrí frá Grikklandi

GRIKKLAND Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, framkvæmdastjórnar ESB og Seðlabanka Evrópu, sem vinnur með Grikkjum að endurskoðun efnahagsáætlunar landsins, er farin í stutt frí.

Búist er við að vinna hefjist að nýju við áætlunina eftir viku. Hluti sérfræðinga sendinefndarinnar verður þó áfram í landinu til að aðstoða stjórnvöld við tæknilega útfærslu, en aðrir halda sambandi frá höfuðstöðvum viðkomandi stofnana.

- óká

MÚLATORG
FLÓAMARKAÐUR
Fellsmúli 28 | Opið frá 12-17
Fullt af flottum gersemum
BOÐIÐ VERÐUR UPP Á
Andlistmálun – Léttar veitingar – Trúbador
Spákona á staðnum
www.mulatorg.com

Rekstrarkostnaður Glitnis jókst milli ára

Kostnaður við rekstur þrotabús Glitnis var 3,9 milljarðar á fyrri helmingi ársins. Hann jókst um 35 prósent á milli ára, aðallega vegna aukins kostnaðar við gerð nauðasamnings. Stærsti kostnaðarliðurinn er vegna erlendrar ráðgjafar.

VIÐSKIPTI Rekstrarkostnaður þrotabús Glitnis var 3,9 milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2012. Rekstarkostnaðurinn er 35 prósentum hærri en hann var á sama tímabili í fyrra og 44 prósentum hærri en á fyrri helmingi ársins 2010. Skýringanna er helst að leita í auknum ráðgjafarkostnaði vegna vinnu við gerð nauðasamnings þrotabúsins. Þetta kemur fram í yfirliti yfir eignir og skuldir Glitnis sem kynnt var á kröfuhafafundi á fimmtudag. Alls hefur rekstur Glitnis kostað 40,3 milljarða króna frá ársbyrjun 2009 og til loka júnímánaðar síðastliðins, en tveir þriðju hlutar þess kostnaðar komu til á árinu 2009 þegar mesta vinnan við skiptingu hins fallna Glitnis í nýjan og gamlan banka og endurfjármögnun Íslandsbanka átti sér stað.

Beinir starfsmenn þrotabúsins hafa á þeim tíma fengið rúma þrjá milljarða króna greidda í laun. Alls starfa rúmlega 40 manns hjá slitastjórn Glitnis í dag, en hluti þess hóps eru verktakar og teljast því ekki til launtakenda.

Laun og launatengd gjöld hjá Glitni námu 298 milljónum króna á fyrri hluta þessa árs. Aðkeypt lögfræðiþjónusta nam 1,1 milljarði króna og þar af fóru 435 milljónir króna til íslenskra stofa en 712 milljónir króna til erlendra. Kristján Óskarsson, framkvæmdastjóri Glitnis, segir flestar stóru lögfræðistofurnar á Íslandi vinna störf fyrir slitastjórnina. Stofur sem tengjast þeim aðilum sem sitja í slitanefnd Glitnis, Steinunni Guðbjartsdóttur og Páli Eiríkssyni, séu hvor með sinn fulltrúann sem starfi í verktöku hjá slitastjórninni. Að öðru leyti séu þær stofur ekki með nein verkefni hjá slitastjórninni.

Kostnaður vegna „annarrar utanaðkomandi ráðgjafar“ var 1,9 milljarðar króna. Einungis 303 milljónir króna sem tilheyra þeim lið fóru til íslenskra ráðgjafa. Afgangurinn, 1,6 milljarðar króna, fór til erlendra ráðgjafa og út úr íslensku hagkerfi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er langstærsti hluti þessa kostnaðar vegna greiðslna til fjárfestingabankans Moelis, fjármálaráðgjafa Glitnis, og fjármálaráðgjafanna Houlihan Lokey, Talbot Hughes og fleiri aðila sem vinna fyrir kröfuhafa bankans. Allir þessir aðilar eru að vinna að verkefnum sem snúa að gerð nauðasamnings Glitnis sem verður líkast til lagður fyrir á næsta ári.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er vilji innan Glitnis til þess að ráða innlenda aðila í fleiri verkefni. Kröfuhafar bankans hafa hins vegar frekar viljað notast við alþjóðlega aðila sem kosti mun meira.

thordur@frettabladid.is

SLITASTJÓRN Lögmennirnir Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson mynda slitastjórn Glitnis. Stefnt er að því að leggja fram nauðasamninga bankans, sem binda endi á slitaferli hans, á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Vilja upplýsingar um laun slitastjórnar

Viðskiptablaðið greindi frá því á fimmtudag að tveir lífeyrissjóðir hefðu höfðað mál fyrir héraðsdómi til að reyna að fá sundurliðaðar upplýsingar um launakostnað Glitnis. Í umfjöllun blaðsins kom fram að þeir vildu fá sundurliðaðar upplýsingar um laun sem verið væri að greiða slitastjórnarmönnum og hugsanlega einhverjum fyrirtækjum á þeirra vegum. Sjóðirnir vildu kanna hvort það gæti verið að þóknanir fyrir þau störf sem verið væri að vinna væru óhóflegar.

Frá byrjun árs 2009 og fram á mitt þetta ár hafa launagreiðslur hjá Glitni numið rúmum þremur milljörðum króna. Aðkeypt ráðgjöf og lögfræðistörf hafa kostað búið 31,2 milljarða króna. Stærsti hluti þeirrar upphæðar hefur farið út fyrir landsteinana en ekki er hægt að tilgreina nákvæmlega hversu mikið hefur setið eftir innanlands vegna mismunandi aðferða slitastjórnarinnar við að miðla þeim upplýsingum.



Bókin hefur þegar selst í 6 milljónum eintaka í yfir 40 löndum.

www.skrudda.is

Rannsóknir á síldarstofnum í Norður-Atlantshafi gætu nýst vinnslufyrirtækjum:

Stór rannsókn á teikniborðinu

RANNSÓKNIR Eitt viðamesta rannsóknaverkefni Matís á síðustu árum snýr að síldarstofnum í Norður-Atlantshafi. Rannsóknin snertir ekki síst áhuga vinnslufyrirtækja á eðli síldarstofnanna og hegðun þeirra þar sem vinnslueiginleikar þeirra geta verið mismunandi. Ætlunin er að rannsóknin leggi grunn að öðru og stærra Evrópuverkefni þar sem stofnar kolmunna, loðnu og makríls, og jafnvel fleiri, verða rannsakaðir.

Síldarstofnar á umræddu hafsvæði eru bæði svæðisbundnir og flökkustofnar. Það þýðir að afli getur verið blandaður úr stofnum eftir svæðum og árstíma.

Um er að ræða norrænt verkefni en ásamt Matís vinna að því Hafrannsóknastofnunin á Íslandi, stofnun hafrannsókna í Færeyjum, Háskólinn í Færeyjum, Síldarvinnslan í Neskaupstað og fleiri. Svara er leitað við spurningum um hvert hlutfall stofneininga í veiði er, hvort mismunandi vinnslueiginleikar síldarinnar eru bundnir í stofngerð hennar eða hvort þar er um að ræða aðra þætti á borð við umhverfisaðstæður, segir Anna Kristín Daníelsdóttir, sviðsstjóri hjá Matís, í frétt á vef stofnunarinnar. Vinna við verkefnið hófst árið 2009.

- shá

VINNSLA Á SÍLD Rannsókn Matís gæti breytt vinnsluaðferðum og aukið þar með verðmæti síldarafla. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM**
20.-24. SEPTEMBER.

*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út mánudaginn 24. september.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvenær voru ryðrauð háspennumöstur Sogslínu á Hellisheiði reist?*
2. *Hvað nær útsending á Latabæ víða í Bandaríkjunum?*
3. *Hvenær hefst bólusetning gegn inflúensu?*

SVÖR:

1. Árið 1953. 2. Til allra heimila, rúmlega 100 milljóna. 3. Í október.

Þingsályktunartillaga tíu þingmanna til að rétta aðstöðumun foreldra með sameiginlega forsjá:

Kostir við tvöfalt lögheimili barna metnir

SAMFÉLAGSMÁL Börn sem búa til skiptis hjá foreldrum á tveimur heimilum gætu átt þess kost að skrá lögheimili sitt á báðum stöðum innan tveggja ára, ef þingsályktunartillaga tíu alþingismanna úr öllum flokkum nema Vinstri grænum verður samþykkt.

Í tillögunni felst að innanríkisráðherra verður falið að skipa starfshóp til að gera skýrslu um það hvernig útfæra megi jafnt búsetuform barna sem búa við ofangreindar aðstæður.

Yfirlýst markmið er að eyða aðstöðumun heimila þegar foreldrar sem búa ekki saman ákveða að ala upp börn sín í sameiningu á tveimur heimilum.

Til þess skal hópurinn meta hvort rétt sé að taka upp kerfi sem heimilar tvöfalt lögheimili barna, eða stinga upp á öðru hentugra kerfi.

Starfshópurinn á að skila niðurstöðum fyrir lok næsta árs og frumvarp byggt á niðurstöðum hópsins skal lagt fram eigi síðar en á haustþingi 2014.

Í greinargerð með tillögunni segir að í löggjöfinni geti talsverður aðstöðumunur verið á foreldrum með sameiginlega forsjá. Meðal annars þar sem gert er ráð fyrir því að það foreldri sem barnið á lögheimili hjá skuli hafa töluvert meira að segja um hagi barnsins en hitt foreldrið. Þó bendi nýlegar rannsóknir til þess að líðan þeirra barna sem búa til skiptis hjá báðum foreldrum sínum á tveimur heimilum sé jafngóð og þeirra barna sem búa á einum stað hjá báðum foreldrum sínum. - þj

AÐSTÖÐUMUNUR VERÐI LEIÐRÉTTUR Samkvæmt nýrri þingsályktunartillögu skal innanríkisráðherra skipa starfshóp um jafnt búsetuform barna á tveimur heimilum. Hópurinn á að skila skýrslu fyrir lok næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 10 milljónum króna í samfélagsstyrki, til 20 verkefna í seinni úthlutun fyrir árið 2012.

Samfélagsstyrkjum er ætlað að styðja við verkefni á ýmsum sviðum, þar á meðal í mannúðarmálum, menningu og listum, menntun, rannsóknum og vísindum, einnig forvarna- og æskulýðsstarfi og sértækri útgáfustarfsemi. Samfélagsstyrkir eru veittir tvívegis á ári og samtals nema samfélagsstyrkir 20 milljónum króna á árinu.

Eftirtaldir styrkir verða veittir:
» 5 styrkir að upphæð 1.000.000 kr. hver.
» 5 styrkir að upphæð 500.000 kr. hver.
» 10 styrkir að upphæð 250.000 kr. hver.

Verkefni sem einkum koma til greina:
» verkefni mannúðarsamtaka og góðgerðarfélaga
» verkefni á sviði menningar og lista
» menntamál, rannsóknir og vísindi
» forvarna- og æskulýðsstarf
» sértæk útgáfustarfsemi

Umsóknarfrestur til 22. október
Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja er til og með 22. október 2012. Dómnefnd er skipuð fagfólki á hverju sviði. Sótt er um styrkina rafrænt, á landsbankinn.is.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru veittar fimm tegundir styrkja: Afreksstyrkir, námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LEMACKS • JÍ.IS • SÍA

DANSKA LÖGREGLAN Leitað var á heimili foreldra drengsins vegna gruns um annað lögbrot. NORDICPHOTOS/AFP

Földu barnið í bílskúrnum

Fjögurra ára drengur fannst illa haldinn í bílskúr foreldra sinna. Alla ævi hafði hann varla komist út undir bert loft og kunni ekki einu sinni að leika sér.

DANMÖRK Foreldrar fjögurra ára gamals drengs eiga yfir höfði sér allt að tveggja ára fangelsi fyrir vanrækslu. Þau höfðu falið barnið fyrir umheiminum frá fæðingu, að mestu án þess að fara með það út fyrir hússins dyr og án samskipta við annað fólk, með þeim afleiðingum að drengurinn er fölur og vöðvarýr, kann ekki að leika sér og varla að tala almennilega.

Lögreglan fann drenginn í bílskúr fjölskyldunnar í Helsingjaeyri í ágúst og færði hann strax í umsjón annarra. Ekki er raunar fullvíst að drengurinn sé fjögurra ára, því hvergi eru til nein skjöl um fæðingu hans. Aldurinn hafa sérfræðingar metið meðal annars út frá sverleika beina hans.

Sex eldri börn foreldranna, þrír drengir og þrjár stúlkur, voru tekin frá þeim vegna vanrækslu fyrir tæpum áratug. Foreldrarnir hafa árum saman barist gegn þeirri ákvörðun og hafa komið oft fram í dönskum fjölmiðlum til að gagnrýna barnaverndaryfirvöld. Heimildarmynd var gerð um mál þeirra árið 2003.

„Barninu hefur verið haldið innandyra allt sitt líf," er haft eftir Bjarne Pedersen, bæjarritara á Helsingjaeyri, á fréttasíðum danska ríkisútvarpsins. „Það virðist hafa verið lítill, lokaður garður sem hann fékk leyfi til að fara út í, en foreldrarnir vildu ekki tala við okkur svo við fengum ekki að vita meira."

> Reynið að ímynda ykkur barn sem hefur ekki lært að leika sér – það hefur líka eitthvað með tal barnsins að gera.
>
> **BJARNE PEDERSEN**
> BÆJARRITARI Á HELSINGJAEYRI

Samkvæmt lögreglunni virðist barnið ekki hafa orðið fyrir líkamlegu tjóni, en Pedersen segir augljóst að hann þurfi á mikilli aðstoð að halda: „Ég er kominn út að mörkum þess sem ég má segja, en reynið að ímynda ykkur barn sem hefur ekki lært að leika sér – það hefur líka eitthvað með tal barnsins að gera."

Ástæða þess að drengurinn fannst nú var að lögregla gerði húsleit á heimili fjölskyldunnar vegna annars máls, þar sem þau eru grunuð um lögbrot. Þau eiga einnig yfir höfði sér málaferli vegna þess máls.

Fyrir tveimur árum hafði nágranni hjónanna haft samband við yfirvöld og tilkynnt að hann teldi barn vera á heimilinu. Því máli var ekki fylgt eftir, en svo virðist sem þá hefði verið hægt að koma drengnum til hjálpar.

gudsteinn@frettabladid.is

Flottir vinningar í
Lukkupotti
Smáralindar

Tísku dagar

20.–23. sept.

Um helgina verður mikið um að vera á Tískudögum í Smáralind. Komdu og upplifðu vetrartískuna á glæsilegri tískusýningu í umsjón Fashion Academy Reykjavík. Það verður sýnikennsla í boði á öllu því nýjasta í hári og förðun, og hægt að fá létta förðun og handsnyrtingu. Að auki getur þú fengið stílistaráðgjöf þér að kostnaðarlausu.

Laugardagur 22. september
Opið 11-18

12.00	Tískusýning undirbúin fyrir opnum tjöldum Hár og förðun
13.30	Sýnikennsla í french manicure Fashion Academy Reykjavík
14.00	Sýnikennsla í förðun Make Up Store
15.00	Tískusýning Keppendur í Elite Model Look 2012
15.00-17.00	Nemendur Fashion Academy Reykjavík bjóða viðskiptavinum í létta förðun og handsnyrtingu
15.30-17.30	Stílistaráðgjöf Stílistanemar frá Fashion Academy Reykjavík

Sunnudagur 23. september
Opið 13-18

14.00	Sýnikennsla í förðun Make Up Store
14.30	Sýnikennsla í french manicure Fashion Academy Reykjavík
15.00	Sýnikennsla í hárgreiðslu Modus hárstofa
13.00-17.00	Komdu í makeover Persónulegur stílisti, förðun og myndataka

FASHION ACADEMY
REYKJAVÍK

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM54306

smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18

skoðun

greinar@frettabladid.is

Auðlindin Ísland er sameign allrar þjóðarinnar og allra kynslóða:

Subbuleg sjálftaka

Fálki sem barst Náttúrustofu Vesturlands á dögunum drapst í búri sínu eftir nokkurra daga umönnun. Í ljós kom að skotið hefði verið á fuglinn og að hann hefði drepist af sárum sínum.

Fálkinn er alfriðaður fugl á Íslandi enda er stofninn ekki nema þrjú til fjögur hundruð pör. Engu að síður fann Náttúrufræðistofnun högl í um fjórðungi þeirra fálka sem henni bárust á árunum 2005 til 2009. Tæpast verður séð að fálki sé skaðvaldur hér á landi þannig að draga verður þá ályktun að þeir sem skjóta á fálka séu að slægjast eftir því að geta selt þá til uppstoppunar. Þetta er aðeins eitt dæmi um virðingarleysi sem náttúrunni er iðulega sýnt, þeirri sjálftöku á gæðum náttúrunnar sem iðkuð er í allt of miklum mæli.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Annað dæmi um slíka sjálftöku birtist í efnistöku bæði úr ám og af þurru landi. Allir þekkja þau ljótu ör eftir efnistöku sem víðs vegar blasa við. Í verstu tilvikum er gengið svo langt að sækja efni á staði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum samanber gervigíginn í Aðaldal sem að stórum hluta hefur verið numinn á brott og greint var frá í fréttum fyrir skömmu. Ekkert leyfi hafði verið gefið út fyrir framkvæmdinni og að mati Umhverfisstofnunar er ógerlegt að endurheimta þær jarðmyndanir sem fyrir voru.

Þá fer fram talsverð efnistaka í vatnsföllum hér á landi, iðulega án lögboðinna leyfa, og vistkerfi þar raskað með tilheyrandi afleiðingum fyrir fiskistofna í ánum, sjálftaka á gæðum án þess að menn láti sig afleiðingarnar varða. Eins og í Hvítá, Ölfusá og Þjórsá þar sem veiðirétthafar hafa stundað netaveiðar síðan 2006 án þess að skila inn nýtingaráætlun um veiðifyrirkomulag sem lögboðin er.

Utanvegaakstur er einnig dæmi um sjálftöku á landsins gæðum. Flestir eru í orði kveðnu andvígir því skemmdarstarfi að aka utan vega, en þegar að ánni eða torfærunni er komið og eina leiðin áfram er utan vegar eða slóða eru of fáir sem taka ákvörðunina um að snúa við fremur en að eyðileggja landið.

Þá er ótalin umgengni um úrgang sem enn þann dag í dag þykir sums staðar ekki tiltökumál að skilja við sig á víðavangi; heilu búslóðirnar í Hafnarfjarðarhrauni svo dæmi sé tekið.

Þrátt fyrir að smám saman sé verið að búa náttúru landsins löggjöf sem á að koma í veg fyrir að einstaklingar geti í skjóli eignarréttar og/eða hefðar, eða jafnvel með frekjuna eina að vopni, unnið óafturkræf spjöll á náttúrunni virðist frumskógarlögmál of oft gilda í umgengni manns og náttúru á Íslandi.

Það er langt í land að hér ríki virðing fyrir náttúrunni og landsins gæðum, að litið sé á landið og auðlindirnar sem sameign þjóðarinnar og sameign kynslóðanna, líka þeirra sem ókomnar eru, og farið með þær sem slíkar.

Undanfarnar kynslóðir hafa gengið gróflega á gæði náttúrunnar, það á líka við hér á landi. Sú kynslóð sem nú er á dögum verður að taka þá ábyrgð að snúa þessari þróun við. Jörðinni verður að skila áfram að lágmarki jafngóðri.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Rök en ekki svör

Skýrsla Seðlabankans um kosti Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum birtir býsna skýra hagfræðilega mynd af hindrunum og sóknarfærum ólíkra leiða í þeim efnum. Skýrslan er þannig vandað hjálpartæki fyrir málefnalega umræðu og við ákvarðanir á þessu sviði.

Aftur á móti veitir hún stjórnmálamönnum enga hjálp í því að meta þau pólitísku gildi sem dregin eru fram í dagsljósið. Hún tekur það verkefni ekki úr höndum kjörinna fulltrúa. Stjórnmálamenn geta sótt í hana rök en ekki svör. Spurningin er hvernig pólitíkin tekst á við það verkefni.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Með hæfilegri einföldun má segja að pólitíska ástandið sé svona: Samfylkingin segist vilja evru en er um leið með margvíslegum efnahagslegum ákvörðunum að færa Ísland út af þeirri braut sem gerir það mögulegt. Sjálfstæðisflokkurinn hafnar evrunni en segist vilja þá efnahagslegu stefnubreytingu sem gæti gert upptöku hennar færa. Forystumenn beggja flokka útiloka samstarf. Dýpri getur stjórnmálakreppa einnar þjóðar varla orðið.

Stjórnmál eru í eðli sínu jafnvægislist valdatafls og málefnabaráttu. Sú pólitíska kreppa sem við blasir skýrist meðal annars af því að forystumenn tveggja stærstu flokkanna hafa lagt miklu þyngri lóð á vogarskálar valdataflsins en málefnabaráttunnar. Fyrir vikið skortir samkvæmni og trúverðugleika í málflutninginn.

Efnahagskreppan leysist ekki ef enginn vill leysa stjórnmálakreppuna. Þar veltur mest á þingmönnum þessara tveggja flokka. Þeir þurfa því að sýna þjóðinni nýja hugsun.

Tímasetning ákvarðana skiptir miklu

Á þessu stigi máls er fátt mikilvægara en rétt tímasetning ákvarðana. Rökrétt er að draga þá ályktun af skýrslu Seðlabankans að einmitt núna sé ekki réttur tími til að taka endanlega ákvörðun um evruna. Formaður Sjálfstæðisflokksins kaus hins vegar að velja nákvæmlega þennan tímapunkt til þess að slá evruna út af borðinu með kröfu um tafarlaus slit á aðildarviðræðunum.

Það eðlilega er að hægja á aðildarviðræðunum með það að markmiði að ljúka þeim á miðju næsta kjörtímabili. Þá verður framtíðarskipan myntsamstarfsins orðin skýrari. Hitt væri glapræði að hafa áður en þar að kemur ýtt þeim kosti út af borðinu, nema þá sem fjarlægu skoðunarefni. Það heitir að loka leiðum, tapa tíma og fórna tækifærum.

Einhver hrapallegustu utanríkispólitísku mistök þjóðarinnar fram til þessa voru kolrangt stöðumat í viðræðum við Bandaríkjamenn um framhald varnarviðbúnaðar hér, sem endaði með því að þeir fóru með öllu. Verði stöðumat formanns Sjálfstæðisflokksins í peningamálum ofan á nú munu þau mistök taka hinum fram.

Þegar kemur að þessu breiða sviði utanríkistefnu og efnahagsmála, sem ekki er unnt að greina í sundur, eru gerðar meiri kröfur til leiðtoga Sjálfstæðisflokksins en VG um yfirvegað mat og framtíðarsýn.

Val

Skoðun á liðnum atburðum kristallar þessa klípu. Á síðasta áratug var gengi krónunnar svo fjallhátt að hún var einhver sterkasta mynt í heimi. Það setti útflutningsgreinarnar í spennitreyju. Þegar alþjóðlega fjármálakreppan skall á hrundi krónan meðan aðrar myntir veiktust. Ekkert af þessu var pólitískur ásetningur. En Ísland var með mismunandi hætti verr sett en samkeppnislöndin bæði fyrir og eftir hrun og býr nú fyrirsjáanlega eitt við varanlegar takmarkanir á viðskiptafrelsi. Hvers vegna?

Skrifast það á reikning þeirra sem stóðu í brúnni eða á myntina og peningakerfið? Meðan þessari spurningu er ekki svarað er erfitt að kynna trúverðuga stefnu. Auðvitað er ekki til einhlítt svar. Formaður VG segir þó að sökin hafi öll legið í brúnni. En þegar til þess er litið hverjir fóru fyrir ríkisstjórn og Seðlabanka er allt eins sennilegt að meiri veikleikar hafi legið í kerfinu en hjá þeim. Vekur það ekki spurningar um kerfið og krónuna hjá leiðtogum Sjálfstæðisflokksins? Eða kaupa þeir hrátt mat formanns VG?

Af skýrslunni má ráða að einfaldar lausnir finnast ekki, því síður töfralausnir. Allar leiðirnar hafa bæði kosti og galla. Haldi evran gildi sínu og stöðu að tveimur árum liðnum má ætla að pólitíska matið snúist um tvennt:

Annars vegar krónu með fullri sjálfstjórn í ríkisfjármálum og peningamálum en takmarkaðra viðskiptafrelsi og þar af leiðandi minni líkum á lífskjörum sem eru sambærileg við grannríkin. Hins vegar evru með takmörkunum á sjálfstjórn í ríkisfjármálum og peningamálum en meira viðskiptafrelsi og betri líkum á bættum efnahag.

Þetta er erfitt val sem þarf að ræða. En þeir sem lofa hvoru tveggja óskertu eru annað hvort að blekkja eða hafa ekki enn skýrt út hvernig við ættum einir þjóða að vinna slík kraftaverk.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Opel Astra 1.7 dísil
6 gíra beinskiptur
3,7 l á 100 km í blönduðum akstri
99 CO_2/100 km
Verð frá 4.190.000 kr.

OPNUNARSÝNING Í ÁRMÚLA 17 ALLA HELGINA

OPEL – NÝIR ÞÝSKIR BÍLAR.

Opel Ampera rafmagn
1,2 l á 100 km í blönduðum akstri
27 CO_2/100 km
Verð frá 8.190.000 kr.

Opel Zafira Tourer 2.0 dísil
6 gíra beinskiptur
4,5 l á 100 km í blönduðum akstri
119 CO_2/100 km
Verð frá 4.990.000 kr.

OPEL
BÝÐUR VISTVÆNA BÍLA Í ÖLLUM FLOKKUM

Opel Insignia 2.0 dísil
6 gíra beinskiptur
4,4 l á 100 km í blönduðum akstri
114 CO_2/100 km
Verð frá 4.850.000 kr.

Opel Corsa 1.3 dísil
5 gíra beinskiptur
3,5 l á 100 km í blönduðum akstri
95 CO_2/100 km
Verð frá 3.190.000 kr.

OPEL BÝÐUR ALLAR GERÐIR MEÐ SPARNEYTINNI DÍSILVÉL

Verið velkomin í heimsókn á glæsilega opnunarsýningu Opel í Ármúla 17 og skoðið og reynsluakið öllu því nýjasta frá Opel.

Rafbíllinn Opel Ampera, bíll ársins 2012, verður til sýnis og reynsluaksturs.

Boðið verður upp á léttar veitingar á laugardaginn frá klukkan 12-16 og á sunnudeginum frá 13-16.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Wir leben Autos.

ENNEMM / SÍA / NM64346

BL Opel / BL ehf.

Opel | Ármúli 17 | 108 Reykjavík | 525 8000

Að ganga ekki frá hálfkláruðu verki

Fjármál

Heiðar Már Guðjónsson
hagfræðingur

Stjórnmálaumræða á Íslandi tekur nú að mestu mið af kosningunum sem eru fram undan. Þá er enn nauðsynlegra en fyrr að stjórnmálamenn raði verkefnum ekki einungis eftir því hvernig þau falla að stefnuskrá þeirra, heldur líka eftir því hversu brýn þau eru. Eitt brýnasta verkefni stjórnmálamanna í dag er að tryggja að hér verði stöðugt fjármálakerfi, bæði til að hægt verði að losa höftin en ekki síður til að bregðast við breyttu eignarhaldi á bönkunum. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli fyrir framtíðina, því það eru veigamiklar breytingar í farvatninu.

Gjaldeyrishöftin og AGS

Gjaldeyrishöftunum á Íslandi var komið á fyrir tilstuðlan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Höftin hafa ekki einungis staðið í vegi fyrir fjárfestingum á Íslandi, heldur einnig hindrað kröfuhafa föllnu bankanna í að koma eignum sínum í alþjóðlegt verð. Margir kröfuhafar munu vilja koma peningum sínum úr landi, enda er það ekki markmið fjárfestinga þeirra að reka bankastofnanir.

Það er ekki trúverðugt hjá AGS að halda erindi, skrifa skýrslur og hrósa sjálfum sér fyrir vel unnið verk fyrr en búið er að leysa úr þeirri haftapólitík sem var innleidd af hálfu sjóðsins á Íslandi. AGS vildi að höftin yrðu tímabundin, en stöðugt er verið að festa þau í sessi, og þarf að finna lausn á þeim vanda. Þeirra verki lýkur ekki fyrr en lausn finnst.

Neyðarlögin og nýju bankarnir

Neyðarlögin voru ákvörðun íslenskra stjórnvalda og á næstu vikum, eða mánuðum, munu nauðasamningar Glitnis og Kaupþings klárast. Það þýðir að stjórn gömlu bankanna færist úr höndum slitastjórna og í hendur kröfuhafa. Með því fá kröfuhafar loks yfirráðarétt yfir eignum sínum, en á meðal eignanna eru Íslandsbanki og Arion banki, sem hafa mikla þýðingu fyrir íslenskt atvinnulíf.

Kröfuhafar gömlu bankanna eru ekki lengri tíma fjárfestar, heldur er stærsti hluti þeirra vogunarsjóðir og skuldabréfasjóðir sem sérhæfa sig í kröfum á gjaldþrota fyrirtæki. Þeir ætla sér ekki að stunda bankastarfsemi á Íslandi um ókomna tíð, heldur vilja fyrst og fremst fá fjármuni sína sem hraðast aftur til baka enda bíða þeirra næg fjárfestingaverkefni í gjaldþrota fyrirtækjum um allan heim um þessar mundir. Neyðarlögin hafa haldið kröfuhöfum frá stjórn eigna sinna og hefur stjórn bankanna í raun verið í höndum stjórnenda þeirra sem hafa langtímahagsmuni sína og starfsmanna sinna að leiðarljósi, en ekki endilega markmið eigenda um útgreiðslur.

Hugmyndir Íslendinga um útgreiðslur

Þær hugmyndir sem aðilar vinnumarkaðar, SFF og SA, kynntu á lokuðum fundum til að losa um gjaldeyrishöftin gengu út á það að kreista kröfuhafa, láta þá yfirgefa eignir sínar á Íslandi með miklum afslætti. Það er augljóst hversu lítt móttækilegir kröfuhafar eru fyrir slíkum hugmyndum. Þau skilaboð sem Seðlabanki Íslands kom með um skiptigengi krónu við evru, 135-155, í skýrslu sinni á mánudag ýtir hins vegar enn frekar undir væntingar kröfuhafa um að þeir þurfi ekki að sæta slíkum afarkostum.

Samkvæmt íslenskum lögum væri hægt að binda útgreiðslur úr þrotabúum við íslenskar krónur og festa þannig erlenda kröfuhafa enn lengur á landinu. En það er þó aðeins hægt að gera áður en nauðasamningar eru undirritaðir, ekki eftir á.

> Það er ekki forsvaranlegt að leyfa ákveðnum aðilum að fara út með miklar fjárhæðir fyrr en búið er að finna lausn á neyðarlögunum og gjaldeyrishöftunum. Allir eiga að sitja við sama borð í þeim efnum.

Hugmyndir erlendra fjárfesta um útgreiðslur

Við yfirfærslu stjórnar á gömlu bönkunum til kröfuhafa er þeim ekkert lengur að vanbúnaði en að loka starfsemi þrotabúanna á Íslandi og færa þau úr landi. Kröfuhafarnir eru alþjóðlegir aðilar og geta fært rök fyrir því að þeir geti sjálfir séð um rekstrinn, með hagkvæmari hætti, og í öflugra rekstrarumhverfi, en einnig að samrekstur á t.d. Kaupþingi og Glitni geti sparað vinnu og tíma. Slík færsla myndi færa þrotabúin út fyrir íslenska lögsögu. Þar með yrði íslensk löggjöf, sem hefur hingað til stýrt því að litlar sem engar greiðslur hafa átt sér stað, áhrifalaus.

Nýju bankarnir yrðu þó enn á Íslandi, en nú nánast að fullu undir stjórn erlendra aðila. Til að fá fjármagn úr nýju bönkunum gætu kröfuhafar óskað eftir arðgreiðslu, enda eru hlutföll eiginfjár þeirra vel yfir lögboðnum mörkum. En ef stjórnvöld á Íslandi legðust gegn slíku þá eru aðrar leiðir mögulegar. Erlendir kröfuhafar geta einfaldlega boðið nýju bönkunum upp á fjármögnun á lánasöfnum, svokölluð sértryggð skuldabréf. Slík lánasöfn eru aldrei fjármögnuð upp í topp. Ef við tökum einfalt dæmi, þá gætu eigendur bankanna boðist til að fjármagna tryggustu lánin, sem nú eru á efnahagsreikningi bankanna, ónotuð ef svo má segja, upp að 70%. Ef svo óheppilega vildi til að bankinn færi í þrot þá myndi kröfuhafinn alltaf fá sína fjármuni til baka, enda þyrfti hann bara að innheimta 70% af undirliggjandi veði til að tryggja það, en fengi að öðru jöfnu 100% eða meira en hann lánaði fyrir. Staða innlánseiganda í bankanum yrði þó miklum mun verri enda eru bankarnir í dag fjármagnaðir um 80% af innlánum, og þær eignir bankans sem færðar eru lánveitandanum að veði minnka líkurnar á að heildareignir dugi fyrir heildarskuldum. Þá félli reikningurinn á íslenskan almenning, miðað við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um innstæðutryggingar.

Lokaorð

Það er nauðsynlegt að lengri tíma sjónarmið komist að á Íslandi. Það þarf að tryggja að kerfið standist álag og skapi verðmæti. Deilur á milli aðila vinna á móti báðum markmiðum.

Hættan er sú að ef kröfuhafar undirrita nauðasamninga án þess að tryggt sé að þeir geti ekki komið eignum sínum út á undan öllum landsmönnum, þá skapist hér lögfræðilegt stríðsástand. Kröfuhafar munu stefna ef reynt verður að hefta útgreiðslur frá Íslandi eftir nauðasamninga og einnig mun innheimta lána á Íslandi leiða af sér erjur lántaka og lánardrottna. Ísland má síst af öllu við slíku þegar uppbyggingartími þarf að fara í hönd.

Stjórnvöld bera ábyrgð á því ástandi sem verður á næstunni. Gjaldeyrishöftin og neyðarlögin eru staðreynd, hvernig unnið er úr núverandi verkefnum skiptir miklu fyrir komandi ár. Það er ekki forsvaranlegt að leyfa ákveðnum aðilum að fara út með miklar fjárhæðir fyrr en búið er að finna lausn á neyðarlögunum og gjaldeyrishöftunum. Allir eiga að sitja við sama borð í þeim efnum.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

AF NETINU

Vilja ójafnrétti til náms

Gegnum tíðina hafa flestir getað greitt námslán sín til baka á skemmri eða lengri tíma þannig það reyndi ekki á ábyrgðir aldraðra foreldra. En það efnahagshrun sem Ísland gekk í gegnum árið 2008 var ekki eðlilegt ástand. Það var í raun „force major“ ástand. Efnahagshrunið varð til þess að ákveðinn hluti þeirra sem áður gátu staðið í skilum með námslánin sín gat það ekki lengur.

Í eðlilegu samfélagi hefði verið tekið tillit til þess og ekki gengið að ábyrgðarmönnum námslána.

Þeir sem vilja sýna fulla hörku eru talsmenn ójafnréttis til náms. Þeir telja greinilega að börn hinna ríku eigi að hafa enn meira forskot til framhaldsmenntunar en börn hinna sem lægri tekjurnar hafa. Það viðhorf er hreinlega siðferðislega rangt.

http://blog.pressan.is

Hallur Magnússon

Klikkun við Hringbraut

Fyrirhugaður risaspítali við Hringbraut er hefðbundið samsæri nefndakónga og verkfræðinga um að koma sér upp veltu. Því er kostnaðaráætlun of lág og fer 45% fram úr áætlun samkvæmt fyrri reynslu. Svo þarf að gera ráð fyrir, að þeir sem lána fé vilji vexti á vexti ofan. Og að lífeyrissjóðirnir vilji fá arð á arð ofan.

Fyrsti áfangi spítalans fer upp í 100 milljarða króna og annar áfangi upp fyrir 40 milljarða í viðbót. Og þetta er spítali, sem hefur hvorki ráð á að endurnýja tæki né borga starfsfólki samkeppnishæf laun.

http://jonas.is/

Jónas Kristjánsson

MAGNAÐAR RITDEILUR

visir - oft á dag

Ný sparnaðarleið

Sparnaður: Vaxtaþrep 30 dagar

Vaxtaþrep 30 dagar er nýr bundinn óverðtryggður innlánsreikningur og hækka vextirnir í þrepum eftir fjárhæð innistæðunnar.

Ný ávöxtunarleið með stighækkandi vöxtum

Úttektir af reikningnum þarf að tilkynna með 30 daga fyrirvara en á móti eru vextirnir hærri en á almennum óbundnum innlánsreikningum og eru þeir greiddir út mánaðarlega inn á ráðstöfunarreikning að eigin vali. Vaxtaþrep 30 dagar hentar því þeim sem vilja örugga og háa ávöxtun en jafnframt að innistæðan sé laus með skömmum fyrirvara.



Ársvextir skv. vaxtatöflu 22.09.12: Vextir eru stighækkandi eftir innstæðu.

Þú getur stofnað Vaxtaþrep 30 dagar í Netbankanum eða í næsta útibúi Íslandsbanka. Nánari upplýsingar á islandsbanki.is

vib | Íslandsbanki

ÚTSALA

20-70% AFSLÁTTUR

ÞÚ SPARAR 8.000!

VERÐ ÁÐUR 24.995
NÚ 16.995 kr.

Hjólsög Worx
WU434, 1500W, 190mm.
5244838

ÞÚ SPARAR 3.000!

VERÐ ÁÐUR 12.995
NÚ 9.995 kr.

Juðari Worx
WU645, 250W, 115mm.
5244858

ÞÚ SPARAR 5.000!

VERÐ ÁÐUR 14.995
NÚ 9.995 kr.

Slípirokkur Worx
WU710, 710W, 125mm.
5244872

WORX RAFMAGNS VERKFÆRI 20-30% AFSLÁTTUR!

Frigor

ÞÚ SPARAR 20.000!

5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

VERÐ ÁÐUR 73.900
NÚ 59.900 kr.

Frystikista
G215, 203 ltr, A+.
1805482

GLÓPERUR
10 STK 40W
VERÐ ÁÐUR 890
NÚ 690 kr.

VALIN SMÁRAFTÆKI 20-35% AFSLÁTTUR!

Russell Hobbs
Smart in the kitchen...

VERÐ ÁÐUR 7.200
NÚ 5.760 kr.

Handþeytari Desire
Russell Hobbs 300W, 5 hraða.
1840063

RYKSUGUR 20% AFSLÁTTUR!

VERÐ ÁÐUR 6.995
NÚ 5.590 kr.

Ryksuga
Melissa 1400W.
1840969

5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

ÞÚ SPARAR 25.000!

VERÐ ÁÐUR 89.900
NÚ 64.900 kr.

Kælir/frystir
FHC177 hvítur
H-177/ B -55 cm
1835977

VERÐ ÁÐUR 4.999
NÚ 3.999 kr.

Ostahnífar
sett.
2001014

VERÐ ÁÐUR 4.990
NÚ 3.900 kr.

Steikarhnífar
Litaðir steikarhnífar.
2000998

BÚSÁHÖLD 20-50% AFSLÁTTUR!

VERÐ ÁÐUR 2.990
NÚ 1.495 kr.

Hitakanna
M/pumpu.
2001496

KAFFI GARÐUR,
SKÚTUV. ALLAR HELGAR!
Hádegismatur laug. kl 11:30 -13 990 kr.
Vöfflur og kaffi á 450 (alla helgina)
Barnaís á 99 krónur allar helgar!

ÁRSINS

ENN MEIRA ÚRVAL

TAX FREE

AF HAUSTLAUKUM Í BLÓMAVALI

GRÍÐARLEGT ÚRVAL AF HAUSTLAUKUM

STÆRRI LAUKAR BETRI BLÓM

SÝNIKENNSLA UM HELGINA!

Haustlaukaráðgjöf og sýnikennsla

Garðyrkjufræðingar Blómavals sýna réttu handtökin við haustlaukana í Skútuvogi milli kl 13-16, laugardag og sunnudag. Komdu og fáðu ráðleggingar og lærðu réttu handtökin. Eitt mesta úrval landsins af haustlaukum!

ORKIDEA
ný sending
1.990

HAUST-VÖNDURINN
2.990

POTTA-PLÖNTUÚTSALA
20-50% AFSLÁTTUR
MIKIÐ ÚRVAL AF FERSKUM OG FLOTTUM POTTAPLÖNTUM Á ÓTRÚLEGU VERÐI

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Skynsamlegt að sameina Garðabæ og Álftanes

Sveitarstjórnarmál

Gunnar Einarsson
bæjarstjóri Garðabæjar

Bæjarstjórnir Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness hafa báðar komist að þeirri niðurstöðu að það sé skynsamlegur kostur að sameina þessi tvö sveitarfélög. Þess vegna ákváðu þær í júní sl. að mæla með því að kosið verði um sameiningu þeirra. Sú kosning fer fram 20. október næstkomandi í báðum sveitarfélögunum. Bæjarstjórnirnar voru sammála um að sameining sveitarfélaganna væri hagkvæmur kostur hvort sem horft væri til menningarlegra, skipulagslegra eða rekstrarlegra þátta.

Ég mæli með sameiningu

Stöðu minnar vegna hef ég að sjálfsögðu þurft að kynna mér málið mjög vel, fara yfir allar rekstrarforsendur og reyna að sjá allar hliðar málsins. Mín niðurstaða er sú að það sé mjög skynsamlegt að þessi tvö sveitarfélög sameinist. Sameinað sveitarfélag verður stærra og öflugra og stendur betur að vígi í frekari umræðu um sameiningu á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur meira bolmagn til framkvæmda og möguleikar á rekstrarlegri hagkvæmni eru meiri. Auðveldara er að skipuleggja byggð þessara sveitarfélaga sem eina heild heldur en ef t.d. Reykjavík færi með skipulagsvaldið á Álftanesi, sem er líklegt að gerist verði málið fellt. Stundum heyrist sú umræða að skynsamlegt væri að fara með flugvöllinn úr Vatnsmýrinni út á Löngusker rétt utan við strönd Álftaness. Hvað myndi það þýða fyrir Garðabæ og Álftanes?

Staðreyndir um skuldir og rekstur á Álftanesi

Skuldir og skuldbindingar Álftaness voru 7,2 milljarðar í árslok 2009. Þessari tölu var margoft slegið upp í öllum fréttamiðlum á þeim tíma þegar mest var rætt um þær ógöngur sem sveitarfélagið var komið í. Í hugum margra er þetta enn sú tala sem stuðst er við þegar rætt er um skuldastöðu sveitarfélagsins. Staðreyndin er sú að þessi tala verður komin niður í 3,2 milljarða í árslok 2012 verði sveitarfélögin sameinuð. Bókfærðar eignir Álftaness í árslok 2012 eru áætlaðar 3,4 milljarðar og því er eigið fé jákvætt sem því nemur. Einnig hefur mikil tiltekt verið gerð í rekstri sveitarfélagsins. Reksturinn hefur verið í góðu jafnvægi á árinu og er áætlað að tekjur umfram rekstrargjöld án fjármagnsliða verði 277 milljónir á árinu 2012, en fjármagngjöld vegna 3,2 milljarða skuldar eru áætlaðar 107 milljónir. Ég fullyrði að skuldastaða Álftnesinga, þ.e. 3,2 milljarðar, mun engin áhrif hafa á núverandi álögur eða þjónustustig fyrir íbúa í Garðabæ verði af sameiningu.

> Sameinað sveitarfélag verður stærra og öflugra og stendur betur að vígi…

Framtíðarsýn

Það er nauðsynlegt að horfa fram í tímann þegar fjallað er um jafn stórt mál og sameiningu sveitarfélaga. Ég er þess fullviss að til lengri tíma litið sé sameining þessara sveitarfélaga afar hagkvæmur og skynsamlegur kostur. Með okkar góðu grönnum eigum við að byggja upp enn sterkara samfélag, þar sem traustur fjárhagur, lágar álögur, frjálst val íbúanna um margvíslega og fjölbreytta þjónustu, góða skóla og öflugt íþrótta- og tómstundastarf er haft að leiðarljósi. Að auki eigum við í sameinuðu sveitarfélagi að leggja áherslu á verndun okkar fjölbreyttu og verðmætu útivistarsvæða sem eiga varla sinn líka á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýst ákvörðun

Kynningarátak um sameininguna hófst formlega með opnun vefsíðunnar www.okkarval.is. Þar er að finna margvíslegan fróðleik og þar er m.a. aðgengileg ítarleg greinargerð um sameininguna, auk þess sem hægt er að senda inn fyrirspurnir og hugleiðingar. Helsta markmið átaksins er að hvetja fólk til að kynna sér málið vel og taka upplýsta afstöðu. Ég hvet íbúa og aðra þá sem hafa áhuga á sveitarstjórnarmálum til að kynna sér vefinn og efni hans. Á næstu dögum og vikum verða kynningar í félögum í sveitarfélögunum, haldnir verða borgarafundir og að auki verður bæklingi dreift í öll hús.

MIÐBORGIN OKKAR

ERT ÞÚ GLEÐIGJAFI?

Við leitum ljósgjafa, skapandi fólks sem vill taka þátt í að hlýja upp miðborgina á aðventunni og mynda hina sönnu hátíðarstemmingu.

Þar sem hjartað slær
www.midborgin.is

Höfuðborgarstofa og Miðborgin okkar standa að Jólaborginni Reykjavík. Atburðir verða á fjölmörgum reitum frá Hlemmi, niður eftir Laugavegi, Skólavörðustíg og allt vestur að Gömlu höfninni.

Við leitum að kórum, harmonikkuleikurum, ALVÖRUjólasveinum, lúðrasveitum og öðrum þeim sem geta glatt gesti og gangandi í jólaösinni.

Hvað gerir þú skemmtilegt?

Sendu línu á heidrun.hakonardottir@reykjavik.is ef þú vilt vera með.

MIÐBORGIN OKKAR

Glerperlur, eldvatn og logandi bál?

Evrópumál

Árni Páll Árnason
alþingismaður

Í fyrri greinum hef ég lýst skuldakreppunni sem hrjáir Evrópu og komist að þeirri niðurstöðu að ólíklegt sé að EES-samningurinn geti verið fullnægjandi umgjörð um aðild okkar að innri markaðnum í framtíðinni. En myndi aðild að ESB og upptaka evru veita okkur betri möguleika? Hvað má læra af þeim vanda sem mörg evruríkin glíma nú við?

Samspil frjálsra fjármagnshreyfinga og sjálfstæðs, veikburða gjaldmiðils var einn stærsti sveifluvaldur hér á landi í aðdraganda hruns og olli á endanum hruni gjaldeyrismarkaðar og upptöku gjaldeyrishafta. Allir viðurkenna kostnaðinn við sjálfstæðan gjaldmiðil fyrir svo lítið ríki, þótt sumir telji að það svigrúm sem er til að fella gengi vegi upp á móti þeim kostnaði að hluta eða öllu leyti. Hlutskipti Íra og Grikkja er vissulega annað en okkar. Þeir hafa ekki getað lækkað laun með gengisfellingu og atvinnuleysi hefur líklega orðið meira en það hefði orðið ef þessi ríki hefðu átt þess kost að fella gengi. En á móti vegur að skuldir almennings og fyrirtækja í þessum löndum hafa ekki hækkað vegna gengisfalls og verðbólgu. Kaupmáttur hefur ekki dregist eins mikið saman og hjá almenningi hér á landi, því neysluvara í þessum löndum er í ríkum mæli framleidd á evrusvæðinu þótt innflutt sé. Og bæði ríkin hafa getað tekist á við vandamál sín án þess að setja á gjaldeyrishöft. Þrátt fyrir mikinn vanda Grikkja heldur almenningur í Grikklandi dauðahaldi í evruna. Enginn virðist vilja hið íslenska ástand: Stórfellda gengisfellingu, upptöku sjálfstæðs gjaldmiðils og gjaldeyrishöft.

Skuldakreppan nú reynir mjög á evrusamstarfið. Skammtímalán til meðalstórra fyrirtækja á Ítalíu og Spáni bera nú allt að 4% hærri vexti en lán til sambærilegra fyrirtækja í Þýskalandi. Ef þetta ástand varir lengi er grunnur hins sameiginlega markaðar í hættu. Nýleg ákvörðun um skuldabréfakaup evrópska seðlabankans er tilraun til að taka á þessum vanda. Öllum er nú orðið ljóst að um raunverulega skuldakreppu er að ræða, en ekki kreppu sem stafar fyrst og fremst af ábyrgðarleysi í ríkisrekstri. Lausn á vanda evrusvæðisins þarf því að minnsta kosti að fela í sér hvort tveggja sameiginlegt regluverk um fjármálakerfið og aukinn aga í ríkisútgjöldum aðildarríkjanna.

Nýtt regluverk um fjármálakerfið (sem kalla má bankasamband á íslensku) fæli í sér samevrópskt bankaeftirlit, sameiginlegan lánveitanda til þrautavara og sameiginlegt innstæðutryggingakerfi sem jafnar aðstöðumun innan svæðisins. Tillaga að slíku bankasambandi hefur nú verið lögð fram. Ef slíkt kerfi hefði verið hluti af EES fyrir fjármálakreppu hefði það skipt sköpum fyrir okkur, Íra og Spánverja. Aðild að slíku kerfi er líka forsenda þess að hægt sé að sjá fyrir sér að íslenskt fjármálakerfi geti aftur nýtt sér frjálsar fjármagnshreyfingar á sameiginlegum evrópskum markaði og lágmarkað áhættu íslensks almennings af alþjóðlegri starfsemi íslenskra banka og af innstæðutryggingum vegna skuldbindinga þeirra erlendis. Það vinnur líka gegn því misvægi sem birtist nú í ólíkum fjármögnunarkjörum banka eftir því hver bakhjarlinn er og misjafnri tiltrú á innstæðutryggingar. Árangurinn mun þó verða í réttu samhengi við það hversu miklum fjármunum ríki evrusamstarfsins eru tilbúin að heita til þessa verkefnis.

Þær tillögur sem nú hafa verið kynntar gera ekki ráð fyrir að aðildarríki ESB utan evrusamstarfsins verði sjálfkrafa þátttakendur í bankasambandinu. Ef þau kjósa slíka þátttöku, verða þau að skuldbinda sig til að innleiða án tafar allar ákvarðanir sem Evrópski seðlabankinn tekur og varða starfsemi einstakra fjármálastofnana á hinum evrópska markaði. Vandséð er að EFTA-ríkin geti tekið þátt í þessari nýju umgjörð, jafnvel þótt það byðist, og það væri útilokað fyrir Ísland að óbreyttri stjórnarskrá.

Umgjörð um aukinn aga í ríkisrekstri aðildarríkjanna hefur þegar verið útfærð að miklu leyti. Hún myndi torvelda stjórnlausan hallarekstur og gera ríkjum erfiðara fyrir að fela útgjöld og fegra ríkisreikninginn. Slík umgjörð myndi hjálpa okkur mjög. Það er hollt að muna að efnahagsvandi á Íslandi undanfarna áratugi hefur nær ávallt verið vegna þess að stjórnvöld hafa misst stjórn á eftirspurnarhlið hagkerfisins, en ekki vegna ytri áfalla. Eina undantekningin frá því er kreppan sem fylgdi hruni síldarstofnsins 1968. Við höfum ekki tamið okkur þann hagstjórnaraga sem þurft hefði til að gera okkur kleift að takast á við þensluáhrif stórframkvæmda eða aflaaukningu. Það er því líklega erfitt að finna land sem myndi hafa meiri augljósan hag af því að undirgangast skuldbindingu um bætta hagstjórn og aukinn aga í ríkisrekstri en Ísland.

> Ef þessar úrbætur á evrusvæðinu takast vel bendir allt til að aðild að ESB og upptaka evru sé heppilegur kostur fyrir Ísland.

Ef þessar úrbætur á evrusvæðinu takast vel bendir allt til að aðild að ESB og upptaka evru sé heppilegur kostur fyrir Ísland. Ef Ísland verður hluti af slíku evrusamstarfi getum við tekist betur á við þá áhættu sem felst í frjálsum fjármagnsflutningum, enda ekki lengur hægt að spila á gengi krónunnar í viðskiptum á markaði og við myndum njóta góðs af bankasambandinu. Íslenskir bankar gætu starfað á evrópskum markaði á jafnréttisgrundvelli án óbærilegrar áhættu fyrir íslenskan almenning. Það myndi bæta samkeppnisstöðu hagkerfisins og auðvelda aðgang okkar að fjármagni á bestu kjörum. Reynslan af skuldakreppunni sýnir þó að kálið er ekki sopið þó í ausuna sé komið og að útflæðisvandi getur birst á skuldabréfamarkaði þótt engum gjaldeyrismarkaði sé til að dreifa. Mikilvægt er að meta þá áhættu rétt og hvernig hægt er að bregðast við henni með skynsamlegri hagstjórnarstefnu.

Ég hef áður rakið að EES-samningurinn er í öngstræti og mun ekki að óbreyttu gera okkur kleift að afnema höft og láta íslenskt fjármálakerfi búa við hliðstæðan rekstraraga og fjármálakerfi í öðrum ríkjum á innri markaðnum. Sú staðreynd ein gerir það óhjákvæmilegt að við höldum áfram umsóknarferlinu og tökum samhliða þátt í því úrbótaferli á evrusamstarfinu sem fram undan er. Okkur liggur ekkert á. Við þurfum á óvissutímum að halda öllum dyrum opnum.

ferð.is

Ný ferðaskrifstofa á netinu

Lækkað verð á flugsætum í haust!

ÍSLENSKA SÍA.IS FER 61203 09/12

Kanarí
Flugsæti
30. okt. - 22. nóv.
Verð frá **69.900** kr.
Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

Tenerife
Flugsæti
27. sept. - 4. okt.
Verð frá **64.900** kr.
Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

Portúgal
Flugsæti
19. - 30. október
Verð frá **59.900** kr.
Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

Úrval af gistingu í boði, sjá nánar á Ferð.is

ferð.is er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

fljúgðu fyrir minna

ferð.is
sími 570 4455

ferð.is

Best ef ríkisstjórnin situr áfram

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segist ekki mega hugsa til þess að Sjálfstæðisflokkurinn komist til valda með sína óheftu frjálshyggju eftir næstu kosningar. Hún vill að núverandi ríkisstjórn sitji áfram og hvetur Framsóknarflokkinn til að standa með stjórnarflokkunum. Jóhanna segir *Kolbeini Óttarssyni Proppé* frá því að Evrópumálin verði stórt kosningamál í vor.

Kosningar verða í vor og ljóst er að aðildarviðræður við Evrópusambandið (ESB) verða þá ekki til lykta leiddar. Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, segir ESB verða kosningamál. Samfylkingin sé sannfærð um að hagsmunum Íslendinga sé best borgið innan sambandsins og með evruna sem gjaldmiðil.

„Ég vona að þegar kemur að kosningum munum við hafa góða yfirsýn yfir þau mál sem eru á borðinu í aðildarviðræðunum í erfiðustu köflunum; landbúnaðar- og sjávarútvegsmálunum. Mín sýn á aðildina og upptöku evrunnar er mjög skýr.

Ég geri mér auðvitað fulla grein fyrir því að staðan í Evrópu er mjög erfið núna. Hún snýr aðallega að nokkrum löndum þar sem skuldavandi er mikill og ríkisfjármál hafa verið í ólestri og hefur haft áhrif á öll aðildarríkin. Ég hef hins vegar fulla trú á að sambandið geti unnið sig út úr þessum erfiðleikum og þegar kemur að því að taka afstöðu til aðildar verði staðan allt önnur.“

Jóhanna segir skýrslu Seðlabankans sýna ótvírætt að einhliða upptaka annars gjaldmiðils sé ekki valkostur. Eftir standi upptaka evru eða áframhaldandi króna í einhvers konar höftum.

„Ég tel reyndar að hvort sem við tökum upp evru eða ekki þurfum við að setja ákveðinn ramma utan um krónuna og styrkja hér efnahagsstjórn. Við munum þurfa að búa við krónuna í einhver ár, þó við gerðumst aðilar að ESB, þar sem upptaka evru tekur einhvern tíma.

Skýrslan sýnir ótvírætt að evran er okkur hagstæð. Þjóðartekjur gætu aukist um tugi milljarða, allt að 160 milljarða, og viðskiptakostnaður myndi lækka um 5 til 15 milljarða króna og vextir lækka, sem væri búhnykkur fyrir heimilin og fyrirtækin. Þá mundi kostnaður við gjaldeyrisvaraforðann hverfa og aukinn stöðugleiki fást í efnahagslífið. Ég vona bara að þessi skýrsla, sem og sú sem væntanleg er frá fulltrúum allra flokka, geti leitt okkur inn í málefnalega umræðu um framtíðargjaldmiðil þjóðarinnar.“

FORSÆTISRÁÐHERRANN Jóhanna segir valkostina skýra í næstu kosningum. Sjálfstæðisflokkurinn bjóði upp á óhefta frjálshyggju en Samfylking og Vinstri grænn upp á félagshyggju og jöfnuð. Framsóknarflokkurinn ætti að stilla sér upp við hlið ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ENGIN ÁKVÖRÐUN

Jóhanna hefur sterkar skoðanir á næstu ríkisstjórn, en hyggst hún leiða flokkinn áfram og vera í þeirri stöðu að ráða ferðinni varðandi samstarf Samfylkingarinnar?

„Það fer að koma að því að ég láti félaga mína vita um afstöðu mína í þeim efnum. Það eru prófkjör fram undan og fundir hjá flokknum í næsta mánuði. Það er ljóst að mín afstaða mun liggja fyrir nokkuð fyrir þann tíma.“

Það þýðir þá á næstu dögum eða vikum?

„Já, ég held að óhætt sé að segja það.“

LAUNAHÆKKUN FORSTJÓRANS VAR MISTÖK

Jóhanna segir að ákvörðun Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra um að hækka laun Björns Zoëga, forstjóra Landspítalans, hafi ekki brotið í bága við lög um að enginn embættismaður skuli hafa hærri laun en forsætisráðherra. Um hafi verið að ræða hækkun á læknishluta starfa hans.

„Engu að síður orkaði ákvörðunin tvímælis og var verulega gagnrýnd. Ég held að mestu skipti að fallið hafi verið frá henni með sameiginlegri ákvörðun Björns og Guðbjarts. Guðbjartur hefur viðurkennt að þetta hafi verið mistök og ég tel hann mann að meiru eftir það.“

Ertu sammála því að þetta hafi verið mistök? „Já, ég held að þetta hafi verið mistök enda viðurkenndi Guðbjartur það. En allir geta gert mistök og Guðbjartur nýtur fulls trausts hjá mér eftir sem áður.“

Viðræðuslit ekki valkostur

En er það ekki erfið staða fyrir Samfylkinguna að fara í kosningar með ófullgerða samninga?

„Málið hefur náttúrulega skýrst heilmikið og búið er að opna marga kafla. Ég treysti því líka, sem Stefan Füle hefur sagt, að allt sem máli skipti í þessum efni verði uppi á borðum um áramótin. Það er hins vegar óþægilegt að ekki hafi verið hægt að opna kaflann um sjávarútveginn því fyrir mörgum mun niðurstaðan úr honum ráða úrslitum varðandi afstöðu til aðildar.“

Jóhanna segir þjóðina eiga heimtingu á að greiða atkvæði um fullkláraðan samning og að Samfylkingin leggi gríðarlega áherslu á það.

„Ég held að það sé alveg ljóst að Samfylkingin mun aldrei sætta sig við að starfa með þeim sem krefjast þess að viðræðum verði hætt með einhverjum hætti áður en fyrir liggur samningur sem þjóðin fær að greiða atkvæði um. Ég tel að þjóðin eigi heimtingu á að greiða atkvæði um þá niðurstöðu sem fæst og að það sé vanvirðing við fólkið í landinu að stjórnmálamennirnir taki það vald í sínar hendur.

Við munum aldrei sætta okkur við að það verði niðurstaðan.“

Áframhald samstarfsins

En hvernig finnst Jóhönnu ríkisstjórninni hafa tekist til, vill hún halda samstarfinu við Vinstrihreyfinguna – grænt framboð? „Ég tel að þetta stjórnarsamstarf, sem er fyrsta meirihlutastjórn félagshyggjufólks og jafnaðarmanna, hafi verið mjög árangursríkt og farsælt og þess verði minnst í sögunni fyrir það. Við höfum endurreist efnahagslífið eftir þetta skelfilega hrun, á tiltölulega stuttum tíma, ásamt því að koma í höfn mjög stórum umbótamálum á mörgum sviðum, svo sem hvað varðar mannréttindi og félagslegar umbætur.

Að sjálfsögðu tel ég því að það sé farsælast fyrir þá sem aðhyllast jafnaðarstefnuna, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð að flokkarnir vinni áfram saman eftir kosningar.

Ég vil mjög gjarnan sjá það gerast og mér finnst það óbærileg tilhugsun að Sjálfstæðisflokkurinn komist aftur til valda eftir kosningar, hugsanlega með Framsóknarflokknum. Reyndar trúi ég að það muni ekki gerast.“

> Að sjálfsögðu tel ég því að það sé farsælast fyrir þá sem aðhyllast jafnaðarstefnuna, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð að flokkarnir vinni áfram saman eftir kosningar. […] mér finnst það óbærileg tilhugsun að Sjálfstæðisflokkurinn komist aftur til valda eftir kosningar.

Óheft frjálshyggja

Jóhanna segist hugsi yfir því hve Sjálfstæðisflokkurinn mælist hátt í könnunum. Ískyggilegt sé að horfa upp á umbúðalaust og vaxandi frjálshyggjutrúboð flokksins, sem fyrrum varaformaður hans líkti við Teboðshreyfinguna í Bandaríkjunum, og spyr hvort menn séu búnir að gleyma að einmitt sú frjálshyggja hafi leitt þjóðina í þær hremmingar sem raun ber vitni.

„Hvað á ég við? Jú, þeir telja að ekki sé skorið nægilega mikið niður í ríkisútgjöldum. Hvar ætla þeir að skera meira niður? Ætla þeir að hætta við áform ríkisstjórnarinnar um auknar barnabætur og eflingu Fæðingarorlofssjóðs? Ætla þeir að skera niður bætur til lífeyrisþega eða atvinnulausra eða draga úr þjónustu á sjúkrahúsum og í skólum? Þeir tala um að lækka skatta á auðmenn og hina tekjuhærri. Hvernig ætla þeir að gera það og á hverju mun það bitna? Þeir vilja afnema veiðigjaldið og eru mjög áfram um stóriðjueinstefnu.

Ég spyr: Hvaða afleiðingar mun þetta hafa, afnám veiðigjalds og lækkun skatta? Þýðir það að hætta þarf við Norðfjarðargöng, Dýrafjarðargöng, nýjan Herjólf, Landeyjahöfn, nýtt fangelsi, tvöföldun framlaga í vísinda- og tæknisjóð, eflingu Græna hagkerfisins og sóknaráætlanir landshluta? Þetta byggir allt á fjárfestingaráætlun sem við fáum að hluta til með fjármagni úr veiðigjaldinu. Síðan segjast þeir vilja hætta við umsókn um aðild að ESB og útiloka þar með upptöku evru með öllum þeim kostum fyrir samfélagið.

Hvað er þá orðið eftir? Ég sé ekki að það sé neitt annað en óheft frjálshyggja. Við erum komin inn að beini í niðurskurði og komumst ekki lengra. Við erum að ná jöfnuði í ríkisfjármálum, sem er stórkostlegt, og því að breyta vöxtum í velferð með því að minnka vaxtakostnað.“

Skýrir valkostir

Jóhanna segir fjárlögin fyrir 2013 marka tímamót. Í þeim sjáist móta fyrir því samfélagi sem jafnaðar- og félagshyggjufólk vilji byggja. Svigrúm upp á tugi milljarða sé nýtt til hækkunar barna- og vaxtabóta, breytingar verði á húsnæðisbótum og almannatryggingakerfið einfaldað og gert skilvirkara.

„Þarna erum við að sýna það þjóðfélag félagshyggju og jafnaðar sem við viljum sjá og fólk sér það svart á hvítu hvað við munum gera komumst við í ríkisstjórn.

Mér finnst að á umliðnum mánuðum hafi valkostir fólks í næstu kosningum skýrst mjög. Annars vegar eru það sjálfstæðismenn, sem hafa grímulaust sýnt sitt rétta frjálshyggjuandlit eins og ég hef lýst og hins vegar við jafnaðarmenn og Vinstri grænn sem höfum með verkum okkar sýnt hvað við viljum gera. Tekjujöfnuður hefur stóraukist, konur komist til aukinna áhrifa og aldrei hefur verið lögð jafn mikil áhersla á umhverfismál og hjá núverandi ríkisstjórn.

Síðan virðast framsóknarmenn, sem betur fer, vera að skilja sig frá Sjálfstæðisflokknum. Ég held að þeir hafi tapað á því að standa svo þétt með þeim og það sést á því að þeir eru fastir í ákveðinni prósentutölu í skoðanakönnunum.“

Jóhanna segir Framsóknarflokkinn hafa barist af ábyrgð með minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna fyrir breytingum á stjórnarskrá, en Sjálfstæðismenn stöðvað það mál.

„Ég held að framsóknarmenn eigi að sýna að þeir vilji í raun og sann skilja sig frá sjálfstæðismönnum með því að stilla sér meira upp við okkar hlið, til dæmis að því er varðar breytingar á stjórnarskrá. Það tel ég vera stóra málið sem þarf að ná saman um á kjörtímabilinu.

Ég held líka að þeir hafi fært sig allt of nálægt íhaldinu að því er varðar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Ég fagna því að svo virðist sem breytingar séu að verða á afstöðu framsóknarmanna í ýmsum málum.“

2.798
KRÓNUR

Hvort sem þú vilt:

- grenna þig
- styrkja þig
- byggja upp vöðva

þá er PROFITT málið.

Profitt fæst í BÓNUS

Vinnustofan.is | 0912

markhonnun.is

nettó

Kræsingar & kostakjör

25% AFSLÁTTUR

KJÚKLINGABRINGUR
OKKAR

1.799
ÁÐUR 2.398 KR/KG

NÝTT KORTA TÍMABIL

UNDIRBÚIÐ **HAUSTIÐ**

LIFRAPYLSA
ÓSOÐIN FROSIN
2 STK.

679
ÁÐUR 849 KR/PK

GOÐI

BLÓÐMÖR
ÓSOÐIN FROSIN
2 STK.

639
ÁÐUR 819 KR/PK

GOÐI

PASTARÉTTIR
SKINKU, SVEPPA EÐA TÓMAT
165 G

199
ÁÐUR 259 KR/PK

SKÚFFUKAKA
M KARAMELLU
OKKAR

297
ÁÐUR 319 KR/STK

VÍNARBRAUÐSLENGJA
BAKAÐ Á STAÐNUM*

50% AFSLÁTTUR

275
ÁÐUR 549 KR/STK

*gildir ekki um nettó salavegi

EMERGE
33 CL

79
ÁÐUR 119 KR/STK

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

1/2 LAMBASKROKKUR
FRYST AF NÝSLÁTRUÐU

799 KR/KG

HJÁ OKKUR **Í NETTÓ**

LAMBALÆRI
FERSKT AF NÝSLÁTRUÐU

1.494
ÁÐUR 1.698 KR/KG

LAMBAHRYGGUR
FERSKUR AF NÝSLÁTRUÐU

1.884
ÁÐUR 2.298 KR/KG

SPARNAÐARHAKK

299
ÁÐUR 378 KR/KG

GOÐI

BLAÐLAUKUR

50% AFSLÁTTUR

110
ÁÐUR 219 KR/KG

LAUKUR

48
ÁÐUR 95 KR/KG

50% AFSLÁTTUR

GULRÆTUR

50% AFSLÁTTUR

345
ÁÐUR 689 KR/KG

GRÆNMETI VIKUNNAR

Tilboðin gilda 20. - 23 . sept.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Ekki sjálfsagt að líða vel

Verum virk í gleði og styrk er heiti námskeiðs sem Hlutverkasetur stendur fyrir. Það er ætlað unglingum sem búa við krefjandi aðstæður. *Sigríður Björg Tómasdóttir* leit í heimsókn og hitti bæði unglinga og fullorðna sem höfðu sögu að segja.

EMILÍA OG JÓN ÁGÚST Eiga það sameiginlegt að búa við krefjandi kringumstæður og eru sammála um að gott sé að ræða málin í Hlutverkasetrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Komdu inn fyrir, en farðu í skóhlífar, hér fer enginn inn á skónum," segir Guðrún Jóhanna Benediktsdóttir sem tekur á móti blaðamanni í húsnæði Hlutverkasetursins í Borgartúni 1. „Hér eru mættir tólf unglingar í dag, allir strákarnir eru reyndar í eldhúsinu en stelpurnar völdu skartgripa- og sjálfsmyndagerð í dag," útskýrir hún og bendir í átt að eldhúsinu þar sem umfangsmikil pitsugerð stendur yfir og að stóru borði þar sem ægir saman úrklippum, leir, skærum og litum.

Guðrún, sem er iðjuþjálfi að mennt, var í starfsnámi í Hlutverkasetrinu í vor og þá afréðu þær Elín Ebba Ásmundsdóttir, forstöðumaður setursins, að það væri tilvalið að efna til námskeiðs fyrir unglinga sem búa við krefjandi aðstæður. „Við skilgreinum það vítt þessar krefjandi aðstæður," segir Guðrún. „Þær geta falið í sér að unglingarnir búa við fátækt, geðræna sjúkdóma á heimilinu, misnotkun áfengis, eru félagslega einangraðir af hvaða ástæðu sem er eða eitthvað annað." „Hér eru allir velkomnir," bætir Elín Ebba við. „Svona námskeið eru heilsugæsla eins og hún á að vera, það er að segja forvörn. Við erum að styrkja og efla þessa krakka til þess að koma í veg fyrir að erfiðleikarnir bitni á þeim síðar."

Eftir stuttan túr um húsnæði Hlutverkasetursins setjumst við nokkur saman niður við borð í herbergi þar sem næði gefst til að ræða málin. Við borðið sitja bæði þátttakendur á námskeiðinu, umsjónarmenn og fastagestir í Hlutverkasetrinu. Andrúmsloftið er mjög afslappað, enginn tekur sig of hátíðlega sem er í fullu samræmi við þá aðferð setursins að hafa jákvæðni að leiðarljósi við uppbyggingu einstaklinga.

Á jafningjagrundvelli

„Okkur finnst mikilvægt að bjóða krökkum að koma og ræða málin á jafningjagrundvelli og án fordóma. Það þarf enginn að ræða sína persónulegu hagi, það er bæði hægt að prófa það sem við erum að bjóða upp á hverju sinni, setjast niður með okkur fullorðna fólkinu og spjalla eða bara nota tækifærið og kynnast öðrum unglingum sem búa við krefjandi aðstæður," segir Guðrún, sem þekkir það af eigin raun hvernig er að alast upp við erfiðar aðstæður og hversu miklu máli félagslegur stuðningur getur skipt fyrir þá sem eru í þeim sporum. „Og það sem hefur verið einstaklega ánægjulegt eftir að við fórum af stað með undirbúning er hversu margir hafa verið tilbúnir til að leggja okkur lið. Við bjóðum upp á alls konar afþreyingu, það getur opnað nýjan heim fyrir krökkum að fá að prófa eitthvað sem þeir hafa ekki prófað áður."

Jón Ágúst, sextán ára, er einn þátttakendanna á námskeiðinu. „Ég fékk til dæmis að spreyta mig í síðustu viku á því að spila á gítar sem var skemmtilegt." Móðir Jóns, Þórunn Ágústsdóttir, hefur átt við geðræn vandamál að stríða og sótt sér stuðning í Hlutverkasetrinu. Hún situr með okkur við hringborðið og í ljós kemur að hún er ein af þeim sem hefur umsjón með námskeiðinu. „Ebba bað mig í vor um að taka þátt, og það er eiginlega ekki hægt að segja nei þegar Ebba er annars vegar," segir hún og hlær.

Jón Ágúst segir gott að kynnast nýju fólki. „Mér finnst bæði gott að efla félagsleg tengsl og vinna í sjálfum mér. Það er tekið svo vel á móti manni hér," segir hann og undir það tekur Emilía Maidland, fjórtán ára, sem mætti í Hlutverkasetrið fyrir atbeina námsráðgjafa í skólanum sínum.

„Ég kem frá mjög erfiðu heimili, pabbi minn er alkóhólisti og mamma mín hefur átt mjög erfitt. Ég hef alltaf verið mjög dugleg að hugsa um hvernig öðrum líður, en núna ákvað ég að hugsa um sjálfa mig, reyna að gera eitthvað fyrir sjálfa mig," segir Emilía sem er fjórtán ára gömul. „Mér finnst alveg frábært að koma hingað og hitta fólk sem veit og skilur hvernig mér líður, vegna þess að það hefur upplifað mjög svipaða hluti og ég."

Brotin sjálfsmynd

Það eru ekki bara unglingar á ferðinni í Hlutverkasetrinu þennan daginn. Kjartan Jónsson og Vilborg Þóra Styrkársdóttir hafa bæði mætt þangað reglulega og sótt sér stuðning til andlegrar uppbyggingar eftir erfiðleika og vilja gjarnan deila reynslu sinni. „Ég vildi svo sannarlega að það hefði verið boðið upp á svona úrræði þegar ég var að alast upp, þá hefði ég kannski ekki farið jafn brotinn út í lífið og raunin varð. Ég er alinn upp í Vestmannaeyjum við fátækt og drykkjuskap á heimilinu. Svo lenti ég í mjög miklu einelti. Þetta allt braut mig niður og stuðningurinn var auðvitað enginn. Sjálfsmyndin var auðvitað öll í molum eftir þetta og ég fór mjög snemma að misnota áfengi. Það er ekki fyrr en eftir innlagnir á geðdeild og sjálfsvígstilraun að ég fór loks að vinna í sjálfum mér og þannig lá leið mín hingað," segir Kjartan.

Vilborg telur að meiri stuðningur í uppeldinu hefði verið af hinu góða. „Ég er alin upp við mjög erfiðar aðstæður. Mamma mín var geðveik, gekk út af heimilinu þegar ég var ellefu ára. Ég átti alltaf mjög erfitt með að takast á við þetta, sagði engum frá því og talaði ekki við neinn um það. Ég var bara þessi pottþétti nemandi sem fékk góðar einkunnir í öllu og ákvað að fara í félagsráðgjöf til þess að ég gæti bjargað heiminum. Það sem gerðist hins vegar var að ég fékk taugaáfall, ég lokaði mig af og varð mjög félagsfælin," segir Vilborg sem segir fyrstu skrefin í setrið hafa verið þung. „En svo sá ég að þetta var bara ágætt og ég mætti aftur og er hér enn."

Vilborg segist hafa átt mjög erfitt með að horfast í augu við sína eigin fordóma í garð geðsjúkra. „Ég skammaðist mín svo mikið fyrir geðsjúkdóm mömmu minnar að ég hleypti engum að mér. Ég einangraði mig mjög mikið og hef til dæmis alltaf átt erfitt með að treysta fólki, ég á til dæmis engar nánar vinkonur og sakna þess reyndar stundum."

Þórunn kannast vel við þessa fordóma, en hún hefur reynt þá á eigin skinni. „Ég varð til dæmis vör við það þegar ég eignaðist mitt fjórða barn að það var mikið tiplað á tánum í kringum mig á fæðingardeildinni, vegna þess að saga mín um geðveiki kom fram á fæðingarskýrslunni minni. Ég var til dæmis spurð hvort ég kynni að vera með barn á brjósti," segir hún og skellihlær að minningunni. „En ég veit að ég er ekki alltaf auðveld mamma. Krakkarnir vita ekki alltaf í hvernig skapi ég er, stundum velti ég fyrir mér hvort það er erfiðara fyrir mig að vera með þau eða þau að vera með mér." „Hún er samt besta mamma í heimi," bætir Jón Ágúst við.

> Mér finnst alveg frábært að koma hingað og hitta fólk sem veit og skilur hvernig mér líður.

Hjálplegt að fá að tala

Hvorki hann né Emilía sögðu vinum sínum að þau væru á leið á námskeið fyrir unglinga sem búa við krefjandi aðstæður. „En ég myndi alveg segja frá því ef ég væri spurð," segir Emilía og undir það tekur Jón. „Við krakkarnir sem erum hér erum mjög þakklát fyrir að fá að koma hingað. Hér getum við talað um hluti og þurfum ekki að byrgja neitt inni. Það hjálpar okkur til að líða vel, sem við vitum vel að er ekki sjálfsagður hlutur. Það eru margir sem eiga allt og líður samt ekki vel," bætir hún við.

Ilmurinn úr eldhúsinu er farinn að berast um allt húsnæðið og við förum aftur fram þar sem verið er að leggja lokahönd á myndir, skart og pitsur. Það líður að kvöldmat og allir orðnir svangir. Ljósmyndari Fréttablaðsins fær góðfúslegt leyfi til að mynda og flestir eru til í að vera með. „Það er gaman að sjá hvað allir hér eru jákvæðir," segir Ebba. „Og vonandi mæta fleiri næst, við getum tekið á móti fleirum og viljum fá fleiri til okkar. Það er svo mikilvægt að hlúa að unglingum með jákvæðum hætti."

„Við höfum látið alla sem starfa með unglingum, skóla og heilsugæslustöðvar, vita af námskeiðinu og vonandi fáum við fleiri til okkar. Það er nóg að mæta þó það sé að sjálfsögðu velkomið að skrá sig áður," bætir Guðrún við.

Maturinn er tilbúinn og allir taka til matar sín. Námskeiðið Verum virk í gleði og styrk heldur áfram næsta miðvikudag klukkan fimm og stendur til loka nóvember. Það er þátttakendum að kostnaðarlausu eins og annað sem fram fer í Hlutverkasetrinu.

HVATNING OG STUÐNINGUR

Starfsemi Hlutverkasetursins á rætur sínar að rekja til ársins 2006 og var upphaflegt markmið setursins að efla virkni og þátttöku fólks sem hafði misst hlutverk í lífinu. Það lá því beint við að víkka út starfsemi setursins í kjölfar efnahagshrunsins og opna það atvinnuleitendum. „Hlutverkasetrið býður upp á umgjörð, hvatningu og stuðning fyrir þá sem vilja viðhalda virkni á markvissan hátt eða auka lífsgæðin. Stefnt er að því að viðhalda eða efla sjálfsmynd gegnum verkefni, fræðslu og umræður. Markmiðið er að komast út á almennan vinnumarkað, fara í nám eða auka lífsgæði. Leiðarljós Hlutverkaseturs er virk samfélagsþátttaka, að sinna hlutverkum sem gefa lífinu tilgang og þýðingu, jákvæðni og kímni," segir á heimasíðu Hlutverkasetursins.

„Hlutverkasetur leggur áherslu á að allir geti lagt eitthvað af mörkum og hafa því margir boðið fram krafta sína og þekkingu, bæði atvinnuleitendur sem og fólk sem er í vinnu. Þessi viðbót hefur haft jákvæð áhrif á starfsemi Hlutverkaseturs. Atvinnuleitendur eru góðar fyrirmyndir og hvati fyrir aðra og hafa þeir aukið fjölbreytileikann." *Nánari upplýsingar: www.hlutverkasetur.is*

NÓG AÐ GERA Þórunn, Guðrún Jóhanna, Kjartan og Ebba ráða ráðum sínum í Hlutverkasetrinu.

SPORTS DIRECT.COM

EKKERT TAX FREE - ENGINN KLÚBBUR

EINFALDLEGA

ALLTAF LÁGT VERÐ

OPIÐ ALLA HELGINA **10-18**

SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - 201 KÓPAVOGI

Auðvitað er kómík alls staðar

Nína Dögg Filippusdóttir hefur verið áberandi í leiklistinni undanfarin ár, í sýningum Vesturports sem hún og maður hennar, Gísli Örn Garðarsson, stofnuðu ásamt hópi fólks, í kvikmyndum og hjá Borgarleikhúsinu. Um næstu helgi stígur hún á svið í aðalhlutverki í Á sama tíma að ári. *Friðrika Benónýsdóttir* ræddi við hana um sýninguna, Vesturport, skrifin og draumana.

Er Á sama tíma að ári ekki barn síns tíma, á það eitthvert erindi við okkur í dag? „Ég spurði nú sjálfa mig þessarar sömu spurningar þegar þetta kom upp. Ég man líka svo vel eftir Sigga og Tinnu í þessum hlutverkum og finnst eitthvað svo stutt síðan þau léku þetta, þótt það séu víst að verða fimmtán ár. Ég hafði sem sagt smá efasemdir en svo las ég verkið og sá að þessi saga á alltaf við. Maður fer alveg með þessum persónum í gegnum litróf lífsins og þroskast með þeim á þessum tuttugu og fimm árum sem verkið spannar. Það speglar líka svo vel sjálfstæðisbaráttu kvenna, í byrjun er hún algjörlega ómenntuð og alveg græn og bara ofboðslega ánægð með líf sitt, á þrjú börn og býr í yndislegu raðhúsi og fer í keilu þrisvar í viku. En fer svo að finna fyrir leiða, leitar sér menntunar og endar sem atvinnurekandi.“ Framhjáhald er nú ekki beint fallegt umfjöllunarefni, eða hvað? „Nei, auðvitað ekki og enginn sem er fylgjandi því, en málið er að manni fer að þykja svo vænt um þau að maður gleymir því næstum að þau eigi annað líf og heldur alveg með þeim í þessu framhjáhaldi.“

Þú hefur ekki verið þekkt sem gamanleikkona hingað til, hvernig gengur það? „Ég hef minna gert af því, já. Auðvitað er kómík alls staðar, en ég hef ekki gefið mig út fyrir að vera neitt fyndin, enda er ég það alls ekki nema í þröngum hópi náinna vina. Ég kann til dæmis ekki að segja brandara. En Á sama tíma að ári er ekki beint gamanleikrit, allavega alls ekki farsi. Rómantískur gamanleikur með alvarlegan undirtón, lýsir því eiginlega best. Fyndnin liggur í textanum og kringumstæðunum, en ekki í neinum ærslum á sviðinu.“

> Ég hef ekki gefið mig út fyrir að vera neitt fyndin, enda er ég það alls ekki nema í þröngum hópi náinna vina.

Skrifin fara aldrei langt frá manni

Strax að lokinni frumsýningu Á sama tíma að ári fer Nína Dögg að æfa næsta verkefni sem er uppfærsla Vesturports á Bastörðum í samvinnu við Borgarleikhúsið. Er eitthvað fleira í pípunum? „Það er alltaf alls kyns í gangi, sko. Við erum að fara til New York með Faust núna um jólin og ég Ingvar og Gísli erum að fara til London í janúar og sýna Hamskiptin á staðnum þar sem við byrjuðum, í Lyric Hammersmith-leikhúsinu þar sem verið er að setja upp The best of Lyric með alls konar sýningum sem hafa verið hjá þeim í gegnum tíðina. Þar verðum við í sex vikur og svo kem ég heim og held vonandi áfram í Á sama tíma að ári og Bastörðum. Það er alltaf nóg að gera.“

Þú hefur verið einn af handritshöfundum Vesturports í gegnum tíðina. Heillar það þig að skrifa ein? „Nei, ég hef ekki það sem þarf til þess. Mér finnst ofsalega gaman að fá hugmyndir og þróa þær áfram en þegar kemur að því að skrifa þær út þarf ég að fá einhvern annan í lið með mér. Við Unnur Ösp erum til dæmis búnar að vera að vinna að hugmynd saman í fimm ár sem er okkur mjög kær. Við höfum unnið mikla rannsóknarvinnu, þróað karaktera og strúktúr og nú er komið að því að barnið fari að fæðast. Það er sjónvarpssería sem ber vinnutitilinn Fangar og fjallar um konur í fangelsi og er núna að fara á fullan skrið. Við erum komnar með frábæra handritshöfunda með okkur, þau Margréti Örnólfs og Jóhann Ævar, og framleiðslufyrirtækið Mistery, sem hefur unnið með okkur að mörgum verkefnum, er að undirbúa framleiðslu sem væntanlega fer í gang fljótlega. Þannig að skrifin fara aldrei neitt langt frá manni og það finnst mér ógeðslega skemmtilegt.“

En að leikstýra, hefur þig aldrei langað til þess? „Nei. Það hefur aldrei heillað mig. Ég gekk alveg í gegnum það að velta því fyrir mér hvort það væri vegna þess að ég liti ekki nógu stórt á mig eða fyndist ég ekki nógu góð, en það hefur ekkert með það að gera – ég hef bara ekki áhuga á því.“ Finnst þér þú kannski standa í skugganum af eiginmanninum? „Nei, það hefur mér aldrei fundist. Við höfum alltaf verið svo samstíga í þessu, stundum er voða mikið að gera hjá honum og stundum hjá mér og við lögum okkur bara að því. En við vorum orðin par áður en við byrjuðum í leiklistarskólanum þannig að líf okkar hefur bara snúist um leiklistina og svo erum við auðvitað hluti af þessum stóra hópi sem er Vesturport, þar sem við vinnum öll saman og komum okkar hugmyndum á framfæri, þannig að það hefur aldrei komið til að einhver væri meiri en annar.“ Þú ert eiginlega eina konan í toppsæti hjá Vesturporti, er ekkert erfitt að þurfa að kljást við alla þessa karla? „Við höfum nú yfirleitt verið þrjár. Ég, Nanna Kristín, sem er reyndar í Kanada núna að læra leikritaskrif, og Rakel Garðarsdóttir framkvæmdastjórinn okkar, sem er sko alvöru kona, þannig að þetta hefur alls ekki verið neitt erfitt. Þeir gera bara allt sem við segjum þeim að gera. Vesturport væri ekki til ef við værum ekki þarna.“

Hugsa ekki um að meika það

Nú er Vesturport búið að starfa ansi lengi og hópurinn verið á miklum ferðalögum saman, eruð þið ekkert orðin leið hvert á öðru? „Nei, alls ekki. Það vinna allir í sínu út um allt og svo komum við bara öll saman í ákveðin verkefni og eigum hvort annað alltaf að. Vesturport átti fyrst og fremst að vera vettvangur til að þróa okkur sem listamenn, koma hugmyndum okkar á framfæri og fá stuðning hvert frá öðru til að láta drauma okkar rætast. Og það hefur verið þannig allan þennan tíma. Við gerðum einhvern tíma eitthvað manifestó, en við vorum fljót að henda því, þetta litla upphaflega manifestó er alveg nógu gott og hefur virkað vel fyrir okkur. Þetta er bara ótrúlega gott öryggisnet og ég er óskaplega þakklát fyrir þessa yndislegu vini mína og fjölskyldu, því þau eru auðvitað orðin eins og fjölskylda manns. Auðvitað hefur ýmislegt komið upp á en sem betur fer erum við svo flink að við höfum alltaf náð að leysa það og knúsast. Bara svona eins og gerist í eðlilegum fjölskyldum.“

Ykkur Gísla hefur aldrei dottið í hug að setjast að erlendis og reyna að skapa karríer þar? „Nei, ekki setjast að. Við höfum auðvitað verið langdvölum erlendis, vorum til dæmis ár í London og fjóra mánuði í Noregi, en ég get ekki hugsað mér að flytja alfarið frá Íslandi. Það er best að vera hér. Hér er kjarninn okkar og beisið og okkur finnst best að vinna sýningarnar okkar hér og fara síðan með þær út. En það er ýmislegt í bígerð og kannski munum við fara út í eitt ár eða svo, en ekki til að búa í lengri tíma. Það myndi ég aldrei vilja.“

Hvað með kvikmyndaframann, heillar ekkert að reyna að ná fóstfestu í þeim bransa erlendis? „Neeeei, held ekki. Auðvitað myndi ég ekki segja nei ef mér væri boðið hlutverk í Hollywood-mynd, en að flytja þangað til að mæta í endalausar prufur og kynna sjálfan sig heillar mig ekki. Ég geri mér líka grein fyrir því að ég er orðin 38 ára og tækifærin bíða ekkert í röðum. Ég var með Gísla í Marokkó við tökurnar á Prince of Persia og það var alveg dásamlegur tími. Gaman að kynnast öllu þessu fólki og fá að nasa aðeins af þessum heimi, en ég hugsa aldrei um það að meika það sem kvikmyndastjarna, það er svo óraunverulegt. Fyrir utan það að drævið mitt er hér.“

Kom einhvern tíma til greina að verða eitthvað annað en leikkona? „Eiginlega ekki. Amma mín, Sólveig Guðlaugsdóttir, er stórkostleg kona og hún sagði við mig þegar ég var mjög lítil að ég skyldi finna mér starf sem ég hefði ánægju af, því maður eyddi svo miklum tíma í vinnunni. Það síaðist rækilega inn. Ég hef alltaf verið litli trúðurinn sem vildi bara hafa gaman, hoppa út um allt og vera hress. Þannig að leiklistin hentaði mér í alla staði. Það eru líka ótrúleg forréttindi að fá að vinna við það sem maður elskar, það gefur manni endalausan kraft.“

FJÖLHÆF Nína Dögg Filippusdóttir leikkona hefur nóg að gera. Hún leikur annað tveggja hlutverka í Á sama tíma að ári, semur handrit að sjónvarpsþáttaseríu, mun leika í Bastörðum og sinnir börnum, svo örfátt sé nefnt. En hana langar ekkert að meika það í Hollywood. Drævið er hér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á SAMA TÍMA AÐ ÁRI

Höfundur: Bernard Slade
Leikstjórn: Sigurður Sigurjónsson og Bjarni Haukur Þórsson
Þýðing: Karl Ágúst Úlfsson
Leikmynd: Ásta Ríkharðsdóttir
Búningar: Stefanía Adolfsdóttir
Lýsing: Þórður Orri Pétursson og Garðar Borgþórsson
Tónlistarstjórn: Frank Þórir Hall
Tónlist: Tilbury
Sviðshreyfingar: Guðmundur Elías Knudsen
Leikarar: Nína Dögg Filippusdóttir og Guðjón Davíð Karlsson

Frumsýning á stóra sviði Borgarleikhússins 28. september

Allt að verða vitlaust!

Full búð af heilsudýnum og -koddum!

Tilboðsverð

C&J + Shape dýna

Stærð cm.	Með still. botni
2x80x200	375.800,-
2x90x200	399.800,-
2x90x210	405.800,-
2x100x200	423.800,-
120x200	230.900,-
140x200	257.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

Aðeins kr. **34.754,-** í 12 mánuði*

STÆRÐ 2X90X200

STILLAN-LEGT

12 Vaxtalaust MÁNAÐA AFBORGANIR

Aðeins kr. **8.957,-** í 12 mánuði*

STÆRÐ 140X200

FRÁBÆR KAUP

Dorma-verð

Nature's Rest

Stærð cm.	Dýna	Með botni
90x200	44.900,-	76.900,-
100x200	46.900,-	80.900,-
120x200	53.900,-	89.900,-
140x200	55.900,-	99.900,-
160x200	65.900,-	114.900,-
180x200	75.900,-	127.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Charlotte Julien

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð

Nature's Rest

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²

Nature's Bedding

Dorma-verð

Shape dýnur

Stærð cm.	Dýna	Með botni
80x200	58.900,-	83.900,-
90x200	65.900,-	97.900,-
120x200	85.900,-	121.900,-
140x200	99.900,-	143.900,-
160x200	114.900,-	163.900,-
180x200	129.900,-	181.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

Aðeins kr. **14.477,-** í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

HJÓNA-RÚM

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkamanum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

Fyrir þá sem vilja dúnmjúka og hlýja alvöru dúnsæng og dúnkodda!

TVENNU 15.900,- TILBOÐ

Stök dúnsæng kr. **13.900**

Stakur dúnkoddi kr. **4.900**

Milano hægindastóll á frábæru verði!

Hægindastóll **kr. 39.900,-**

FJÓRIR LITIR

OPIÐ
Holtagörðum
Virka daga frá kl. 10-18
Laugard. frá kl. 11-16

DORMA
– býður góða nótt

Pöntunarsími
☎ 512 6800
www.dorma.is

ARON OG EMILÍA Þess er skammt að bíða að ekki verði lengur hægt að nota hugtakið „Jón og Gunna“ þegar talað er um ósköp venjulegt fólk. Hvort það verður „Aron og Emilía“, „Ísabella og Breki“ eða einhver önnur nöfn sem munu leysa Jón og Gunnu af hólmi mun tíminn einn leiða í ljós.

Jón og Gunna á undanhaldi

Hagstofa Íslands gaf á dögunum út tölfræði um íslensk mannanöfn. Í athugun *Þorgils Jónssonar* kemur glögglega í ljós að þrátt fyrir að Jón og Guðrún séu enn algengustu nöfnin eru breytingar við sjóndeildarhringinn. Hefðbundnari nöfn færast neðar á vinsældalista íslenskra barnanafna og þess verður eflaust ekki langt að bíða að sætaskipti verði á topplistunum.

Samantekt Hagstofu Íslands á íslenskum mannanöfnum og nafngiftum barna á síðasta ári sýnir að þrátt fyrir að hin hefðbundnu nöfn, eins og Jón og Guðrún, séu enn algengust hillir jafnvel undir breytingar.

Vinsælustu nöfn barna sem fæddust á síðasta ári eru Aron og Emilía (eða Emelía), en það eru sömu nöfn og voru vinsælust árið áður. Árin þar áður trónuðu nöfnin Alexander og Viktor á toppnum hjá sveinbörnum, en Anna hjá stúlkum.

Fróðlegt er að bera saman tölfræðina yfir barnanöfn og algengustu nöfnin, þar sem talsverður munur er á.

Jón er vitanlega enn langsamlega algengasta nafnið meðal karla eins og það hefur verið um aldir. Til dæmis hét fjórði hver karlmaður á Íslandi Jón þegar manntalið 1703 var tekið. 5.371 maður hét Jón að eiginnafni um síðustu áramót, sem er meira en eittþúsund manns yfir Sigurði sem er í öðru sæti, en Guðmundur kemur þar rétt á eftir. Guðrún er algengasta kvenmannsnafnið, eins og það var árið 1703, þar sem tæplega fimm þúsund konur báru það nafn, Anna er í öðru sæti og Sigríður í því þriðja. Þessi röð algengustu nafna hefur haldist lítið breytt um langa hríð.

52

heita nú Baltasar. Þeir voru aðeins fjórir talsins árið 2000.

Þessi tvö nöfn hafa hins vegar fallið nokkuð í vinsældum og er Jón í sjöunda sæti yfir algengustu nöfn sveina sem fæddust í fyrra, og Guðrún féll niður í 12. til 13. sæti. Annað sem vekur athygli er að nafnið Sigríður hafði fallið allt niður í 39. sæti.

Mikið hefur verið rætt um „ný“ nöfn og vissulega er að sjá snarpa fjölgun í stökum nöfnum. Eitt skýrasta dæmið er nafnið Baltasar. Nú bera 52 það nafn og níu til viðbótar hafa það sem millinafn. Það er mikið stökk frá því sem áður var, en samkvæmt B.Ed.-ritgerð sem skrifuð var við Háskóla Íslands fyrir nokkru voru aðeins fjórir sem báru það nafn fyrir árið 2000, þar á meðal leikstjórinn Baltasar Kormákur, faðir hans og sonur.

Annað dæmi er Breki, en það fór ekki að njóta verulegra vinsælda fyrr en um miðjan tíunda áratuginn. Árið 2007 voru hins vegar 110 sem báru það sem fyrsta nafn, en 270 sem annað nafn. Um síðustu áramót voru þeir orðnir 134 að fyrra nafni og 387 að öðru nafni.

Hvað varðar kvenmannsnöfn má ef til vill helst tala um sprengingu með nafnið Ísabella. Það náði ekki almennri útbreiðslu fyrr en einmitt upp úr 1995 og tólf árum síðar voru þær orðnar 176 talsins og 249 um síðustu áramót.

Ef fram fer sem horfir er því næsta víst að Jón og Gunna munu gefa eftir, hlutfallslega alltjent, og þau nöfn sem hingað til hafa talist nýjabrum verða orðin landsmönnum töm.

Þá er kannski skammt þess að bíða að forsetahjónin Embla Líf og Tristan Blær setjist að á Bessastöðum.

■ ALGENGUSTU MANNANÖFN ÍSLENDINGA

Lærðu að njóta lífsins

7 daga heilsudvöl 11.–18. nóvember

Námskeiðið er fyrir þá sem vilja njóta lífsins, lifa lífinu aðeins hægar og huga að andlegri og líkamlegri líðan. Dvölin gefur einnig einstakt tækifæri til að taka upp nýjar og skynsamlegar leiðir hvað varðar hreyfingu, næringu og svefn.

Innifalið er ljúffengur og hollur matur í öll mál, aðgangur að sundlaugum, baðhúsi, líkamsrækt og yoga. Nudd og val um ýmsar meðferðir í boði.

Verð á mann kr. 121.900.

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Nánari upplýsingar í síma 483 0300 og á vefsíðunni www.hnlfi.is

- berum ábyrgð á eigin heilsu

■ ÚTLÆGIR BÓKSTAFIR – LEYFILEG NÖFN

Z

Þrátt fyrir að bókstafurinn z hafi verið settur út af sakramentinu með fyrirmælum stjórnvalda á áttunda áratugnum er þó leyfilegt að að nota hann í ritun nafna af erlendum uppruna.

Í úrskurðum mannanafnanefndar er ekki fallist á notkun setunnar í nöfnum, nema sannarleg hefð sé fyrir slíku.

Í mannanafnaskrá eru 14 karlmannsnöfn með z en aðeins eitt kvenmannsnafn.

Karlanöfn: Ebenezer, Franz, Fritz, Gizur, Klemenz, Lauritz, Lórenz, Moritz, Zakaría, Zakarías, Zophanías, Zóphanías, Zophonías, Zóphonías.

Kvennafn: Franziska.

TVÖ ÞÚSUND NÝ NÖFN Á TUTTUGU ÁRUM

Guðrún Kvaran prófessor segir hefðirnar í mannanöfnum á undanhaldi

Guðrún Kvaran, prófessor við Stofnun Árna Magnússonar, hefur rannsakað siði og venjur í íslenskum nöfnum og segir ekkert einkennilegt þó Jón og Guðrún séu enn þá algengustu nöfnin hér á landi.

„Það er skiljanlegt þegar haft er í huga að á 19. öld hét kannski fimmti hver karl Jón og fjórða hver kona hét Guðrún. Það er enn í dag svo mikið af fólki sem ber þessi nöfn og er enn á lífi, þannig að það mun taka nokkurn tíma fyrir þessi nöfn að fara úr efstu sætunum."

Aðspurð um fjölbreyttari flóru íslenskra mannanafna segir Guðrún það tengjast samfélagslegum þáttum.

„Sá siður sem hér tíðkaðist lengi, að nefna eftir afa og ömmu, byrjaði að riðlast að einhverju marki undir lok sjöunda áratugarins, með hippatímanum og stúdentauppreisnunum. Þá fór fólk að vilja hafa hlutina öðruvísi og hefðirnar hafa síðan verið á undanhaldi."

Guðrún segir að á síðustu árum hafi fólk sótt innblástur í nafngiftir víða að, bæði innanlands og erlendis.

„Það er til dæmis næstum búið að hreinsa upp öll nöfn úr Snorra-Eddu og Eddukvæðum og þess háttar ritum. Svo er líka verið að leita í erlend nöfn í auknum mæli og mér sýnist vera meira af stúlkunöfnum sem hafa erlendan blæ en strákanöfnum."

Er ekki spennandi að stunda rannsóknir í nafnafræðum á tímum sem þessum?

„Jú, en líka nokkuð erfiðara. Bæði er fólk af íslenskum uppruna að velja börnum sínum erlend nöfn og svo erum við líka með fólk af erlendum uppruna sem gerist íslenskir ríkisborgarar og gefur börnum sínum oft nöfn úr heimalandi sínu. Ef þau falla að íslenskum lögum koma þau sjálfkrafa inn á mannanafnaskrá og þau verður að rekja og fjalla um eins og hvert annað íslenskt nafn."

Guðrún segir þróun síðustu tuttugu ára hafa verið einstaka.

„Við Sigurður Jónsson gáfum út Nöfn Íslendinga 1991 og ég gaf hana út aftur árið 2011, og á þessum tuttugu árum höfðu bæst við tvö þúsund nöfn."

En eru Jón og Gunna þá á undanhaldi?

„Ef maður horfir á listann yfir nýgefin nöfn sér maður að hefðbundnu nöfnin færast sífellt neðar. Svo fellur sífellt meira frá af eldra fólki með sömu afleiðingum. Þau munu hins vegar eflaust verða ofarlega á listum næstu áratugina hið minnsta að mínu mati."

NEI EÐA JÁ

Hlutverk mannanafnanefndar er, þvert á það sem margir halda, ekki að leggja mat á hvort nöfnin séu smekkleg eða ekki. Ákvarðanir nefndarinnar fara einfaldlega eftir því hvort nöfnin séu í samræmi við hefð eða íslenskan rithátt. Eftirfarandi nöfn hafa komið til kasta mannanafnanefndar í ár:

Hafnað:
Ektavon (samþykkt sem millinafn), Nicoletta, Morgan, Xenía, Alpine, Borghild, Julia, Ekene, Damien, Lísbeth, Aðalvíkingur, Tanija, Auðberg, Jean, Baltazar, Pedro og Jerry.

Samþykkt:
Úlftýr, Helgfell, Voney, Amír, Siv, Ermenga, Vili, Friedrich, Evan, Atlanta, Marella, Benidikta, Náttúlfur, Bestla, Maximus, Nikoletta, Þórsteinunn, Nóri, Matta, Dante, Rorí, Linddís, Eldmar, Ebonney, Einbjörg, Aría, Ramóna, Gísela, Gíta, Alína, Kæja, Pedró.

TOPPLISTAR 2012

ALGENGUSTU NÖFN KARLA 1. JANÚAR 2012

Jón er algengasta nafn karla sem fyrr. Staða fyrri árs er innan sviga.

1. Jón (1)
2. Sigurður (2)
3. Guðmundur (3)
4. Gunnar (4)
5. Ólafur (5)
6. Einar (6)
7. Kristján (8)
8. Magnús (7)
9. Stefán (9)
10. Jóhann (10)

ALGENGUSTU NÖFN KVENNA 1. JANÚAR 2012

Guðrún er algengasta nafn kvenna sem fyrr. Staða fyrri árs er innan sviga.

1. Guðrún (1)
2. Anna (2)
3. Sigríður (3)
4. Kristín (4)
5. Margrét (5)
6. Helga (6)
7. Sigrún (7)
8. Ingibjörg (8)
9. Jóhanna (9)
10. María (10)

VINSÆLUSTU NÖFN DRENGJA FÆDDRA 2011

Aron er vinsælasta nafn drengja annað árið í röð. Staða fyrri árs er innan sviga.

1 Aron (1)
2-3 Alexander (6-9)
2-3 Guðmundur (20-23)
4-5 Sigurður (6-9)
4-5 Viktor (2)
6 Daníel (24-30)
7 Jón (3)
8 Stefán (17-18)
9 Róbert (36-41)
10 Kristófer (4-5)

VINSÆLUSTU NÖFN STÚLKNA FÆDDRA 2011

Emilía er vinsælasta nafn stúlkna annað árið í röð. Staða fyrri árs er innan sviga.

1 Emilía/Emelía (1)
2 Lilja (14-18)
3 Sara (2)
4-5 Elísabet (21)
4-5 Emma (12-13)
6-7 Katrín (4-6)
6-7 Kristín (7-8)
8-9 Anna (4-6)
8-9 Eva (3)
10 María (7-8)

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

OPNUM KLUKKAN TÍU OPNUM KLUKKAN TÍU

1398 KR.KG

KJARNAFÆÐI
AF NÝSLÁTRUÐU
FERSKT LAMBALÆRI

KJARNAFÆÐI

1879 KR.KG

KJARNAFÆÐI
AF NÝSLÁTRUÐU
FERSKUR LAMBAHRYGGUR

295 KR.KG

KJARNAFÆÐI *AF NÝSLÁTRUÐU*
FERSK LAMBAHJÖRTU

295 KR.KG

KJARNAFÆÐI *AF NÝSLÁTRUÐU*
FERSK LAMBALIFUR

FROSIÐ ÓSOÐIÐ
SLÁTUR Á GÓÐU VERÐI

LIFRARPYLSA
598 KR.KG

BLÓÐMÖR
579 KR.KG

FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
FROSINN LAMBABÓGUR SAGAÐUR Í SÚPUKJÖT

HAUST SLÁTRUN 2011

859 KR.KG

ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR

BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI 1 LTR.

129 KR. LTR

BÓNUS KAFFI
500 GR

398 KR.

RÍSMJÓLK & MÖNDLUMJÓLK

298 KR. 1 LTR

HEIMA MÖNDLUR
500 GR MEÐ HÝÐI

698 KR

ÓDÝRUSTU BLEIURNAR Í BÓNUS

1398 KR.PK

MIDI 4-9 KG/ **56 STK.**- MAXI 9-18 KG/**50 STK.**-JUNIOR 15-25 KG/**44 STK**

HLEÐSLA 6 X 250 ML.
M. SÚKKULAÐIBRAGÐI

6 FERNUR Á VERÐI 4

750 ML ÓLÍFUOLÍA
EXTRA VIRGIN

598 KR

ÍSLANDSNAUT **100% FERSKT NAUTAKJÖT**

ÍSLANDSNAUT FERSKT
100% UNGNAUTAHAKK

1498 KR.KG.

UNGNAUTHAMBORGARAR
FJÓRIR FERSKIR M.BRAUÐI

698 KR. PK.

ÓDÝRUSTU KJÚKLINGA-BRINGURNAR Í BÓNUS

FROSNAR 900 GR
KJÚKLINGABRINGUR

1498 KR.PK

198
KR. 2 LTR.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

OPNUM KLUKKAN TÍU OPNUM KLUKKAN TÍU

FRYSTIVARA FRYST

SJÓFRYST ÝSUFLÖK
RAUÐ OG BEINLAUS
1259 KR.KG

ARA FRYSTIVARA

1.KG. GRÍMS
PLOKKFISKUR
TILBÚINN OG ÞARF AÐEINS AÐ HITA

959 KR. 1KG

NICKY NICKY NICKY NICKY

NICKY PAPPÍRVÖRURNAR ERU ÞÆR ÓDÝRUSTU Í BÓNUS

898 KR

TÓLF NICKY SALERNISRÚLLUR

359 KR.

ÞRJÁR NICKY ELDHÚSRÚLLUR

498
KR. 500 ML

BÓNUS LÝSISPERLUR 300 STK

498
KR. 300 STK.

BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR

198 KR. 4 STK

BÓNUS KORNKUBBAR: *MARGAR TEGUNDIR* 4 STK Í POKA

5 KRÓNUR AF HVERRI SELDRI HIMNESKT VÖRU Í SEPTEMBER RENNA TIL BARNAHEILLA

Barnaheill

BÓNUS
KORNBRAUÐ
500 GR
129
KRÓNUR STK. 500 GR.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

■ SÉRHÆFA SIG Í GÖTUTÍSKU

BILL CUNNINGHAM

- byrjaði að mynda götutísku árið 1978.
- með sína eigin síðu í The New York Times.
- hóf sinn feril sem blaðamaður hjá Chicago Tribune.
- myndir hans af götunni í New York eru taldar ómetanleg heimild fyrir tískuna á síðustu 50 árum.
- árið 2010 var gerð heimildamynd um Cunningham sem nefnist Bill Cunningham New York.

SCOTT SCHUMAN

- bandarískur bloggari og ljósmyndari.
- heldur úti síðunni The Sartorialist.
- þekktur fyrir að taka myndir af alls konar fólki með sérstakan stíl.
- hefur meðal annars skotið herferð fyrir Burberry tískuhúsið

TOMMY TON

- kanadískur ljósmyndari .
- hélt fyrst úti vefsíðunni Jak&Jil en hefur nú fært sig yfir á Style.com og GQ.com.
- hefur yndi af að mynda ritstjórana Önnu Wintour og Önnu Dello Russo.
- er einn stærsti og vinsælasti götuljósmyndari í heiminum í dag.

Með auga fyrir fögrum klæðum

Það skiptir **götutískuljósmyndara** engu máli hvort maður er frægur eður ei áður en smellt er af. Fögur klæði og forvitnilegar samsetningar er það sem vekur athygli og áhuga. Í dag eru götutískumyndir jafn forvitnilegar og það sem er að gerast á tískupöllunum. *Álfrún Pálsdóttir* skoðaði götutískuna á tískuvikunum í ár sem og mennina á bak við linsuna.

MUNSTUR Anna Wintour á sýningu Roksöndu Ilincic í London.

LITRÍK Anna Dello Russo á sýningu Max Mara í Mílanó.

HRESSANDI Julie Verhoeven og Lulu Kennedy áberandi á sýningu Roksöndu Ilinicic í London.

Í STÍL Bloggarinn Bryan Boy á sýningu Emporio Armani í Mílanó.

ÍÞRÓTTASKÓR Julia Sarr-Jamois var í þægilegum fótabúnaði í Mílanó.

NORDICPHOTOS/GETTY

LA-Z-BOY®

MEST SELDI HÆGINDASTÓLL Í HEIMI

NÝ SENDING

NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR

79.990
FULLT VERÐ: 99.990

LA-Z-BOY

ASPEN La-z-boy stóll.
Brúnt eða natur áklæði.
B:80 D:85 H:100 cm.

Hinn eini sanni!

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR

119.990
FULLT VERÐ: 139.990

LA-Z-BOY

ASPEN La-z-boy stóll. Svart, vínrautt, brúnt eða ljóst leður.
B:80 D:85 H:102 cm.

NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR

149.990
FULLT VERÐ: 169.990

LA-Z-BOY

GRAND PINNACLE XL La-z-boy stóll. Svart eða brúnt leður. B:84 D:107 H:118 cm.

BETRA SÆTI Á ÞÆGILEGU VERÐI!

Broyhill®

EINN STÆRSTI SÓFAFRAMLEIÐANDI Í AMERÍKU

NÚNA 30.000 KR. AFSLÁTTUR

MODENA sófasett.
2 sæta sófi B:156 D:90 H:82 cm.
3 sæta B:218 D:90 H:82 cm.

2 SÆTA **179.990** FULLT VERÐ: 209.990

3 SÆTA **199.990** FULLT VERÐ: 229.990

NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR

LARAMIE sófasett microfiber áklæði.
2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm.
3 sæta B:220 D:95 H:95 cm.

2 SÆTA **149.990** FULLT VERÐ: 169.990

3 SÆTA **179.990** FULLT VERÐ: 199.990

NÚNA 30.000 KR. AFSLÁTTUR

LARAMIE Hornsófi. Brúnt microfiber.
D: 95 H: 95 L: 250x250 cm.

319.990
FULLT VERÐ: 349.990

0% VEXTIR - Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða MasterCard VISA

HÚSGAGNAHÖLLIN

HÚSGAGNAHÖLLIN · Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 11-17 sunnudaga lokað.

Skiptir sér milli Scala og Hörpu

Tómas Tómasson barítón er orðinn meðal fremstu óperusöngvara Íslands. Í haust fer hann með burðarhlutverk í Lohengrin eftir Wagner í Scala-óperunni í Mílanó, ásamt Jonasi Kaufman. Áður en að því kemur syngur hann í Zürich í Sviss og í Il Trovatore í Íslensku óperunni. *Gunnþóra Gunnarsdóttir* hringdi í kappann og forvitnaðist um sönglífið og frægðina.

Harpa var ekki til þegar ég var síðast á Íslandi árið 2008 svo ég hef ekki séð hana," segir Tómas Tómasson óperusöngvari í símaviðtali og kveðst spenntur fyrir að koma í tónlistarhúsið á hafnarbakkanum. „Það hafa allir hrósað Hörpu í mín eyru. Við Kristinn Sigmundsson sungum saman í Houston fyrir skömmu, hann hafði þá flutt Vetrarferðina í Hörpu og sagði að það væri alger draumur að syngja þar. Ég hlakka mikið til að prófa þegar óperan Il Trovatore verður frumsýnd."

Verður að eiga heimili

Tómas er búsettur í Berlín. „Það eru tvö ár síðan ég flutti til Berlínar og kann mjög vel við mig hér. Ég var í Suður-Frakklandi áður. Hvorutveggja fínir staðir að búa á," segir hann og kveðst hvergi fastráðinn sem söngvari.

„Snemma á minni starfsævi var ég tvö sýningarár í Kaupmannahöfn. Það var samkomulag. Ég var þar í fjórum eða fimm uppsetningum á hvoru sýningarári, annars hef ég aldrei verið fastráðinn."

Spurður hvort hann búi þá hálfgert í ferðatösku svarar hann:

„Já, það má segja það. Á fyrstu starfsárunum var ég eiginlega ekki með neitt heimili en það er alltof tætingslegt. Maður verður að eiga einhvers staðar heima."

Þrátt fyrir heimilið í Berlín verða næstu vikur töluvert tætingslegar hjá Tómasi og tími til æfinga hér heima er knappur. „Mig minnir að ég eigi að verða á minni fyrstu æfingu heima 9. október og frumsýning er þann 20.," segir hann. „Ég er í einni uppsetningu í Zürich í Sviss áður, það er samningur sem ég var búinn að skrifa undir fyrir löngu. Því er ekki hjá því komist að hafa stuttan tíma heima. Ég verð líka bara á fyrstu sýningunum í Hörpu því svo eru æfingar hjá mér í Mílanó í byrjun nóvember. Þar fer ég með hlutverk Friedrich von Telramund í Lohengrin eftir Wagner. Það er í fyrsta skipti sem ég syng á La Scala sem er eitt af allra bestu húsum í heiminum svo það er mjög spennandi."

Með óperunni Lohengrin opnar La Scala sýningarárið þann 7. desember. „Það er dálítið sérstakt hvernig sýningarárið er á Scala og einhverjar sögulegar ástæður fyrir því," segir Tómas. „Það byrjar alltaf 7. desember en samt eru sýningar þar september, október og nóvember, en þær eru hluti af fyrra sýningarári." Hann kveðst hafa sungið hlutverk Telramund í Bayreuth í fyrra en á Scala séu miklar hetjur með honum. „Jonas Kaufman er í titilhlutverkinu og Anja Harteros syngur Elsu. Ég er líka spenntur að vinna með bassanum, Rene Pape, hann er víst magnaður, og svo er hljómsveitarstjórinn hinn heimsfrægi Daniel Barenboim," segir söngvarinn og kveðst reikna með að sýningum ljúki á verkinu í kringum áramótin.

Dorgaði á Grandanum

Tómas ólst upp í Reykjavík, í vesturborginni, og segir Grandann og Slippinn hafa verið vinsæl leiksvæði. Þar hafi hann dorgað eftir fiski. „Slippurinn var algert ævintýraland. Hann var minn leikskóli," segir hann. En er langt síðan hann flutti út? „Já, eins og þú heyrir. Það er pínulítið erfitt fyrir mig að setja saman setningar á íslensku." (Það er langt frá því að vera áberandi.) „Ég flutti til London 1993 til framhaldsnáms í söng og hef lítið komið heim eftir það."

Ekki kveðst Tómas geta sagt að hann hafi snemma byrjað að syngja en dregur svo aðeins í land með það. „Ég var reyndar sísyngjandi sem barn en fór ekki í neitt tónlistarnám eða þannig. Sú músík sem ég heyrði var í útvarpinu og minn söngur fólst í að hlusta á Lög unga fólksins, kópíera þau í kollinum og syngja úti á róló. Ég kynntist tónlist fyrst eitthvað að ráði þegar ég byrjaði í kór Menntaskólans við Hamrahlíð hjá henni Þorgerði Ingólfsdóttur og var þá orðinn átján ára. Ég fór í fyrsta söngtímann tuttugu og eins árs og var orðinn tuttugu og tveggja þegar ég byrjaði í einhverju alvöru námi hjá Elísabetu Erlingsdóttur í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þar slysaðist ég til að sjá mynd af afa mínum, Tómasi Albertssyni, uppi á vegg í hópi fleiri karla. Ég spurði Elísabetu hverjir þetta væru. Þá sagði hún að þetta væru „postularnir". Þessir menn hefðu komið sér saman um að stofna Hljómsveit Reykjavíkur sem hefði verið grunnurinn að Sinfóníuhljómsveitinni. Þeir hefðu líka staðið að stofnun Tónlistarfélagsins í Reykjavík sem síðan stofnaði Tónlistarskólann í Reykjavík, þannig að þetta voru miklir frumkvöðlar. Afi vann sem setjari hjá Alþýðuprentsmiðjunni og var óbóleikari í sínum frítíma. Pabbi hafði ekkert verið að fræða mig um þetta. Ein systir pabba heitir Messíana og er mikil leikhúskona, krakkarnir hennar spiluðu á hljóðfæri og voru miklu meðvitaðri um tónlistariðkun afa en ég. Önnur systir pabba er Bryndís Tómasdóttir pianóleikari, líklega mesti músíkantinn í fjölskyldunni heima."



ÓPERUSÖNGVARINN „Stærstu nöfnin í þeim hlutverkum sem ég er að syngja eru menn sem eru komnir yfir sextugt þannig að ég á að geta átt góð tuttugu ár enn ef ég held heilsu." MYND/ KRISTJÁN MAACK

Dagskráin næstu mánuði hjá Tómasi

September 2012 - júlí 2013	Jochanaan í **Salome í óperunni í Zürich í Sviss**
Október - nóvember 2012	Il Conte di Luna í **Il Trovatore í Íslensku óperunni**
Desember 2012	Friedrich von Telramund í **Lohengrin í La Scala í Mílanó**
Janúar 2013	Tomsky í **Pikovaya Dama í Vín**
Febrúar 2013	Le Grand Pretre í **Samson et Dalila í óperunni í San Diego**
Mars 2013	Hollendingurinn í **Hollendingnum fljúgandi í óperunni í Los Angeles**
Apríl - maí 2013	Il Conte di Luna í **Il Trovatore í Houston**

Á HEIMSFRUMSÝNINGU Tómas Tómasson sem Mefistófeles í nútímaóperunni Faustbal eftir Leonardo Balada í Teatro Real í Madrid. MYND/ JAVIER DEL REAL

ÚR PAGLIACCI Tómas í hlutverki Tonio og Kristján Jóhannsson í hlutverki Canio. MYND/GÍSLI EGILL HRAFNSSON

> Þá vorum við kvefaðir og vandræðalegir í þöglum leik á sviðinu.

Ekki of stressaður

Rödd Tómasar kallast dramatísk barítónrödd, eða hetjubarítón. „Fyrstu árin á ferlinum söng ég sem bassi og var til dæmis í bassahlutverkinu í tveimur mismunandi uppfærslum af Il Trovatore, fyrst í Antwerpen í Belgíu og svo í London, á Covent Garden. Það er til DVD-diskur af síðari uppfærslunni. Áður en Stefán Baldursson hafði samband við mig og bað mig að syngja Luna greifa í sýningunni heima var ég búinn að ákveða að vera í því hlutverki næsta vor í Houston í Texas," segir Tómas sem er með bókaða dagskrá nokkur ár fram í tímann.

Tómas fer ótal ferðir yfir Atlantshafið á ári því hann kveðst syngja æ meira vestanhafs. „Mín rödd virðist passa ágætlega í amerísku húsin," segir hann og telur sinn fjörutíu og fimm ára aldur ágætan fyrir barítónrödd eins og sína. „Stærstu nöfnin í þeim hlutverkum sem ég er að syngja eru menn sem eru komnir yfir sextugt, þannig að ég á að geta átt góð tuttugu ár enn ef ég held heilsu." Hann hlær að spurningunni um hvort hann sé heilsufrík. „Nei, alls ekki – ég reyni bara að fara sæmilega með mig og vera ekki of stressaður yfir hlutunum."

Kvef getur valdið vandræðum hjá söngvurum eins og Tómas lýsir í lokin. „Á einni af sýningunum hér í Berlín á síðasta ári var ég svolítið kvefaður. Oftast hef ég ekki alltof miklar áhyggjur af slíku og syng samt sem áður. Í þetta sinn var ég í erfiðasta hlutverki sem ég hef tekist á við og gat ekki leyft mér að taka neina sénsa og svo kom í ljós að ég var ekki sá eini sem var illa fyrir kallaður. Ég var í hlutverki Hans Sachs í Meistarasöngvurunum eftir Wagner og kollegar mínir sem voru í hlutverkum Walters og Beckmessers voru líka kvefaðir svo leikhússtjórnin fékk þrjá söngvara til að vera til staðar ef á þyrfti að halda. Allt gekk nokkuð vel í fyrsta þætti en í öðrum þætti þurfti varasöngvari að syngja úr hliðarvængnum fyrir tenórinn sem hélt áfram að leika á sviðinu. Þriðji þátturinn byrjaði sæmilega fyrir okkur hina, en svo fór í lokin að við þurftum báðir að viðurkenna ósigur í baráttunni. Þessir þrír karakterar syngja mest í lok óperunnar og þá vorum við kvefaðir og vandræðalegir í þöglum leik á sviðinu en prúðklæddir varasöngvarar okkar stökkvandi inn og út af hliðarsviðinu, syngjandi okkar hlutverk. Það merkilega var að áhorfendur voru himinlifandi yfir að hafa verið viðstaddir svona sérkennilega uppákomu!"

REYKJAVIK HOTELS

20 ára

Grand HÓTEL REYKJAVÍK | Best Western Hótel Reykjavík | HÓTEL REYKJAVÍK CENTRUM

Árshátíðir | Fundir | Afmæli | Brúðkaup | Ráðstefnur
Fermingar | Gisting | Jólahlaðborð | Rómantískar helgar



Reykjavíkurhótel í blóma lífsins

Feðgar á ferð; Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Fosshótela, Ólafur Freyr Ólafsson, hótelstjóri Best Western Hótel Reykjavík, Ólafur Torfason, stjórnarformaður Reykjavíkurhótelanna og Þórhallur Ólafsson, hótelstjóri Hótel Reykjavík Centrum.

Húsbóndinn á Reykjavíkurhótelunum er Ólafur Torfason. Hann lenti óvænt í hringiðu hótelreksturs fyrir tuttugu árum og líkar það vel. Nú þegar hótelin standa á tvítugu segir hann framtíðina nokkuð bjarta og margt spennandi í farvatninu, enda hótelrekstur sveipaður töfraljóma.

Dagsverkin byrja klukkan sex og flesta daga vikunnar er ég mættur til vinnu upp úr sjö. Í seinni tíð hef ég tekið annan helgardaganna með ró og svo næ ég mér alltaf í kríu í hádeginu heima. Þetta gerir hátt í sextíu tíma vinnuviku og konan er alsæl með það; hún fær þá ekki leið á mér á meðan," segir Ólafur Torfason og skellir upp úr.

Ólafur segir hótelrekstur skemmtilegan en í honum lenti hann alveg óvænt. Áður starfaði hann í matvörugeiranum þegar hann rak fyrirtækið Kaupgarð.

„Ég var kominn með annan fótinn upp í háskóla til að mennta mig meira þegar örlögin leiddu mig annað. Í háskólanum ætlaði ég að læra mannfræði og hagfræði og sá fyrir mér mikla þörf á hagfræðingum úti í heimi, þangað sem ég stefndi eftir námið," útskýrir Ólafur.

„Hótelreksturinn kom hins vegar þannig til að upp úr 1990, leysti Kaupgarður til sín fjárvana byggingarfélag sem sat uppi með hálfkláraða húsatorfu í Egilsborgum, mitt á milli Rauðarárstígs og Þverholts. Torfan átti upphaflega að vera blanda af íbúðum og atvinnuhúsnæði en nú þurfti að finna húsunum nýtt hlutverk. Upp skaut hugmyndinni um hótel enda skiptist húsnæðið ágætlega í herbergi og í framhaldinu tryggði ég mér nafnið Hótel Reykjavík," segir Ólafur, inntur eftir tilurð Reykjavíkurhótelanna.

Kappsamur frumherji

Hótel Reykjavík opnaði í sumarbyrjun 1992 með þrjátíu herbergjum. Ári síðar bættust við 31 herbergi og önnur átján árið 1997.

„Í fyrstu reyndu margir að telja mér hughvarf og hvarvetna mætti ég neikvæðni og úrtölum. Það gerði ævintýrið enn meira spennandi því mér þykir fátt skemmtilegra en að sanna fyrir öðrum að þeir hafi rangt fyrir sér. Forrystumenn íslenskra ferðamála á þessum tíma lýstu því yfir að hótelbransinn væri hinn erfiðasti og u.þ.b. 100 herbergjum ofaukið á markaðnum. Síðan hefur þeim fjölgað jafnt og þétt og þörfin aukist að sama skapi. Enda hef ég alltaf sagt að fyrst þurfum við að hafa herbergin klár áður en við fáum gestina," segir Ólafur og brosir.

Hann segir framgang hótelkeðjunnar sýna að réttar ákvarðanir voru teknar á hverjum tíma.

„Vitaskuld er gott að vera varkár en með hliðsjón af fortíðinni og þegar framtíðin er skoðuð er ljóst að við tókum réttu skrefin. Ferðaþjónusta hefur vaxið hratt á Íslandi og mun halda áfram að vaxa um ókomin ár. Við þurfum því að vanda okkur í öllum ákvörðunum sem tengjast ferðamönnum, lengja ferðamannatímann, þróa nýja ferðamannastaði og bæta aðgengi til að geta tekið sem best á móti gestum okkar. Þar að auki þarf að fara varlega í breytingar á skattaumhverfi greinarinnar."

Á torgi mannslífs og menningar

Að sögn Ólafs er jafn og stöðugur uppgangur í rekstri Reykjavíkurhótelanna. Nýting herbergja batnar ár frá ári, sem og afkoman eftir töluvert bakslag í kjölfar hrunsins haustið 2008.

„Ferðatilhögun hótelgesta hefur sömuleiðis breyst á þessum tuttugu árum. Þeir koma nú með mun styttri fyrirvara og dvelja lengur í senn," segir Ólafur.

"Níu af hverjum tíu gestum Reykjavíkurhótela eru erlendir eða yfir 90% gesta. Allt eru það góðir og velkomnir gestir eins og íslenskirgestir sem gera sér glaðan dag hjá okkur eða gista á ferðalagi vinnu sinnar vegna. Íslendingar eru í eðli sínu veraldarvanir heimsborgarar sem kunna að njóta þess besta í mat og drykk".

Hann segir hótel sveipuð töfraljóma því þar sé hægt að lyfta sér upp, njóta dekurs, þjónustu og ævintýra um leið og fólk nái að kúpla sig út úr umgjörð og amstri hvunndagsins.

„Á hótelum mætist fólk frá öllum heimshornum og ólíkum menningarheimum. Því skapast framandi og skemmtilegur ys og þys. Umhverfið er lifandi og síbreytilegt og sem dæmi getur samanlagður gestafjöldi í gistingu og á ráðstefnum á Grand Hótel Reykjavík slagað upp í meðalstórt byggðarlag úti á landi, með öllum sínum fjölbreytileika í mannlífi og menningu."

Gæfuríkur tími

Ólafur segir lykilinn að velgengni Reykjavíkurhótelanna felast m.a. í að gesturinn sé ánægður að dvöl lokinni og þar skiptir góður nætursvefn í góðum rúmi höfuðmáli, einnig veglegur morgunverður og gleðilegt viðmót í móttöku.

Til að fylgjast sem best með gæðum og þjónustu gistir Ólafur reglulega á hótelum sínum um land allt.

„Sem ferðalangur geri ég reyndar litlar kröfur þegar kemur að hótelherbergjum en hef leyft mér að fara á allra glæsilegustu hótelin í Kína. Það er mikil upplifun og gaman að fylgjast með þróuninni. Annars kann ég allsstaðar vel við mig, líka í litlum skonsum þar sem ég get sofnað í góðu rúmi."

Metnaður okkar felst meðal annars í því að gestirnir séu sáttir. Við höfum blessunarlega verið laus við hótelgesti sem rústa herbergjum en sumir hafa fyrir sið að leggjast í 41 gráðu heitt bað og sturta sig svo frammi á gólfi. Þá halda þeir að öryggisniðurfall undir vaski sé aðalniðurfallið fyrir sturtuna og vatn rennur um allt og á milli hæða. Við útbjuggum því herbergin í turninum með sturtu og baðkari svo gestir okkar frá Asíu gætu nú sturtað sig slysalaust ef þeir fjölguðu ferðum sínum verulega, eins og komið hefur á daginn. Þetta er hins vegar ekki með vilja gert; þeir eru vanir mikilli baðmenningu og við höfum reynt að aðlaga okkur því."

Reykjavíkurhótel í útlöndum

En hvernig sér Ólafur framtíð Reykjavíkurhótelanna fyrir sér?

„Við munum ótrauð halda áfram að vaxa og dafna. Ég átti mér lengi draum um að opna hótel í útlöndum en sem betur fer rættist hann ekki á þeim tíma. Ég læt hann þó verða að veruleika einn daginn enda kornungur maður sem á nóg eftir. Hótel á Spáni, í Kaupmannahöfn og víðar, með Íslandsdeild, íslenskri hönnun, íslenskum mat, söluskrifstofu og fleiru í þeim dúr. Reykjavíkurhótelin standa nú á tvítugu, í blóma lífsins og við erum rétt að byrja."

BEST WESTERN Hótel Reykjavík

Í hjarta Reykjavíkur stendur Best Western Hótel Reykjavík sem er nútímalegt og aðlaðandi þriggja stjörnu hótel. Hótelið er elst af Reykjavíkurhótelunum og fagnar 20 ára afmæli í haust. Hótelið býður upp á 79 herbergi, allt frá einstaklingsherbergjum upp í svítur, með öllum helstu þægindum. Þjónustan er vinaleg og góð í rólegu andrúmslofti. Öll herbergin hafa bað og/eða sturtu, minibar, síma, gervihnattasjónvarp, þráðlaust internet, útvarp og hárþurrku. Bæði fjölskylduherbergin og svíturnar eru á tveimur hæðum. Rúmgóð setustofa er á neðri hæðinni og svefnherbergin eru á efri hæðinni. Öll herbergin á Best Western Hótel Reykjavík eru reyklaus. Á hótelinu er bílageymsla sem stendur gestum til boða á meðan dvöl stendur.

Á hótelinu er að finna veitingastaðinn La Luna sem sérhæfir sig í ítölskum mat, til dæmis pizzum, pastaréttum og salötum. Á hverjum morgni er ljúffengt morgunverðarhlaðborð og á kvöldin er hótelbarinn opinn þar sem hægt er að njóta kaldra og heitra drykkja í notalegu umhverfi.

Best Western Hótel Reykjavík er eins og nafnið gefur til kynna hluti af erlendri keðju. Best Western International er bandarísk hótelkeðja sem stofnuð var árið 1946. Keðjan samanstendur af rúmlega 4.000 hótelum í yfir 90 löndum. Best Western International hefur verið starfrækt í Bandaríkjunum í 64 ár og í 34 ár í Evrópu.

Staðsetning hótelsins er sérstaklega hentug; stutt er í marga áhugaverðustu staði borgarinnar og í gamla miðbæinn. Hótelið er skammt frá Reykjavíkurflugvelli og B.S.Í. og auk þess er Hlemmur rétt hjá með strætóferðir í allar áttir.

Best Western
Hótel Reykjavík

Best Western Hótel Reykjavík
Rauðarárstíg 37,
105 Reykjavík
Sími: 514 7000
www.hotelreykjavik.is
info@hotelreykjavik.is

Saga Reykjavíkurhótelanna

Ólafur Torfason er stjórnarformaður Reykjavíkurhótela og Fosshótela.

Reykjavíkurhótelin eru hvert með sitt sérkenni og sjarma. Hótelin eru þrjú; Best Western Hótel Reykjavík, Grand Hótel Reykjavík og Hótel Reykjavík Centrum. Hótelin þrjú eru sniðin að ólíkum þörfum hótelgesta. Hvort sem gestur leitar eftir góðu 3* ferðamannahóteli, fyrsta flokks miðbæjarhóteli eða 4* ráðstefnuhóteli þá bjóða Reykjavíkurhótelin upp á hótel við hæfi.

1992 - Hótel Reykjavík opnar við Rauðarárstíg 37 með 30 herbergjum.

1993 - 31 ný herbergi bætast við Hótel Reykjavík.

1995 - Grand Hótel Reykjavík opnar við Sigtún 38 eftir að Ólafur og félagar kaupa Holiday Inn.

1997 - 18 ný herbergi bætast við Hótel Reykjavík.

1997 - Ráðstefnuaðstaða er stórefld með opnun Gullteigs á Grand Hótel Reykjavík.

2005 - Ólafur opnar Hótel Reykjavík Centrum við Aðalstræti.

2007 - Turninn tekinn í notkun á Grand Hótel Reykjavík og hótelherbergjum fjölgar úr 108 í 312.

2009 - Ólafur varð meirihlutaeigandi í Fosshótelum, sem nú hafa runnið saman með Reykjavíkurhótelum í nýtt hótelfélag sem fengið hefur nafnið Íslandshótel.

Hótelin eru í meirihlutaeign Ólafs Torfasonar og fjölskyldu en minni hluthafar eru eigendur Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónarssonar og fleiri. Hótelin eru öll starfrækt í eigin húsnæði utan hótelsins í Aðalstræti þar sem húsnæðið er leigt af Reitum.

Ég er kallaður Kallinn

Kristinn Guðmundsson, yfirþjónn á Grand Hótel Reykjavík er öllum hnútum kunnugur í hótel- og veitingabransanum eftir áratugastarf. Hann segir starfið fjölbreytt og lifandi en alls ekki auðvelt. Það þurfi ákveðna skapgerð til að sinna því vel.

„Ég byrjaði ellefu ára sem lyftustrákur á Borginni. Þá var meira að segja sveif á lyftunni en ekki takki," segir Kristinn en hann man tímana tvenna í hótel- og veitingabransanum. „Ég er fæddur árið 1949 svo þetta eru orðinn ansi mörg ár. Ég er hættur næturdrollinu í dag og ríf nú bara kjaft í dagvinnu," segir hann og hlær. „Ég er kallaður „kallinn" hérna!"

Kristinn vann sig upp úr pikkalóstarfinu og flutti sig yfir á Gullfoss. Hann fór svo í læri á Naustið árið 1965 og útskrifaðist árið 1969 sem framreiðslumaður. Hann hefur komið víða við síðan, meðal annars í Leikhúskjallaranum, á Hótel Holti og Þórscafé. Þá vann hann skrifstofuvinnu hjá Félagi framreiðslumanna í mörg ár en kunni ekki við sig bak við skrifborð.

„Ég fann mig ekki í níu til fimm skrifstofuvinnu og fór í Perluna þegar hún opnaði. Árið 1997 kom ég hingað á Grand Hótel Reykjavík og er hér enn," segir hann. Þegar hann er spurður hvort hann hafi aldrei orðið leiður á starfinu segir hann það oft hafa komið fyrir.

„Ég væri ekki að segja satt ef ég hefði aldrei fengið leiða. En starfið er mjög lifandi og fjölbreytt. Maður kynnist mörgu fólki og sér margt. Ég hef alltaf kunnað vel við fjölbreytileikann. Ég hef gaman af því ennþá þó ég hafi oft hugsað sem svo að nú færi ég að hætta. Svo er ég allt í einu orðinn 63 ára og finnst ég hreint ekki tilbúinn til þess að hætta strax, ekki fyrst ég hef heilsuna ennþá. Ég vinn frá 7 til 15 á daginn og hef ennþá brennandi metnað fyrir starfinu. Þó ég finni svo sem fyrir því að gangarnir hafa lengst og tröppurnar hækkað."

Kristinn segir starfið þó ekki endilega auðvelt og alls ekki allra. Það þurfi ákveðna skapgerð til að sinna því vel. Hæfilegt kæruleysi sé kostur en þó þurfi að fylgja ákveðnum reglum. Hann hefur aldrei látið tiktúrur gesta angra sig.

„Það þarf bara að nálgast hlutina með réttu hugarfari," segir hann. „Maður verður að vera góður mannþekkjari, það er ekki hægt að nota sömu taktíkina á alla. Ég var til dæmis alltaf með rautt nef í vasanum þegar ég vann í Perlunni í gamla daga og setti það upp þegar einhver kom inn sem þurfti á upplyftingu að halda," segir Kristinn og hlær. „Ég hætti því svo þegar hinir þjónarnir voru orðnir afbrýðisamir yfir athyglinni sem ég fékk. Það þarf að líka að passa móralinn í vinnunni."

Kristinn er gjarnan kallaður til í opinberar veislur og þegar kóngafólk sækir landið heim. Hann segist ekki nota sérstaka tækni á kóngafólkið fremur en aðra gesti.

„Það eru auðvitað fleiri reglur um hvað má gera og hvað ekki og maður heldur sig meira til hlés. En kóngafólk er bara venjulegt fólk," segir hann en er þögull sem gröfin þegar hann er beðinn um einhverjar krassandi sögur.

„Ég hef auðvitað lent í ýmsu og starfið er ekki alltaf dans á rósum. Ánægjulegar upplifanir eru þó auðvitað fleiri, en þessu heldur maður öllu fyrir sig."

20 ára afmælistilboð á 20 þúsund

Í tilefni af 20 ára afmæli Reykjavíkurhótelanna bjóðum við eftirfarandi tilboð.

Grand kvöldverður á Brasserie Grand
Veglegur 3ja rétta kvöldverður með sérvöldum vínum.

Afmælisdekur á Grand Hótel Reykjavík
Gisting fyrir tvo með morgunmat, drykkir á Miðgarðsbar og aðgangur að Reykjavík spa.

Dömu- og herradekur á Reykjavík Spa
Ómótstæðilegt dekur fyrir hana og hann í glæsilegu Reykjavík Spa.

Huggulegheit á Hótel Reykjavík Centrum
Gisting með morgunmat fyrir tvo í miðborginni, vínflaska og ávaxtakarfa við komu.

Gisting í tvær nætur á Best Western Hótel Reykjavík
Gisting með morgunmat í tvær nætur fyrir tvo í miðborginni.

Sex til sýnis á Fjalakettinum
Sex réttir af sérréttarseðli veitingastaðarins ásamt vínflösku.

Tilboðin er hægt að bóka frá 1. -31. október en gilda fyrir veturinn 2012-2013.

Grand alla leið

Grand Hótel Reykjavík er stærsta funda- og ráðstefnuhótel landsins með fjórtán ráðstefnu- og veislusali. Hótelið eru um leið fyrsta flokks glæsihótel með 312 herbergi í öllum stærðarflokkum, frá einstaklingsherbergjum upp í glæsilegar svítur. Á hótelinu er einnig að finna fyrsta flokks veitingastað, Brasserie Grand, sem býður upp á gott úrval íslenskra sjávarrétta og alþjóðlegra rétta.

Glæsilegur 14 hæða turn var opnaður árið 2007. Hann er tengdur hótelinu með glerbyggingu og hýsir rúmlega 200 herbergi. Þar er að finna gestamóttöku hótelsins og Miðgarð, sem er 600 fermetra svæði og getur hýst stórar móttökur.

Herbergin á Grand Hótel Reykjavík eru rúmgóð og búin öllum nútíma þægindum, meðal annars háhraðatengingu og sjónvarpsleigu. Á 13. hæð hótelsins eru tvær forsetasvítur með 94 m² stofu og móttökusvæði og 40 m² svefnherbergi. Útsýnið á efri hæðum turnsins er stórkostlegt og nær yfir alla borgina og sundin.

Grand Hótel Reykjavík er stærsta ráðstefnuhótel landsins með 14 ráðstefnusali og fundarherbergi sem henta við öll tækifæri. Stærsti salurinn er 345 m² og tekur um 470 manns í sæti. Allir salirnir eru útbúnir nýjum og fullkomnum tækjabúnaði og henta sumir salirnir einnig til sýningarhalds. Huginn og Muninn eru fundarsalir á efstu hæð í turninum. Hvor salur er 30 m² að stærð og rúmar 12 manns við borð með einstöku útsýni yfir höfuðborgarsvæðið.

Grand Hótel Reykjavík er aðili að alþjóðlegu hótelsamtökunum Great Hotels of the World. Í samtökunum eru einungis 4 til 5 stjörnu hótel sem bjóða upp á úrvals þjónustu fyrir almenna ferðamenn og ráðstefnugesti.

Fjöldi bílastæða er við hótelið sem hótelgestir geta nýtt sér að kostnaðarlausu. Aðgengi fyrir fatlaða er til jafns við aðra hvar sem er á hótelinu.

Nýlega var opnuð heilsulind á hótelinu undir nafninu Reykjavík Spa. Aðstaðan er ætluð hótelgestum og þar eru líkamsræktartæki, heitir pottar, snyrtistofur, hvíldarsvæði og gufubað.

Nýr ráðstefnupakki hjá Grand Hótel Reykjavík

Nú býðst fyrirtækjum og stofnunum nýr og bættur ráðstefnupakki hjá Grand Hótel Reykjavík sem miðar að því að fundarmenn haldi orku og einbeitingu yfir daginn. Boðið er upp á hollan og góðan mat frá því gestir koma í hús og þar til ráðstefnu eða fundi lýkur. Salvör Brandsdóttir, ráðstefnustjóri Grand Hótel Reykjavík, segir þessa nýjung hafa mælst vel fyrir hjá fundar- og ráðstefnugestum enda geti verið lýjandi að sitja heilan dag. „Í upphafi dags fá fundargestir sérstakt orkuskot. Á meðan ráðstefnur eða fundir standa yfir er reglulega boðið upp á hollan og góðan mat sem hjálpar gestum okkar að halda einbeitingunni og ná hámarksafköstum yfir daginn. Enda köllum við nýja ráðstefnupakkann Orkuboltann."

Á morgunverðarhlaðborði hótelsins er m.a. lífrænn matur og einnig er hluti af kaffiveitingunum lífrænn, og segir Salvör sífellt meiri eftirspurn eftir slíkum valkosti. „Síðan búum við svo vel að hafa faglærða bakara í eldhúsinu. Boðið er upp á heimabakað brauð, rúnstykki og annað meðlæti yfir daginn. Meira að segja kleinurnar okkar eru bakaðar hér. Við erum afar montin af því að geta boðið upp á jafn hollar og fjölbreyttar veitingar. Einnig verðum við meira vör við það en áður að erlendum fyrirtækjum og gestum finnist þessir hlutir skipta máli við val á hóteli sem ráðstefnukosti." Vottunarstofan Tún hefur staðfest að Grand Hótel Reykjavík uppfylli allar reglur um meðferð lífrænna matvæla og segir Salvör hótelið vera fyrsta sinnar tegundar hérlendis til að hljóta slíka vottun.

Sumarið var nýtt í að taka stærsta ráðstefnusalinn í gegn fyrir veturinn að sögn Salvarar. „Við lögðum ný teppi í Gullteig, stærsta salnum okkar, máluðum salinn og skiptum um borð svo dæmi séu nefnd. Hann verður því enn glæsilegri en áður."

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Grand Hótel Reykjavík
Sigtúni 38, 105 Reykjavík
Sími: 514 8000
www.grand.is
info@grand.is

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL Í HÖRPU

Kvartett söngkonunnar Ragnheiðar Gröndal kemur fram á áttundu tónleikum djasstónleikaraðar veitingastaðarins Munnhörpunnar í Hörpu í dag. Tónleikarnir hefjast klukkan 15 og standa til 17. Aðgangur er ókeypis.

SKATTFRAMTALSGERÐ & ÁRSREIKNINGAR
APOLLON BÓKHALDS & REKSTRARÞJÓNUSTA | Sími 571 9555 www.apl.is | Borgartúni 28 105 Reykjavík

Viltu ná góðum árangri í skólanum frá byrjun?
Við bjóðum þér
NÁMSAÐSTOÐ
til að styrkja grunninn.
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Veiti börnum og foreldrum sálfræðilega ráðgjöf og meðferð.

PMT-foreldrafærnimeðferð við hegðunarvanda, meðferð við kvíða og ADHD.

Íris Stefánsdóttir sálfræðingur,
Sálfræðistofa Skútuvogi 1a, 104 Reykjavík,
netfang: irisstef.stofa@gmail.com,
sími: 690 1569

Jóla og haust-vörurnar komnar

Stærðir s- xxl.
Herrapeysur.
Skart,leggings (s- xxl)
Töskur o.f.l.

1500 kr sláin
með ýmsu girnilegu

Aðeins opið þessa helgi
Laugardag 13-17
Sunnnudag 13-16

LOGY ehf. Lyngháls 10 • sími 661 2580
(húsið við hlið Heiðrúnar, ÁTVR að neðanverðu)

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
BESTU BROTIN ÚR ÍSLANDI Í DAG
vísir - oft á dag

LJÚFFENGT Bragðgóðar krydd-jurtir og ferskt grænmeti einkenna víetnamska matreiðslu. MYND/GVA

EINN HOLLASTI MATUR HEIMS

PHO KYNNIR *Nú geta Íslendingar loksins notið víetnamskrar matargerðar á veitingastaðnum Pho í Reykjavík. Sömu eigendur reka líka markað þar sem spennandi hráefni fæst til matargerðar.*

Víetnamski veitingastaðurinn Pho var opnaður í sumar í Ármúla 21 í Reykjavík. Pho er fyrsti víetnamski veitingastaðurinn sem er opnaður hérlendis og hafa mataráhugamenn fagnað opnun hans. Eigandi Pho er Quang Le sem búið hefur hér á landi um margra ára skeið. Hann segir víetnamska matreiðslu meðal annars einkennast af bragðgóðum kryddjurtum og fersku grænmeti. „Við notum einnig kjúkling, nautakjöt og svínakjöt í matreiðslu okkar og gott úrval af sjávarfangi," segir Le. Hrísgrjón og núðlur eru einnig ómissandi þáttur í víetnamskri matargerð. Le segir litla olíu vera notaða í réttum frá Víetnam en víetnamskur matur er af mörgum talinn einn hollasti matur heims.

Sérréttur Pho er víetnömsk núðlusúpa. „Við sjóðum nautakjötið í tíu klukkutíma ásamt grilluðum engifer, marineruðum lauk og ýmsum kryddjurtum. Þessi uppskrift er búin að vera í fjölskyldunni minni í margar kynslóðir og hefur tekið breytingum gegnum árin en hún er alltaf að vera betri og betri." Með súpunni er borið fram sætt basil, baunaspírur og lime. Le segir súpuna vera einn vinsælasta réttinn á matseðli veitingarstaðarins. „Aðrir vinsælir réttir eru meðal annars grillaður sítrónukjúklingur, ýmsar gerðir af núðlusúpum auk rétta sem innihalda vorrúllurnar vinsælu."

Samhliða rekstri veitingastaðarins Pho rekur Le víetnamskan markað á Suðurlandsbraut 6 sem ber nafnið Vietnam Market. Þar fæst mikið úrval af austurlensku hráefni til matargerðar. „Við bjóðum upp á mikið úrval af grænmeti, kryddjurtum, núðlum, olíum, grjónum og mörgu öðru hráefni. Við seljum ekki bara hráefni í víetnamska matargerð heldur líka hráefni sem er notað í kínverska, taílenska, japanska og indverska rétti." Veitingastaðurinn og markaðurinn hafa fengið góðar viðtökur enda gefst nú loksins kostur á að kynnast ljúffengri víetnamskri matargerð.

Sjá nánari á www.pho.is og á Facebook undir Vietnam Market.

FJÖLBREYTNI Pho býður m.a. upp á vorrúllur, núðlusúpur, svínakjöt, kjúkling og ljúffenga eftirrétti. MYND/GVA

ILMANDI Víetnömsk núðlusúpa er einn af sérréttum Pho. MYND/GVA

NÝ SENDING
AF UNDIRFATNAÐI
ÚR 100% SILKI.

Lífstykkjabúðin
Stofnuð 1916
Laugavegi 82 (á horni Barónsstíg) • Sími 551 4473

Yoga hefst 2. okt
Yogavin

Fjölbreyttir yogatímar
Byrjendanámskeið
Dans og yoga
Djúpslökun
Yoga kennaranám
Krakkar og unglingar
Innsæis hugleiðsla

Ásta Arnardóttir Yogavin, Auðbrekku 2
s: 862 6098 • www.this.is/asta • asta@this.is

AFTUR Á ÍSLANDI !

Max Mara og Marina Rinaldi

Opið laugardag
11:00-15:00

Parisar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

Yoga með Maggý

Byrjar á nýjum stað með:
meðgöngujóga
mömmujóga og
rólegt morgunjóga.
Kennsla hefst 1. október
samkvæmt stundaskrá.

MEÐGÖNGU JÓGA Yogavin Yoga maggý

Auðbrekku 2, 200 Kópavogur
Vefsíða: maggy.is - Upplýsingar í síma 821 7482

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

MAGNAÐAR RITDEILUR

Vísir - oft á dag

LÍKUR Á SIGRI ERU YFIRGNÆFANDI

SKOTKEPPNI *Íslandsmeistaramótið í skotleiknum stinger fer fram næstu helgi. Mótið er einn liður í upphitun fyrir körfuboltaveturinn.*

Körfuboltavefurinn Karfan.is og körfuknattleiksdeild ÍR standa fyrir árlegu Íslandsmóti í stinger sunnudaginn 30. september. Mótið var haldið í fyrsta sinn í fyrra og þá sigraði frjálsíþróttamaðurinn Trausti Stefánsson. Jón Björn Ólafsson, ritstjóri Körfunnar.is, er í forsvari fyrir mótið og einn af upphafsmönnum þess. „Mótið er opið öllum áhugasömum einstaklingum. Sigurmöguleikarnir eru gígantískir og því tilvalin leið til að næla sér í Íslandsmeistaratitil.“

Stinger er vinsæll skotleikur sem allir áhugamenn um körfubolta þekkja. Um er að ræða skotleik þar sem körfubolta er skotið í körfuna frá þriggja stiga línunni. Tveir boltar eru í umferð og skiptir þá engu máli hversu margir keppendurnir eru. Markmið leiksins er að hitta í körfuna á undan þeim sem er framar í röðinni. Takist það er sá aðili úr leik og svoleiðis gengur leikurinn þar til einn stendur uppi sem sigurvegari. „Allir áhugamenn um körfubolta þekkja auðvitað leikinn sem er bæði einfaldur og skemmtilegur. Körfuboltaæfingum er gjarnan lokað með stinger, sérstaklega hjá yngri iðkendum, og þá fer vanalega allt á hliðina. Enda mættu nokkrir stubbar í fyrra sem stóðu sig vel og lifðu meira að segja af fyrstu umferðina.”

Keppendur mótsins eru af öllum gerðum að sögn Jóns. „Í fyrra kepptu bæði leikmenn meistaraflokka og yngri flokka auk áhugamanna um körfubolta. Ég saknaði þó þess að sjá ekki fleiri leikmenn keppa og skora nú opinberlega á gamlar þjóðhetjur eins og Guðjón Skúlason úr Keflavík og Friðrik Rúnarsson, framkvæmdastjóra körfuknattleikssambandsins, til að taka þátt í ár. Því skal einnig haldið til haga að sigurvegari síðasta árs er örvhentur. Ég trúi því ekki að rétthentir körfuboltamenn ætli að láta það viðgangast aftur.“

Íslandsmótið hefst kl. 15, sunnudaginn 30. september, í Hertz-hellinum í Breiðholti (áður íþróttahús Seljaskóla) og er þátttökugjaldið 500 kr. „Ef keppendur eru með undirstöðuna þokkalega á hreinu eru líkur á sigri yfirgnæfandi. Það eru a.m.k. góðar tölfræðilíkur á Íslandsmeistaratitil. Líkurnar minnka að vísu með fjölgun þátttakenda en þessi leikur er mjög aðgengilegur fyrir alla.“ Nánari upplýsingar má finna inn á vefnum www.karfan.is.

■ starri@365.is

STINGER Allir geta keppt í stinger enda einfaldur og skemmtilegur leikur fyrir alla aldurshópa.
MYND/ÚR EINKASAFNI

ÁRBÍTUR HJÁ PABBA

Á sumum heimilum er hefð fyrir því að fjölskyldufaðirinn sjái um morgunmatinn um helgar. Þá er óþarfi að lauma sér í bakaríið því pabbar geta vel brætt mömmuhjörtu og glatt krakkamaga með góðglaðningi úr eldhúsinu.

Hér gefast hugmyndir og uppskriftir að dásamlegum árbít sem hæglega gæti fest sig í sessi þegar dagur rís um helgar. Allar eru þær staðgóðir gleðivaldar sem gera morgunverð með pabba að tærri tilhlökkun.

■ thordis@365.is

FYRIR KRAFTINN Spænsk eggjakaka er sneisafull af prótíni og alltaf jafn bragðgóð. Hana er líka sáraeinfalt að matreiða. Skerið sex meðalstórar kartöflur í þunnar sneiðar og steikið í ólífuolíu þar til mjúkar og fulleldaðar. Saxið miðlungsstóran lauk og tvö stór hvítlauksrif og steikið áfram með kartöflunum í þrjár mínútur. Hrærið eggin saman, saltið, piprið og hellið yfir kartöflurnar á pönnunni. Stráið saxaðri steinselju yfir. Eldið við vægan hita þar til eggin eru nánast hlaupin en snúið þá eggjakökunni við með góðum spaða og steikið á hinni hliðinni í stutta stund.

FYRIR FJÖRIÐ Ávaxtasalat er friskandi vítamínbomba á morgunverðarborðið og eitthvað sem allir ráða við að útbúa. Niðurskornir uppáhaldsávextir og ber í fallegri skál fela einnig í sér einlæga ástarjátningu til fjölskyldunnar.

FYRIR SÁLINA Pönnukökur eru yndislegur morgunmatur. Íslendingar kunna best að strá yfir þær sykri eða sultu og rjóma en þær eru líka lostætar með eggjum, osti, pylsum og grænmeti og þá bakaðar í ofni. Góð pönnukökuuppskrift er til á hverju heimili en munið að deigið á að vera þunnt og að gott er að kreista ögn af sítrónusafa yfir sykraðar pönnsur.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

ego dekor

DAKOTA leðursófasett
3+1+1 Litir: Svart og Brúnt
Verð: 421.000,-

OSCAR leðurhornsófi
Litur: Svart - Stærð: 276X220
Verð: 389.000,-

TV skenkur Hvítt háglans
Svart gler - Breidd: 180cm
Verð: 109.000,-



TV skenkur Hvítt háglans
Breidd: 240cm Verð: 129.900,-
Breidd: 180cm Verð: 109.000,-

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



JESSIE	TORINO	TESS	MONET
16.900,-	16.900,-	18.900,-	19.900,-

Skenkur Hvítt háglans
Breidd: 160cm
Verð: 138.000,-

CORAL tungusófi
Stærð: 290X156
Tilboðsverð: 194.650,-

NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 290X165
Tilboðsverð: 199.750,-

APOLLO tungusófi
Stærð: 288X198
Tilboðsverð: 232.200,-

HAMPTON tungusófi
Stærð: 318X197
Tilboðsverð: 248.400,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

BÍLAR & FARATÆKI

bifreiðasalan

FORD E350 35" DISEL 2005 EK 65Þ.M. SÆTI FYRIR 12 MJÖG FLOTTUR BÍLL. V-4.790 SKIPTI Á ÓDÝRARI. RNR.131332.

GL450 4MATIC AMG STYLE 9-2007 EK 103Þ MJÖG FLOTTUR OG VEL BÚINN BÍLL ATH SKIPTI V-8490 RAÐNÚMER.250173

Bifreiðasalan
Stórhöfði 15, 110 Rvk
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is

bilaborg.is
Sími 517-1111

LAND ROVER Range rover sport hse diesel. Árgerð 2008, ekinn 80 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.490.000. Rnr.115496.

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

STÓRA BÍLASALAN

Subaru Legacy Outback DIESEL Árgerð 8/2009, ekinn 81þ.km, bsk. Meðaleyðsla ca 6,4L. Flottur bíll sem er á staðnum! Verð 3.990.000kr. Raðnúmer 153650. Sjá á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

KTM

KTM 990 Adventure ABS 999cc. 2 cyl. EFI. 6 gíra. ABS bremsur. Litir: Hvítt / svart eða orange / svart. Frábært tilboðsverð á nokkrum hjólum, ný árgerð 2011 á aðeins 2.299.900,- Afgreiðslutími er 3 vikur. Eigum til alla helstu aukahluti á frábærum verðum, töskur, veltigrindur, GPS festingar ofl. til þess að gera þetta að draumaferðahjólinu.

KTM og Husaberg umboðið
Rofabæ 7, 110 Reykjavík
Sími: 586-2800 / 893-2098
www.ktm.is

BVA.is

MMC PAJERO. Árgerð 2007, ekinn 125.þ km, sjálfskiptur. Einn eigandi frá upphafi, alltaf fyrir austan. Verð 5.190.000. Rnr:111847.

TOYOTA LAND CRUISER 90 VX Árgerð 1998, ekinn 267.þ km, dísel, beinskiptur. Nýtt hedd, uppgerðir spíssar. Verð 1.300.000. Rnr:111920

VW PASSAT COMFORTLINE Árgerð 2005, ekinn 97.þ km. dísel, beinskiptur. Mjög gott eintak. Verð 1.990.000. Rnr:110914

Bílaverkstæði Austurlands
Miðás 2, 700 Egilsstaðir
Sími: 4705073
Opið virka daga 9-18
www.bva.is

bilauppbod.is

Þarftu að kaupa eða selja bíl?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

BMW 320CI. Árg 2009, ekinn 42 Þ.KM, bensín, leður, lúga sjálfskiptur. Verð 5.990þ. Skoðar öll skipti. Rnr.122586. Fæst líka á „Góðu" stgr. verði! Óskum eftir bílum á skrá mikil sala.

HONDA Civic sport 1,8. Árgerð 2009, ekinn 62 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590þ TILBOÐ ÓSKAST!! Rnr.122979. Óskum eftir bílum á skrá mikil sala.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn
www.hofdabilar.is

100 bílar.is bílasala

JAGUAR XKR Coupe . Árg 4/2008, ek 10 Þ.KM, 420hö, Sá flottasti, Ein með öllu, Fluttur inn nýr, Ásett verð 14.900.000. Rnr.114909. Er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Toyota árg. ,96, ek. 195 þ. 1300 vél, dr.kúla, þarfnast smá lagfæringa. V. 130þ. eða tilboð. S. 863-2415.

SPARAÐU BENSÍN!
Metan uppfærðu bílinn þinn
VéiRás
Velras.is • Sími: 555 6670
Álhella 4

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu - sparið með MetanLán til allt að 48 mánaða. velras.is

HONDA ACCORD ,04. Ek. 139 þús. Skoðaður ,13. Bíll í fínu standi. Ásett verð 1290 þús. Óska eftir tilboði. S. 891 6769.

TOYOTA LAND CRUISER120 VX. Árg 2008, ekinn 111 Þ.KM, dísel, leður, 8 manna sjálfskiptur. Verð 6.780þ Upplýsingar í síma 5774747

Subaru Impreza árg ,01. Ekinn 206.þ, ssk, 4wd. Beygluð hurð og afturbretti. Verð 520.þ. Tilboð 380.þ. S:6935310

Kangoo vinnubifreið, árg. ,04. Ek. 128þ.km, nýlega yfirfarinn, bremsur, ný tímareim. Áhv. lán, greiðslubyrði rúmlega 13000 á mánuði. Fæst með yfirtöku á láni. S. 699-2074

DISCOVERY 2005
Tilboð 3,9m
Landrover Discovery TDV6 HSE, 7 manna, dísel 13,2/100km, ekinn 122 þús, nýleg heilsársdekk, skoðaður, nýjir klossar + diskar. Engin skipti. Uppl: 774 7777.

Audi A6 árg. ,98 ek.171 þús.km, ssk, leður, skoð. ,13. Flottur bíll sem lítur vel út. Verð 690 þús. uppl. s:616-9269.

SPARITILBOÐ 450.000 !
Gott eintak af Skoda Octavia 1,6 árg.'01 Ek.189 þ.km SK. ,13 Aðeins bein sala s. 6154349.

Til sölu Peugeot station 406 árg. 2004 Silfurlitaður. Ekinn 176.000 km. Ný skoðaður - Sjálfskiptur,góður bíll . Verð 610.000. Upplýsingar í sima 897-0549

Subaru Legacy ,05 ek. 102þ. Sjsk, krókur, filmur. Ný tímareim og kerti. V. 1250þ. stgr. S. 859-4232.



Fallegur BMW 320i ,05, ek. aðeins 64þ. leður, 17" álf, xenon o.m.fl, 2 eig, ný skoð. án ath, dekurbíll m miklum búnaði. V. 2.690þ áhv 1.195þ. Ath skipti. S.845-0066.

Til sölu: M.B.280SE"83. Ekinn 280, nýsk. Verð:450. S.895-9789.

Nissan x-trail SE 4x4 2006 ek. 85þús,ss,lúga,krókur,17"álfelgur. Verð 1,7m kr. Uppl. í s 690 2160.

VW Golf 1.6 árg. 2006-7. Skoðaður 2012. Ekinn 111þ. km. Tilboð 1.300.000 Mjög gott eintak. Sími 8575616.

Toyota Avensis 2003. Ekinn 139.000 km. Beinskiptur, Krókur, Smurbók, Tímakeðja. Nýleg dekk. Nýskoðaður. Ný smurður. Verð 850.000 kr. S: 663-4560

Jeep SRT8
Diablo intuned vél, ekinn 15.900 þ. Árg.'07. DVD spilari. Diablo Tölvukubbur. Ásett 4,990 þ.kr. Stgr 4,390 þ.kr. Skoða skipti á dýrari eða ódýrari S. 663-5764.

Til sölu AUDI A4 SEDAN 1,8T METAN S-LINE. Bíllinn er í toppstandi, var breytt í Metan 2010, helmingi ódýrari í rekstri, ljóst leður, glertopplúga, sjáfskiptur eða bara allur pakkinn. Bíllinn er ekinn aðeins 52.000. Km(Frúarbíll) sér ekki á honum innan sem utan. Ásett verð 4,2 mils Tilboð=3,7mils Uppl. Brynjar sími 821-1691.

Opel Zafira 1999. Góður bíll á aðeins 250.000kr. Ný tímareim, nýir demparar. Bíllinn er ný skoðaður. Uppl. S. 896-6335.

Toyota Land cruiser 90 GX Diesel, 8 manna, ,98. Grænn. 35" dekk, 5 dyra, 5 gíra, skoðaður ,13, ekinn 290.þ. Tilboð 990þ. S. 898-1546.

Toyota Rav4 árg. ,01. e. 146.þ km. SSK. 4X4. Nýleg dekk. Vel með farinn. Verð 990þús. Uppl. í s. 8619064.

Til sölu - Audi A4, 2.0 l, árg. 2005, ekinn 110 þús., ný tímareim og tímakeðja, 2 eigendur og billinn er mjög vel með farinn. Tilboðsverð 1.990 þús. Sími 842 3555.

Til sölu Subaru Outback 2006 2.5. Ekinn 103þús. Toppbíll. Nýskoðaður og smurður. Dráttarkrókur, litað gler, hækkaður að aftan. Ásett verð 2.350þ. TILBOÐ 2.100þ. Aðeins bein sala Upplýsingar í síma 897-6795.

Ford Explorer ,97. Ryðlaust body. Á góðum dekkjum. Fæst fyrir lítið. S. 698 1777.

DODGE GRAND CARAVAN 2005 til sölu á góðum kjörum. Uppl. í síma 664-1057.

Ekinn aðeins 39 þ. km
Til sölu Toyota Raw árg. ,04 ek. 39. þ. km sjálfsk, spoiler, varadekkshlíf, litur silfur, ný heilsársdekk. Bifreiðin er eins og ný. Fæst á 1890 þ. staðgr. Uppl. í s: 896 0015.

Honda crv ,98. Verð 500 þús. eða tilboð. Uppl. í síma 862 3359.

Opel vectra 2,2 árg. ,04 afmælis útgáfa í skipti fyrir pallbíl eða jeppa. S: 865 8367.

0-250 þús.

Til sölu Buick Skylark ,93. Sjálfskiptur. 6 cl. Cruise control. Veltistýri. Skoðaður ,13. Tveir eigendur frá upphafi. Reyklaus. Verð 250 þús. S. 866 9966.

Skoda Felicia ,99 til sölu. Beinskiptur, bensín, 1300cc, keyrður 136þ. Verð 250 þús. S. 692-5269.

!!! Sjálfskiptur tilboð 250þ !!!
Nissan Micra frúarbíll 12/98" ssk ekinn 135þ., ný skoðaður 13 ný nagla dekk fylgja, eyðir 5l ! verð 370þ. TILBOÐ 250þ. 777-3077.

Til sölu

Til sölu framleiðslu mót af þessum bát

50 fet skrokkurinn flottur fiskibátur (kjölur).

Uppl. í s. 896 6278 Gunnar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Hvaleyrarskóli

Hvaleyrarskóli auglýsir eftir leikskólakennara til að starfa með deildarstjóra í fimm ára deild sem starfrækt er í skólanum skólaárið 2012-2013.

Kennt er samkvæmt aðalnámskrá leikskólans og aðalnámskrá yngsta stigs grunnskóla en lögð er sérstök áhersla á skapandi starf og tengsl við fyrstu bekki grunnskólans.

Nánari upplýsingar veita Helgi Arnarson, skólastjóri í síma 664-5893, netfang: helgi@hvaleyrarskoli.is og Marsibil Ólafsdóttir, aðstoðarskólastjóri í síma 664-5869, netfang: marsibil@hvaleyrarskoli.is.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi FÍL fyrir leikskólakennara. Umsóknir berist á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, 220 Hafnarfjörður eða í tölvupósti til skólastjórnenda fyrir 28. september 2012.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

Ert þú jákvæð félagsvera?

Já leitar að þjónustufulltrúum í þjónustuver Já 118 í Reykjavík. Um er að ræða vaktavinnu og 100% starfshlutfall.

- Helstu verkefni þjónustufulltrúa er símsvörun fyrir upplýsinganúmer og skiptiborðsþjónustu Já.
- Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, góðu valdi á íslenskri tungu og enskukunnátta er kostur.

Umsóknir og nánari upplýsingar:

Umsóknarfrestur er til og með **30. september nk.**

Ef þú heldur að þú sért sá eða sú sem hentar í starfið sendu þá umsókn með mynd á netfangið **hjordisb@ja.is**

Nánari upplýsingar veitir Hjördís Búadóttir svæðisstjóri í síma 522 3223.

Já er þjónustufyrirtæki sem hefur þá einföldu stefnu að miðla upplýsingum sem fólk þarfnast í dagsins önn og auðvelda samskipti þess á milli. Já hefur sett sér þau markmið að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu, sjá fyrir og mæta nýjum þörfum viðskiptavina, skapa öflugt og spennandi starfsumhverfi, þróa verðmæt viðskiptasambönd og bera sig saman við þá bestu.

118 | Gulu síðurnar | Já.is | Stjörnur.is | Símaskrá | Já í símann | i.ja.is

já -er svarið

ENNEMM / SÍA / NM54386

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STARF

FRAMKVÆMDASTJÓRA

Framkvæmdastjóri er yfirmaður háskólaskrifstofu. Undir háskólaskrifstofu heyrir öll sameiginleg stjórnsýsla skólans. Stjórnsýslunni er skipt í fimm stoðsvið: skrifstofu rektors, kennslusvið, bókasafn og upplýsingaþjónustu, tölvu- og netþjónustu, og fjármál og rekstur.

Framkvæmdastjóri situr í framkvæmdaráði skólans og tekur þátt í stefnumótun hans ásamt öðrum yfirstjórnendum. Framkvæmdastjóri heyrir undir rektor. Skilgreining á starfi framkvæmdastjóra er samkvæmt nýju skipuriti sem tekur gildi 1. janúar næstkomandi.

Menntun og hæfniskröfur:
- Meistarapróf í viðskiptafræði eða jafngild menntun og reynsla
- Góð þekking á fjármálum, áætlanagerð og verkefnisstjórnun
- Reynsla af rekstri fyrirtækis eða stofnunar
- Þekking á háskólastarfi og innviðum háskóla
- Lifandi áhugi á listum og menningarmálum

Starf framkvæmdastjóra er ábyrgðarmikið starf sem felur í sér fjölbreytt verkefni á ólíkum sviðum háskólans. Starfið krefst lipurðar í samskiptum, skýrrar rökhugsunar, góðra hæfileika til greiningar, og skilnings á flóknu samspili umhverfis og innra starfs. Framkvæmdastjóri þarf að vera dugmikill til verka og ósérhlífinn. Um er að ræða spennandi starf í ungum háskóla í hraðri uppbyggingu.

Umsóknum skal skila á aðalskrifstofu skólans að Þverholti 11, Reykjavík, eigi síðar en ***fimmtudaginn 4. október*** næstkomandi. Farið er með nöfn umsækjenda sem trúnaðarmál. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Upplýsingar um starfið veita:
Gunnhildur Arnardóttir gunnhildurarnar@ceohuxun.is
og Trausti Harðarson traustihardar@ceohuxun.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun með viðurkennningu á fræðasviðinu listir. Skólinn starfar í fimm deildum: myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild, tónlistardeild, leiklistar- og dansdeild, og listkennsludeild. Nemendur eru um 480, þar af einn fimmti á meistarastigi. Skólinn starfar á þremur stöðum í Reykjavík: Þverholti, Sölvhólsgötu, og Laugarnesvegi. Rektor er Hjálmar H. Ragnarsson, tónskáld.

BRAMMER

Brammer er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem dreifingaraðili á rekstrarvöru iðnaðar, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæða vörur og sveigjanlega þjónustu.

Brammer leitar að starfsmönnum í eftirfarandi störf í Reykjavík og Hafnarfirði:

INNKAUP OG SALA

Starfssvið: Innkaup og sala á vörum, samskipti við birgja, samskipti við sölumenn og vörustjóra, svörun fyrirspurna og þjónusta við viðskiptamenn, eftirlit með birgðastöðu og veltuhraða ásamt yfirmanni.

Hæfniskröfur: Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg, þekking á rekstrarvörum í iðnaði er kostur. Hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki, mjög góð tölvu- og enskukunnátta.

INNKAUP OG VÖRUSTÝRING

Starfssvið: Umsjón með innkaupum og vörustjórnun, samskipti við erlenda og innlenda birgja, eftirlit með framlegð og veltuhraða, greininga- og ferlavinna.

Hæfniskröfur: Viðkomandi þarf að hafa reynslu af innkaupum og vörustjórnun, góða greiningarhæfni – þekking af rekstrarvörum í iðnaði er kostur. Hæfni í mannlegum samskiptum, mjög góð tölvu- og enskukunnátta – þekking á ERP kerfum kostur.

STARFSMAÐUR Á SKRIFSTOFU

Starfssvið: Launavinnsla, starfsmannamál, skjalavinnsla auk annarra tilfallandi verkefna..

Hæfniskröfur: Mjög góð ensku- og tölvukunnátta, hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt, faglegur metnaður.

STARFSMAÐUR Í VÖRUHÚS

Starfssvið: Móttaka á vörum og skráning í birgðakerfi, tiltekt pantana og afgreiðsla á vörum úr vöruhúsi, akstur með vörur auk tilfallandi starfa.

Hæfniskröfur: Reynsla af starfi í vöruhúsi, áreiðanleiki, góð samskiptahæfni, almenn tölvukunnátta, góð enskukunnátta auk gildra öku- og vinnuvélaréttinda.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsóknir á iceland-careers@brammer.biz. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf á ensku og íslensku, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í viðkomandi starf.

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Vilt þú taka þátt í spennandi uppbyggingu á þjónustu Öldrunarheimila Akureyrar?
Laus er til umsóknar staða framkvæmdastjóra Öldrunarheimila Akureyrar. Leitað er að metnaðarfullum aðila til að stýra þróun og rekstri heimilanna.

Á Öldrunarheimilum Akureyrar fer fram fjölbreytt og áhugaverð starfsemi sem stöðugt er í þróun. Á heimilunum er unnið eftir Eden hugmyndafræðinni sem leggur áherslu á sjálfræði, virðingu, heimilisbrag, gleði og aukin lífsgæði íbúanna. Öldrunarheimili Akureyrar reka tvö heimili: Hlíð og Lögmannshlíð. Skammtímadvöl og dagþjónusta er einnig starfrækt í Hlíð. Ennfremur sjá Öldrunarheimilin um þjónustu við íbúa nokkurra nágrannasveitarfélaga samkvæmt sérstökum samningi. Um 400 manns njóta þjónustu heimilanna á ársgrundvelli. Fjöldi starfsmanna er um 400 í u.þ.b. 200 stöðugildum.

Starfssvið:
- Ábyrgð á stjórnun og rekstri Öldrunarheimila Akureyrar
- Starfsmannastjórnun
- Fagleg forysta í þróun starfseminnar
- Stefnumótun og samningagerð
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Upplýsingagjöf og náið samstarf við félagsmálaráð Akureyrar
- Mikil samskipti og samvinna innan stjórnsýslu og utan

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið framhaldsnámi í stjórnun, öldrunarfræðum eða öðru sambærilegu námi
- Reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði
- Þekking og reynsla í öldrunarmálum er æskileg
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð kunnátta í ensku og einu norðurlandamáli er æskileg
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Áhersla er á skilning og áhuga á þörfum og þjónustu við aldraða.
Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda, menntun, stjórnunarreynslu og þau verkefni sem hann hefur sinnt og geta varpað ljósi á færni hans til að sinna starfi framkvæmdastjóra ÖA. Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Umsjón með starfinu hafa Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 8. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.

Capacent Ráðningar
Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

VIÐSKIPTASTJÓRI

Samskip eru flutningafyrirtæki sem eru með starfstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu og veitir faglega ráðgjöf. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

Samskip óska eftir að ráða viðskiptastjóra í innanlandsdeild Landflutninga.

Starfssvið
- Sala og kynning á þjónustu Landflutninga
- Öflun nýrra viðskipta sem og söluheimsóknir til viðskiptavina
- Tilboðs og samningagerð
- Samskipti við innri og ytri viðskiptavini
- Þátttaka í markaðs- og söluáætlunum
- Ýmis önnur verkefni

Menntunar- og hæfnikröfur
- Menntun á háskólastigi æskileg
- Haldgóð reynsla af sölumennsku
- Góð enskukunnátta æskileg
- Skipulagni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Kappsemi og góðir samskiptahæfileikar
- Talnagleggni og góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

VILTU HAFA ÁHRIF?

Capacent leitar að öflugum einstaklingum til starfa á ráðgjafarsviði Capacent. Starfið felst í að vinna með viðskiptavinum okkar að framförum þeirra og bættum árangri í margskonar rekstri. Ráðgjafi vinnur sjálfstætt eða í hópi við öflun verkefna, úrlausn þeirra og uppbyggingu langtíma viðskiptasambanda.

Hæfniskröfur:
- Framúrskarandi greiningarhæfni
- Drifkraftur og hugmyndaauðgi
- Háskólamenntun á framhaldsstigi
- Rekstrar- og stjórnunarreynsla
- Reynsla af stýringu verkefna, breytinga- og innleiðingarverkefnum
- Sveigjanleiki, samskipta- og leiðtogahæfileikar
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, skrifleg og töluð



Við erum tilbúin til viðræðna við afburða fólk á öllum sviðum rekstrar og stjórnunar en leitum nú sérstaklega að einstaklingum með eftirfarandi færni:

RÁÐGJAFI Á SVIÐI FJÁRMÁLA- OG FYRIRTÆKJARÁÐGJAFAR

Verkefni fjármála- og hagfræðihóps Capacent tengjast fjármálum, hagfræði, áætlanagerð og rekstri fyrirtækja. Algeng verkefni eru verðmat fyrirtækja, arðsemismat, gerð viðskiptaáætlana, aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja, áreiðanleikakannanir og fjárhagsleg endurskipulagning. Nýr ráðgjafi mun taka virkan þátt í áframhaldandi mótun og þróun lausna á þessu sviði.

Menntunar- og hæfniskröfur: Ráðgjafi á sviði fjármála- og fyrirtækjaráðgjafar þarf til viðbótar við ofangreinda hæfni að búa yfir verulegri reynslu af fjármálastjórnun og rekstri. Háskólamenntun þarf að vera á sviði viðskipta, fjármála, verkfræði eða hagfræði.

RÁÐGJAFI Á SVIÐI STEFNUMÓTUNAR

Verkefni stefnumótunarhóps Capacent lúta að stefnumótun, skipulagi, stjórnun og innleiðingu stefnu. Algeng verkefni eru greining á stöðu, stefnumótun, innleiðing stefnumótunar og eftirfylgni.

Menntunar- og hæfniskröfur: Ráðgjafi á sviði stefnumótunar þarf til viðbótar við ofangreinda hæfni að búa yfir verulegri reynslu af stefnumótun og innleiðingu stefnu. Háskólamenntun getur verið á sviði viðskipta- og/eða verkfræði, en önnur menntun kemur vel til greina.

Hlutverk Capacent er að vinna að framförum viðskiptavina og starfsmanna. Við nýtum þekkingu okkar og reynslu til að veita viðskiptavinum ráðgjöf, upplýsingar og lausnir sem skila árangri. Starfið hjá Capacent er áskorun sem þroskar og eflir starfsmenn. Í hópi viðskiptavina Capacent eru flest öflugustu fyrirtæki landsins, auk fjölmargra opinberra aðila. Starfsemi Capacent er á þremur meginsviðum; rannsóknum, ráðgjöf og ráðningum. Capacent er fyrirtæki í eigu starfsmanna og gildin okkar eru heilindi, liðsandi og metnaður.

Umsjón með störfunum hafa Ingvi Þór Elliðason, forstjóri Capacent (ingvi.ellidason@capacent.is) og Ragnheiður S. Dagsdóttir hjá Capacent ráðningum (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is). Umsóknarfrestur er til og með 3. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

Spennandi og krefjandi verkefni framundan

verkfræðingar - verkfræðingar - verkfræðingar

Meðalstór verkfræðistofa í góðum rekstri óskar eftir að ráða reynda verkfræðinga til starfa
í boði er faglegt vinnuumhverfi, fjölbreytt verkefni og góð verkefnastaða
Lögð er áhersla á góðan starfsanda og tækifæri til starfsþróunar í öflugum hópi sérfræðinga
Samkeppnishæf laun og starfsmenn metnir að verðleikum

Burðarþolshönnun

- M.Sc. í byggingarverkfræði
- Nokkurra ára reynsla af burðarþolshönnun
- Metnaður, vandvirkni og góð samskiptahæfni

Lagnahönnun

- M.Sc. eða B.Sc. í verk- eða tæknifræði
- Nokkurra ára reynsla af lagnahönnun
- Metnaður, vandvirkni og góð samskiptahæfni

Framkvæmdaeftirlit

- M.Sc. eða B.Sc. í verkfræði eða tæknifræði
- Nokkurra ára reynsla af framkvæmdaeftirliti
- Metnaður, vandvirkni og góð samskiptahæfni

Ef eitthvað af þessu freistar þín og þú ert verkfræðingur með góða reynslu þá viljum við gjarnan hitta þig yfir kaffibolla í stutt spjall. Það eina sem þú þarft að gera er að slá á þráðinn til Lindar hjá Talent í síma 552-1600 eða senda henni tölvupóst á lind@talent.is og heyra meira. Við tökum vel á móti þér og fullum trúnaði er heitið.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is, eða með því að senda ferilskrá á lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 30. september nk.

TALENT RÁÐNINGAR

Linnetsstíg 1 | 220 Hafnarfirði | talent@talent.is | Sími 552-1600

Viltu þjóna flugi með okkur?

Isavia auglýsir eftir nemum í flugfjarskiptanám. Námið hefst í byrjun nóvember n.k. og áætluð námslok eru í maí 2013. Þeim nemum sem standast próf og aðrar tilskyldar hæfniskröfur verður að námi loknu boðið starf flugfjarskiptamanns hjá Isavia.

Námið er tvíþætt:

Bóklegur hluti í 12 vikur, en seinni hlutinn er starfsþjálfun 16–20 vikur í flugfjarskiptastöð Isavia–Gufunesi. Nemendur eru á launum á námstímanum.

Nánari upplýsingar:

Upplýsingar um námið veitir Hallgrímur Sigurðsson í síma 892 6265 eða **hallgrimur.sigurdsson@isavia.is.**

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Tölvukunnátta og góður skrifhraði á tölvu æskilegur.
- Góð tök á íslenskri og enskri tungu, ásamt rituðu máli.
- Nýnemar þurfa að standast heyrnarpróf.

Umsóknum skal skila á:

www.isavia.is/atvinna til og með **5. október.**

Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna.

Hjá Isavia starfa um 630 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlands- jafnt sem millilandaflug auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Fjarskiptastöðin í Gufunesi heldur uppi talfjarskiptum og þar starfa um 40 manns. Starfsemin skiptist í talviðskipti við flugvélar og rekstur á AFTN/CIDIN skeytarofa.

Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

isavia

12-1864 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

MEDIS

Medis leitar að öflugum liðsmönnum til að slást í hóp 85 starfsmanna á Íslandi og erlendis. Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja. Velta fyrirtækisins er um 200 milljónir evra á ári og meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki í Evrópu. Medis varð í fyrsta sæti 244 fyrirtækja á Íslandi sem uppfylltu skilyrði sem Creditinfo setti til að fá vottun sem Framúrskarandi fyrirtæki 2011.

Business Development Manager

Helstu verkefni:

- Tilboðsgerð og samskipti við viðskiptavini
- Samningaviðræður
- Leit að nýjum viðskiptatækifærum, auk virkrar þátttöku í áætlanagerð
- Samskipti við starfsfólk Medis og Actavis hérlendis sem erlendis

Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun í lyfjafræði eða sambærilega menntun
- með starfsreynslu á sviði samningagerðar og krefjandi samskipta (kostur)
- með mjög góða ensku- og tölvukunnáttu
- sem vinnur vel undir álagi og hefur hæfni til að fylgja verkefnum eftir
- sem býr yfir mikilli samstarfs- og skipulagshæfni
- sem er sveigjanlegur og setur ferðalög ekki fyrir sig
- sem er skemmtilegur í góðum hópi samstarfsfélaga

Deildarstjóri Finance and Administration

Helstu verkefni deildarinnar:

- Mánaðarleg fjárhagsuppgjör og áætlanagerð
- Markmiðasetning og kostnaðaraðhald
- Reikningagerð og innheimtur viðskiptakrafna
- Skrifstofuhald, fjárhagslegar greiningar, þátttaka í áætlunar- og skýrslugerð til stjórnenda

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði, helst á sviði endurskoðunar eða fjármála
- Marktæk reynsla af fjármálastjórnun og haldgóð stjórnunarreynsla
- Þekking á bókhaldi, bókhalds- og uppgjörskerfum
- Frumkvæði og sjálfstæði ásamt skipulögðum og öguðum vinnubrögðum
- Mjög góð samskiptahæfni
- Mjög góð enskukunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli

Fleiri laus störf á www.actavis.is

Tæknimaður

Tæknideild er hluti af starfsemi Actavis hf. og sér um viðhald og eftirlit með tækjabúnaði í verksmiðju og rannsóknarstofu fyrirtækisins, sem staðsett er í Hafnarfirði. Öll viðhaldsvinna er skráð í þjónustuskýrslur/viðhaldsforrit. Unnið er á tvískiptum vöktum; dag- og kvöldvöktum auk bakvakta.

Helstu verkefni:

- Fyrirbyggjandi viðhald, viðgerðir, eftirlit og breytingar á tækjabúnaði framleiðslu- og rannsóknarsviða
- Þátttaka í uppsetningu á fyrirbyggjandi viðhaldi og nýjum tækjabúnaði
- Skiptingar á milli vörutegunda og uppstart á pökkunarlínum
- Þátttaka í gildingarvinnu og kvörðunum á tækjabúnaði Actavis

Við leitum að einstaklingi

- með vélfræði- eða vélvirkjamenntun
- með reynslu af viðgerðum á vélbúnaði, stýringum og rafbúnaði (nauðsynlegt)
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni, sjálfstæði vinnubrögðum og frumkvæði
- með góða ensku- og tölvukunnáttu



Hjá Actavis bjóðum við upp á:

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag

Nánari upplýsingar um Medis veitir Jenný Sif Steingrímsdóttir, **jsteingrimsdottir@actavis.is** og um Tæknideild, Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir, **risaksdottir@actavis.is**
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **30. september nk**.
Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa um 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.

Laus er til umsóknar staða ráðgjafa á sviði starfsendurhæfingar í Vestmannaeyjum

Um er að ræða samvinnuverkefni VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs, VR auk annarra stéttarfélaga í Vestmannaeyjum.

Ráðgjafinn mun halda utan um starfsendurhæfingarmál félagsmanna í Vestmannaeyjum sem eru óvinnufærir vegna slysa eða sjúkdóma, í þeim tilgangi að aðstoða þá við að auka vinnugetu sína og varðveita vinnusamband þeirra. Um er að ræða mjög krefjandi starf í umhverfi sem er enn í mótun og uppbyggingu.

Helstu verkefni ráðgjafans verða:

- Stuðningur, ráðgjöf og hvatning fyrir einstaklinga
- Upplýsingaöflun og mat skv. viðurkenndum aðferðum
- Umsjón, eftirfylgni og leiðsögn varðandi endurhæfingaráætlanir einstaklinga, í samstarfi við fagaðila
- Samstarf við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir vegna verkefnisins

Helstu hæfniskröfur vegna starfsins eru:

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda sem nýtist í starfi (t.d. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, náms- og starfsráðgjafar, sálfræði eða sjúkraþjálfunar)
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði starfsendurhæfingar er æskileg
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Áhugi á að vinna með einstaklingum og geta til að skilja og setja sig inn í mismunandi aðstæður einstaklinga
- Sveigjanleiki, færni og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Geta til að koma frá sér efni í ræðu og riti

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Umsóknarfrestur er til og með **1. október 2012.** Umsókn skal skila til **virkumsokn@vr.is**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

Aðstoð óskast á tannlæknastofu í Reykjavík

Tannlæknastofa í Reykjavík óskar eftir aðstoð/tanntækni til starfa. Um er að ræða 70% starf til klukkan 18 alla virka daga. Umsóknir skuli berast í box@frett.is merktar **Aðstoð/tanntæknir** og **umsóknarfrestur er til 27. september**.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sérfræðingur á skrifstofu fjármála og rekstrar

Innanríkisráðuneytið auglýsir stöðu sérfræðings lausa til umsóknar. Starfið felur m.a. í sér ábyrgð á undirbúningi við gerð fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga, fyrir hönd ráðuneytisins.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði
- A.m.k. þriggja ára starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Góð þekking og reynsla af notkun töflureikna og gerð reiknilíkana er æskileg
- Reynsla af fjárlagagerð æskileg
- Þekking á stjórnsýslunni og ríkisfjármálum er kostur.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og samstarfi.
- Góð skipulagshæfni, frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt

Helstu verkefni:

- Undirbúningur fjárlaga fyrir hönd ráðuneytis og stofnana þess
- Kostnaðarmat frumvarpa og reglugerða
- Áætlanagerð og kostnaðargreining

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf.

Nánari upplýsingar veitir Pétur U. Fenger, skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu, í síma 5459000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 8. október nk. Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu ráðuneytisins: http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/storf/. Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík.

Þörungaverksmiðjan hf. óskar eftir að ráða í starf yfirvélstjóra og viðhaldsstjóra á Reykhólum.

Starfið felst aðallega í vélstjórn og viðhaldi um borð í þangflutningaskipinu Gretti BA, auk þess sem viðkomandi sér um viðhald á þangskurðarprömmum félagsins, viðhaldi í verksmiðjunni á Reykhólum og önnur tilfallandi störf hjá fyrirtækinu. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um.

Um Þörungaverksmiðjuna

Þörungaverksmiðjan rekur þurrkverksmiðju á Reykhólum, þar sem þang og þari eru þurrkuð í mjöl í háum gæðaflokki. Bæði framsleiðsla og hráefnisöflun fyrirtækisins hafa lífræna vottun. Meginhluti framleiðslunnar er seldur á erlendum mörkuðum, þar sem hún er m.a. nýtt í framleiðslu í lyfja- og snyrtivöruiðnaði auk framleiðslu á fóðurbæti, áburði og fleiru.

Verksmiðjan gerir út þangflutningaskipið Gretti BA, tvo dráttarbáta og sex slátturpramma til þangskurðar í og við Breiðafjörð.

Þörungaverksmiðjan er í eigu FMC BioPolymer (71%) og Byggðastofnunar (28%). Ársverk eru um 14 auk starfa verktaka við þangslátt. Rekstur Þörungaverksmiðjunnar gengur vel og er fyrirhugað að efla hann enn frekar á komandi árum.

Komdu og **skarað**u fram úr
með okkur

Vegna aukinna verkefna og endalausra tækifæra leitar Advania að metnaðarfullum einstaklingum í fjölbreytt störf. Ef þú hefur áhuga á að vinna í skemmtilegu umhverfi meðal fagfólks í fremstu röð þá erum við að leita að þér.

Verkefnastjóri rekstrarlausna
Verkefnastjóri stýrir fjölbreyttum og krefjandi IT verkefnum, stórum og smáum.

Hugbúnaðarsérfræðingur í bankalausnum
Forritun og þróunarvinna fyrir banka- og verslunarlausnir fyrirtækisins.

Hugbúnaðarsérfræðingur fyrir Dynamics Ax
Forritun á lausnum í Microsoft Dynamics AX fyrir viðskiptavini Advania.

Fjárhagsráðgjafi í Oracle
Fjárhagsráðgjafar koma að innleiðingu og uppsetningu á fjárhagskerfum fyrir viðskiptavini og veita þeim ráðgjöf og tæknilega aðstoð.

Kerfisstjóri
Ábyrgð á rekstri, umbótum og framþróun á grunnkerfum í hýsingarumhverfi Advania.

Hugbúnaðarsérfræðingur á viðskiptalausnasviði
Starfið felst í þróun, forritun, ráðgjöf og innleiðingum fyrir viðskiptavini Advania.

Deildarstjóri notendabúnaðar
Yfirábyrgð á rekstri verslunar, vefverslunar og viðgerðarþjónustu Advania ásamt vörustýringu á notendabúnaði.

Sérfræðingur í samskiptalausnateymi
Rekstur, framþróun og innleiðing á hýstri símalausn Advania. Starfið felur einnig í sér ráðgjöf og þjónustu á sviði tengdra lausna.

Hugbúnaðarsérfræðingur í LS POS
Verkefnin tengjast LS POS kassakerfinu, vefþjónustutengingum við viðskiptakerfi Advania og þróun eigin sérlausna.

Sölusérfræðingur hýsinga- og þjónustulausna
Söluráðgjöf og tæknileg aðstoð við gagnahýsingu og rekstrarþjónustu til viðskiptavina. Í starfinu felast mikil erlend samskipti.

Sérfræðingur í netlausnum
Aðkoma að rekstri og framþróun á netkerfi Advania ásamt því að veita viðskiptavinum ráðgjöf og þjónustu í tengslum við rekstur netkerfa.

Advania er stærsta þekkingarfyrirtæki Íslands með 1.100 starfsmenn í fjórum löndum og höfuðstöðvar í hjarta Reykjavíkur. Í boði eru spennandi verkefni, góðar vinnuaðstæður og skemmtilegir vinnufélagar. Í bónus færðu æðislegt félagslíf og eitt dekraðasta mötuneyti Norður-Evrópu. Við viljum vera besti vinnustaður landsins!

Kíktu á **advania.is/atvinna** og fáðu nánari upplýsingar um störfin eða hringdu í síma 440 9000 og spurðu um Nínu. Umsóknarfrestur er til og með 30. september.

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

advania
Welcome to IT

Markaðs- og miðlarannsóknir

Sérfræðingur á sviði markaðsrannsókna

MMR býður upp á alhliða þjónustu á sviði markaðsrannsókna og starfar fyrir leiðandi markaðsfyrirtæki, innlend sem erlend.

Við leitum nú að hæfileikaríkum sérfræðingi til að takast á við fjölbreytt rannsóknaverkefni í skemmtilegu starfsumhverfi.

Verkefni sérfræðings eru meðal annars:
- Mótun og uppsetning rannsóknaverkefna
- Umsjón með megindlegum og eigindlegum rannsóknarverkefnum
- Framsetning og kynning rannnsóknarniðurstaðna

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Viðkomandi þarf að hafa mjög góða ritfærni og íslenskukunnáttu
- Vera töluglöggur
- Háskólamenntun með áherslu á rannsóknaraðferðir félagsvísinda (BA eða hærra)
- Vera forvitinn að eðlisfari og geta starfað sjálfstætt

Öllum umsækjendum er heitið fullum trúnaði.
Umsóknir sendist til Ólafs Þórs Gylfasonar, framkvæmdastjóra MMR, á olafur@mmr.is
Umsóknarfrestur er til 30. september.
Nánari upplýsingar um MMR á **www.mmr.is**

MMR / Markaðs og miðlarannsóknir ehf / Laugavegi 174 / 105 Reykjavík

Leiðbeinandi í hlutastarf– Frístundafjör Aftureldingar

UMFA

Frístundafjörið er samstarfsverkefni Aftureldingar og bæjaryfirvalda Mosfellsbæjar og er fyrir 1.-2. bekkjar nemendur í grunnskóla.
Óskað er eftir starfskrafti sem er með reynslu í starfi með börnum og er æskilegt að þessi aðili sé íþróttamenntaður, í námi á íþróttabraut, sé með reynslu við þjálfun og/eða með brennandi áhuga á íþróttum.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Vinnutími frá kl. 14 – 15.30 mán – fim.

Umsóknir sendast á umfa@afturelding.is **fyrir fimmtudaginn 20. september.** Frekari upplýsingar um starfið veitir Halldór Steingrímsson, Íþróttastjóri Aftureldingar í síma 844-1321.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Laus störf á frístundarheimilum

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða frístundaleiðbeinendur og stuðningsfulltrúa til starfa með börnum á frístundaheimilum í Hafnarfirði.Vinnutími er frá 13.00 - 17.00.
Menntunar og hæfniskröfur:

Frístundaleiðbeinendur:
Uppeldismenntun æskileg en ekki skilyrði. Hæfni í mannlegum samskiptum

Stuðningsfulltrúar:
Reynsla eða menntun sem nýtist í starfi æskileg. Hæfni í mannlegum samskiptum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skilað í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar merktar **„Starfsfólk – börn og ungmenni“** eða með rafrænum hætti á lindah@hafnarfjordur.is

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um þessi störf.

Nánari upplýsingar um störfin veita Linda Hildur Leifsdóttir og Erla Björk Hjartardóttir. Senda má fyrirspurnir á lindah@hafnarfjordur.is og erlabh@hafnarfjordur.is eða hafa samband við skrifstofu æskulýðsmála í síma 585-5500.

Skrifstofa æskulýðs- og tómstundamála.

Sæktu um á brimborg.is í dag

Bifvélavirki óskast

Ford þjónustuverkstæði Brimborgar óskar eftir bifvélavirkja

Spennandi starfsumhverfi. Krefjandi verkefni og skemmtilegt starf. Hefur þú áhuga á því?

Þá gætir þú verið næsti liðsmaður í hóp starfsmanna á Ford þjónustuverkstæði Brimborgar. Við óskum eftir bifvélavirkja sem vill vera hluti af öflugu teymi með það hlutverk að halda Ford bílunum í toppformi. Bifvélavirkja sem vill eiga samleið með Ford inn í framtíðina.

Starfslýsing

Þú sinnir viðgerðum á bifreiðum eftir leiðbeiningum frá framleiðanda og öðrum gögnum. Þú mætir óskum viðskiptavina Brimborgar og veitir þeim fyrsta flokks þjónustu. Þú ert vakandi yfir umhverfi þínu og naskur við að koma auga á vandamál.

Nánari upplýsingar

Brimborg leggur mikla áherslu á þau kjarnagildi og meginreglur sem fyrirtækið vinnur eftir. Ábyrgð, tillitssemi, umburðarlyndi, og lærdómsfýsn eru einnig eiginleikar sem viðkomandi þarf að vera reiðubúinn að tileinka sér.

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í bifvélavirkjun
- Stundvísi og snyrtimennska
- Ríkþjónustulund
- Heiðarleg og vönduð vinnubrögð
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Grunnþekking á tölvur
- Íslensku- og enskukunnátta
- Gilt bílpróf

Vinnutími er 8.00 - 17.15 mán til fim, fös 8.00 - 16.15

Brimborg leggur mikla áherslu á gott vinnuumhverfi og reglulega þjálfun í starfi. Góð laun ásamt góðum tekjumöguleikum á fjörugum vinnustað.

Umsóknarfrestur er til og með **30. september.**

Ford

Nánari upplýsingar veitir þjónustustjóri Ford hjá Brimborg í síma 515-7054 eða netfangi hjorturh@brimborg.is. Sótt er um starfið á heimasíðu fyrirtækisins, **www.brimborg.is**

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | brimborg.is

Launafl ehf er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð.

Launafl ehf. óskar eftir að ráða

reyndan blikksmið

með full réttindi til starfa nú þegar.
Góð laun í boði.

Nánari upplýsingar veitir
Adda Ólafsdóttir, starfsmannastjóri og Magnús Helgason, framkvæmdastjóri.

Hægt er að senda fyrirspurnir og umsóknir á adda@launafl.is eða magnus@launafl.is.

LA LAUNAFL

www.launafl.is – sími 414-9400

Parlogis leitar að

FRAMKVÆMDASTJÓRA REKSTRARSVIÐS

til að stýra vöruhúsa- og dreifingarstarfsemi fyrirtækisins

STARFSSVIÐ

Framkvæmdastjóri Rekstrarsviðs ber ábyrgð á þróun og daglegri starfsemi vöruhúss og dreifingar. Hlutverk hans er að tryggja hagkvæmni og áreiðanleika í rekstri vöruhússins, þróa ferla vörustjórnunar og finna hagkvæmustu lausnir með áreiðanleika og metnað að leiðarljósi. Í vöruhúsi Parlogis starfa í dag um þrjátíu starfsmenn í fjórum deildum fyrirtækisins.

MENNTUN OG HÆFNI

- Reynsla af vöruhúsarekstri
- Háskólamenntun á sviði verkfræði eða sambærileg menntun
- Þekking á ferlagreiningu og hæfileikar til að stýra breytingum
- Þekking á upplýsingatæknimálum í tengslum við vöruhús og dreifingu
- Leiðtogahæfileikar

Umsóknir óskast sendar á netfangið **gudny@parlogis.is**.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðný Rósa Þorvarðardóttir, forstjóri Parlogis, á netfangið **gudny@parlogis.is** eða í síma **5900 250**.

Parlogis er framsækið vörustjórnunarfyrirtæki og sérhæfum við okkur í víðtækri vörustjórnun fyrir okkar viðskiptavini sem markaðssetja vörur innan heilbrigðis-og heilsuvörugeirans. Víðtæk vörustjórnun okkar felur í sér allt frá aðstoð við birgðastýringu og innflutning á vörum til pantanamóttöku og dreifingar til kaupendahópsins. Hjá Parlogis starfa tæplega 60 starfsmenn.

VR Framúrskarandi fyrirtæki 2010 | VR Framúrskarandi fyrirtæki 2011

Parlogis | Krókhálsi 14 | 110 Reykjavík | Sími 590 0200 | Fax 590 0201

parlogis
VÍÐTÆK VÖRUSTJÓRNUN

STARFSFÓLK Í ÞJÓNUSTUVER STRÆTÓ BS.

Við auglýsum eftir ábyrgu og kröftugu starfsfólki í þjónustuver Strætó. Í boði er fjölbreytt framtíðarstarf við góðar starfsaðstæður á Hesthálsi 14. Viðkomandi þarf að vera eldri en 25 ára, skipulagður og námsfús. Starfið hentar báðum kynjum. Starfsfólk þjónustuvers vinnur með fjölþætt upplýsingakerfi og tryggir eins hnökralausan akstur hjá Strætó og framast er unnt.

Helsta starfssvið:

- Dagleg stýring vagnaflota Strætó (e. Control center).
- Vinnsla í upplýsingakerfum þjónustuvers.
- Skipulag og undirbúningur aksturs við frávik frá gildandi áætlun (e. Incident Management).
- Yfirumsjón og ábyrgð með frávikum á akstri vegna viðburða (e. Event Management).
- Þátttaka í hönnun á nýjum þjónustuþáttum.
- Innri og ytri þjónusta við starfsfólk og farþega.
- Ferðatengd upplýsingagjöf.
- Uppfærsla á heimasíðu.
- Vaktavinna (unnið um helgar).

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð tölvuþekking og áhugi á tækninýjungum.
- Almenn þekking á leiðakerfi Strætó er kostur ásamt þekkingu á gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins.
- Jákvæðni og sveigjanleiki er skilyrði ásamt hæfni í mannlegum samskiptum.
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi.
- Stundvísi og heiðarleiki.
- Skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Reynsla af þjónustustarfi er kostur.
- Geta til að starfa undir álagi.
- Gott vald á íslensku og mælandi á ensku.
- Þolinmæði og kurteisi.
- Stúdentspróf er æskilegt.

Nánari upplýsingar veitir
Júlía Þorvaldsdóttir, sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs.
Sími 540-2700,
netfang: julia@straeto.is.

Umsóknir berist til
julia@straeto.is

Umsóknarfrestur er til 13. október 2012.
Öllum umsækjendum verður svarað fyrir 10. nóvember.

Ef þig langar að starfa eftir þessum gildum og taka þátt í því góða starfi sem á sér stað innan Strætó hvetjum við þig til að sækja um.

strætó.is

Strætó er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk þess er að sinna almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Strætó starfar í anda gæðastjórnunar og er í vottunarferli vegna stefnu sinnar í öryggis- og umhverfismálum.

Gildi Strætó eru stundvísi, áreiðanleiki, fagmennska og gæði. Ætlunarverk Strætó er að bjóða hagkvæmar, fjölþættar og umhverfisvænar almenningssamgöngur. Strætó er handhafi forvarnarverðlauna VÍS.

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Hugbúnaðarsérfræðingur óskast til starfa

Starfið, sem er fullt starf, felst í forritun umsókna- og gagnagrunnskerfis fyrir Rannís. Unnið er í Spring Framework umhverfi (platforms) í SpringROO, Eclipse, Apache, ofl.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði hugbúnaðarfræða eða annað sambærilegt nám skilyrði
- Þekking á Java forritun
- Þekking á SQL
- Reynsla af hugbúnaðargerð er kostur
- Góð samskiptafærni áskilin
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

Upplýsingar um starfið veitir Sigurður Björnsson, sviðstjóri tækni og nýsköpunarsviðs. Sími 515 5801 eða sigurdur@rannis.is.

Umsóknarfrestur er til og með 7. október 2012
Sjá nánari upplýsingar á www.rannis.is

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins og hefur umsjón með opinberum samkeppnissjóðum s.s. Rannsóknasjóði og Tækniþróunarsjóði. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun og gerir áhrif þeirra á þjóðarhag sýnileg. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

HNOTSKÓGUR gatisk hönnun

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

FISKVINNSLUFÓLK ÓSKAST

Stakkavík ehf. óskar eftir að ráða vant fólk í snyrtingu á starfsstöð sína í Grindavík.

Mikil vinna í boði.
Hægt að byrja strax!

Stakkavík ehf

Upplýsingar gefa:
Jón G. Ottósson, s. 893 9606, jgo@stakkavik.is
og Hermann Ólafsson, s. 893 8887

ALLRA

Ráðgjafi / sölufulltrúi óskast

- Leitum að duglegum og heiðarlegum einstaklingum, með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði, drifkraftur og skipulögð vinnubrögð eru góðir eiginleikar. Þarf að geta unnið í hóp án vandkvæða.
- Allra Ráðgjöf er ungt og framsækið fyrirtæki sem miðlar fjárhagslausnum og tryggingum.
- Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
  Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál !

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá sendist á
atvinna@allra.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
BESTU BROTIN AF X-INU
visir - oft á dag

www.vso.is

VSÓ RÁÐGJÖF

Verkfræðingar

Leitað er að ungum verfræðingum til starfa, áhugasömu og tápmiklu fólki sem býr yfir:

- A.m.k. 3-5 ára starfsreynslu.
- Faglegum metnaði og vilja til að þroskast í starfi.
- Kunnátu í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Góðum hæfileikum til að tjá sig í ræðu og riti.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Störfin felast einkum í almennri framkvæmdaráðgjöf, áætlanagerð, margskonar þjónustuútboðum og eftirliti með framkvæmdum. Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið framhaldsnámi (M.Sc.) og séu reiðubúnir til að sinna verkefnum bæði hér á landi og í Noregi.

Starfsmaður í móttöku

Leitað er að starfsmanni í fullt starf í móttöku fyrirtækisins, starfsmanni sem:

- Hefur gott vald á íslensku og ensku, kunnátta í a.m.k. einu Norðurlandamáli er kostur.
- Hefur mjög góða alhliða tölvukunnáttu.
- Er stundvís, reglusamur og sjálfstæður í vinnubrögðum.
- Er jákvæður og lipur í mannlegum samskiptum.
- Hefur metnað og vilja til að þroskast í starfi.

Meðal viðfangsefna verður símsvörun og móttaka viðskiptavina, innkaup rekstrarvöru, þátttaka í vefstjórn ytri og innri vefja, umsjón skjalastjórnunarkerfis, aðstoð við bókhald o.fl.

Starfsmaður í mötuneyti

Leitað er að starfsmanni í hálft starf, frá kl. 10-14 virka daga, í mötuneyti fyrirtækisins, starfsmanni sem:

- Er hugmyndaríkur og hefur góða þekkingu og áhuga á matargerð.
- Er stundvís, reglusamur og sjálfstæður í vinnubrögðum.
- Er jákvæður og lipur í mannlegum samskiptum.

Starfið felst m.a. í aðstoð við matargerð ásamt undirbúningi máltíða og frágangi í eldhúsi. Auk VSÓ þjónar mötuneytið öðrum fyrirtækjum í Borgartúni 20 en í húsinu starfa að jafnaði 100-120 manns.

VSÓ Ráðgjöf hefur starfað frá árinu 1958 og er eitt af rótgrónustu verkfræðifyrirtækjum landsins. Mikil áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð og góða þjónustu.

Starfsmenn VSÓ Ráðgjafar eru nú um 60 og sinna alhliða hönnun og ráðgjöf vegna hverskonar mann-virkjagerðar, skipulags og umhverfis-mála.

Verkefni stofunnar eru á Íslandi, Norðurlöndunum og víðar um heim.

VSÓ er í samstarfi við erlend ráðgjafarfyrirtæki og VSO Consulting AS er dótturfyrirtæki VSÓ í Noregi.

VSÓ Ráðgjöf býður starfsmönnum sínum samkeppnishæf kjör, góða vinnuaðstöðu, fjölskylduvænan vinnustað, góða vinnufélaga og fjölbreytt verkefni. Fyrirspurnir og umsóknir skulu sendast á netfangið umsokn@vso.is, fyrir 1. október 2012.

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, heimasíða: www.vso.is

EFLA verkfræðistofa leitar að liðsauka

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið.

EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 200 samhentra starfsmanna.

Óskum eftir að ráða véltæknifræðing eða vélaverkfræðing

- Reynsla af almennri vélahönnun, dælukerfum, jarðvarmavirkjunum og varmaflutningi er nauðsynleg
- Haldgóð þekking á notkun hönnunarforrita s.s. Inventor, Illustrator eða Solid Works er nauðsynleg
- Lágmark 3-5 ára reynsla við vélahönnun, verkeftirlit eða verkefnastjórnun er æskileg

Frekari upplýsingar veitir J. Rúnar Magnússon, sviðsstjóri Jarðvarma- og vélasviðs.

Óskum eftir að ráða tækniteiknara

- Menntun eða reynsla í Revit er æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Frekari upplýsingar veitir Arinbjörn Friðriksson, sviðsstjóri Byggingarsviðs.

Aðeins er tekið á móti umsóknum á www.efla.is
Umsóknarfrestur er til 4. október nk.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

EFLA HF. • HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • www.efla.is • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • PÓLLAND • RÚSSLAND • TYRKLAND

Viðskiptastjóri einstaklinga

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að starfa sem viðskiptastjóri einstaklinga í útibúi bankans á **Suðurlandsbraut**. Viðskiptastjóri einstaklinga heyrir undir útibússtjóra og er hluti af stjórnendateymi útibúsins.

Helstu verkefni:
- Dagleg stjórnun
- Alhliða ráðgjöf og þjónusta
- Skapa og styrkja góð tengsl við núverandi og verðandi viðskiptavini
- Áætlanagerð

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði
- Talnaskilningur og skipulagshæfni
- Frumkvæði, þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir:
Vilborg Þórarinsdóttir, útibússtjóri, sími 440 3601
vilborg.thorarinsdottir@islandsbanki.is.

Gæðastjóri

Gæðastjóri Íslandsbanka ber ábyrgð á þróun gæðamála. Gæðamál heyra undir áhættueftirlit bankans og sinnir starfsfólk gæðamála m.a. þjónustu við aðrar deildir varðandi gæðastjórnun og verkefnastjórnun umbótaverkefna.

Helstu verkefni:
- Framkvæmd gæðaúttekta
- Samræming ferla og vinnubragða
- Þróun gæðakerfis
- Ráðgjöf í gæðamálum

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun
- Reynsla af gæða- eða verkefnastjórnun
- Innsýn í lög og reglur sem gilda um fjármálastarfsemi æskileg
- Frumkvæði, drifkraftur og samskiptahæfni

Frekari upplýsingar veitir:
Guðmundur Birgisson, forstöðumaður áhættueftirlits, sími 440 4675,
gudmundur.kristinn.birgisson@islandsbanki.is

Umsóknir óskast fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar inn ásamt ferilskrá. Upplýsingar á mannauðssviði veitir Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is **Umsóknarfrestur er til og með 30. september nk.**

ENNEMM / SÍA / NM50351

Við bjóðum góða þjónustu

Íslandsbanki

Við leitum nú að rafmagnsverkfræðingi eða rafmagnstæknifræðingi sem vill starfa í góðum hópi hjá vaxandi fyrirtæki.

VJI annast verkfræðihönnun og alhliða ráðgjöf fyrir háspennu, lágspennu og smáspennu.
Verkefnin eru fjölbreytt:
Jarðvarmavirkjanir, vatnsaflsvirkjanir, tengivirki raforkuflutnings, iðnstýringar, stjórnkerfi, veitur, brýr og vegir, hús og mannvirki og verksmiðjur hvers konar.
Einnig rekstrar- og fjármálaráðgjöf.

Fyrirspurnir og umsóknir berist til Magnúsar Kristbergssonar.
Netfang: magnus@vij.is.

ráðgjöf
hönnun áætlanir
rekstur fjármál

Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar ehf.

Síðumúli 1 • 108 Reykjavík • Sími 560 5400 • www.vji.is

VERKEFNISSTJÓRI Í VEFÞRÓUN

Reykjavíkurborg leitar að fjölhæfum og sjálfstæðum einstaklingi í starf verkefnisstjóra í vefþróun.
Verkefnisstjóri mun starfa í upplýsinga og vefdeild í Ráðhúsi Reykjavíkur.
Um er að ræða tímabundið starf til eins árs.

HELSTU VERKEFNI:

Vinnsla þróunarverkefna á vefnum
Vefsmíði og gerð stílsniða
Þjónusta við notendur vefkerfis
Þátttaka í samstarfsverkefnum innan og utan borgarkerfisins

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

Háskólamenntun sem nýtist í starfi
Reynsla af vefumsýslu eða vefstjórn
Færni í HTML og CSS
Þekking og áhugi á vefnum og möguleikum hans
Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi
Góð íslenskukunnátta
Reynsla af myndvinnslu og forritun kostur

Æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf sem fyrst
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi
Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags
Nánari upplýsingar veitir Hreinn Hreinsson, vefritstjóri í síma 411 1063,
netfang: hreinn.hreinsson@reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til og með 2. nóvember.
Sótt er um starfið á reykjavik.is/storf.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is

Nú leitum við að verkefnastjóra

Þýðingastofan Skopos ehf. leitar að metnaðarfullum og ábyrgum verkefnastjóra í fullt starf.

Starfið felur í sér:

- Samskipti við innlenda og erlenda viðskiptavini
- Móttöku, skráningu og skipulag verka
- Þarfagreiningu fyrir viðskiptavini
- Samskipti við starfsmenn
- Þróun verkferla

Hæfniskröfur:

- Háskólagráða á viðeigandi sviði
- Framúrskarandi vald á íslensku og ensku
- Samskiptafærni og rík þjónustulund
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Metnaður og skipulagshæfileikar

Skopos ehf. er ungt og vaxandi fyrirtæki með níu þýðendur í fullu starfi. Markmið félagsins er að vera leiðandi á íslenskum þýðingamarkaði með því að nýta tæknina til hins ýtrasta.

Upplýsingar gefur Guðmundur í síma 571 5566.
Umsóknir skal senda á netfangið skopos@skopos.is

Skopos
þýðingaþjónusta

Reynd

LEYNIST Í ÞÉR SNILLINGUR?

REYND LEITAR AÐ REYNDU, METNAÐARFULLU FÓLKI TIL STARFA Á SVIÐI VIÐSKIPTALAUSNA Í ALÞJÓÐLEGU UMHVERFI

HÆFNISKRÖFUR:

- **Háskólamenntun, t.d. í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði, viðskiptafræði eða reynsla sem nýtist í starfi**
- **Reynsla af forritun og innleiðingu viðskiptalausna**
- **Hæfni í mannlegum samskiptum og skipulögðum vinnubrögðum**
- **Sjálfstæði, frumkvæði og nákvæmni í starfi**
- **Góð enskukunnátta**

Umsóknir með ítarlegri ferilskrá skulu sendar á job@reynd.is merkt „Snillingur“ fyrir 5. október 2012. Frekari upplýsingar veitir Bjarni Gaukur Sigurðsson (gaukur@reynd.is). Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Reynd sérhæfir sig í ráðgjöf, innleiðingum og þjónustu á Microsoft Dynamics NAV og LS Retail. Þekking starfsmanna Reyndar nær út fyrir hið hefðbundna svið upplýsingatækninnar og innan fyrirtækisins eru aðilar með mikla reynslu af ráðgjöf til stjórnenda, breytingastjórnun innan fyrirtækja, greiningu gagna og rekstri fyrirtækja.

Um helmingur viðskipta Reyndar er erlendis en á meðal innlendra viðskiptavina eru ÁTVR, Iceland, Víðir, IKEA og NTC. Starfsmenn eru 17 talsins og eru stofnendur og eigendur þeirra á meðal.

Nóatún 17 | 105 Reykjavík | 512 4300 | info@reynd.is

EGILL vélaverkstæði auglýsir eftir tveimur starfsmönnum vegna aukinna verkefna:

Tæknimaður

Þjónusta og viðhald á búnaði tengdum kælikerfum

Starfssvið:

- **Þjónusta og alhliða viðgerðir**
- **Tæknileg aðstoð, nýsmíði og uppsetning á búnaði**
- **Vinna á verkstæði og á verkstað**

Menntunar- og hæfniskröfur:

- **Fjölhæfur starfskraftur með menntun sem nýtist í starfi**
- **Reynsla af kæli- og frystikerfum**
- **Þekking á rafmagni er kostur**
- **Enskukunnátta er æskileg og kunnátta í norðurlandatungumálum er kostur**
- **Nákvæm vinnubrögð, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi er skilyrði**

Vélaviðgerðir

Starfssvið:

- **Viðgerðir á vélahlutum í stórum og smáum vélum**
- **Samsetning á bensín- og dísilmótorum**
- **Tæknileg aðstoð við viðskiptavini**
- **Vinna á verkstæði**

Menntunar- og hæfniskröfur:

- **Vélstjóri, vélvirki, bifvélavirki eða aðili sem er vanur að vinna við bensín- og dísilvélar**
- **Reynsla af sambærilegu starfi**
- **Sjálfstæði í starfi, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi er skilyrði**

Upplýsingar veitir Freyr Friðriksson framkvæmdastjóri í síma 554 4445 eða freyr@egill.is. Áhugasamir geta sótt um störfin á www.egill.is fyrir 1. október.

EGILL 80 ára

EGILL » Miðhrauni 2 » 210 Garðabæ » Sími: 554 4445 » Fax: 554 4476
egill@egill.is » www.egill.is

Héraðsdýralæknir í Norðvesturumdæmi

Matvælastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf héraðsdýralæknis í Norðvesturumdæmi frá og með 1. janúar 2013. Um er að ræða fullt starf og er umdæmisskrifstofan staðsett á Sauðárkróki.

Helstu verkefni:
- Skipulag eftirlits með heilbrigði og velferð dýra
- Skipulag eftirlits með framleiðslu matvæla
- Framkvæmd opinbers eftirlits
- Sóttvarnir og varnir gegn smitsjúkdómum dýra
- Gerð eftirlitsáætlana og skýrslugerðir
- Skipulag vaktþjónustu í umdæminu
- Umsjón með rekstri umdæmisskrifstofu
- Önnur verkefni sem starfsmanni eru falin

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun í dýralækningum
- Reynsla af eftirliti og opinberri stjórnsýslu æskileg
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Jón Gíslason (jon.gislason@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) í síma 530-4800.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Gögnum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum **„Héraðsdýralæknir“** eða með tölvupósti á starf@mast.is en umsóknarfrestur er til og með 10. október 2012. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.mast.is.

Eftirlit með fisksjúkdómum og sérgeinadýralæknir loðdýrasjúkdóma

Matvælastofnun óskar eftir að ráða dýralækni í eftirlit með fisksjúkdómum og jafnframt í starf sérgreinadýralæknis loðdýrasjúkdóma. Um er að ræða fullt starf á aðalskrifstofu MAST á Selfossi.

Helstu verkefni:
- Vinna að bættu heilbrigði og velferð lagardýra
- Almennt eftirlit og sýnatökur í fiskeldisstöðvum
- Vinna að bættu heilbrigði loðdýra og sjúkdómavörnum
- Umsjón eftirlits með innflutningi loðdýra
- Upplýsinga- og gagnaöflun ásamt vottorða- og skýrslugerð
- Samskipti við innlendar og erlendar stofnanir
- Frumkvæði að framkvæmd nauðsynlegra rannsókna
- Önnur verkefni sem starfsmanni eru falin

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun í dýralækningum
- Þekking á fisk- og loðdýrasjúkdómum
- Reynsla af opinberu eftirliti æskileg
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð kunnátta í íslensku-, ensku- og einu norðurlandamáli
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Halldór Runólfsson (halldor.runolfsson @mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) í síma 530-4800.

Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum **„Fisksjúkdómar“** eða á starf@mast.is, en umsóknarfrestur er til og með 30. september 2012.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.mast.is.

VÍNBÚÐIN
vinbudin.is

Aðstoðarverslunarstjóri

Vínbúðin á Ísafirði leitar að aðstoðarverslunarstjóra

Starfssvið
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Birgðahald og umhirða búðar
- Eftirfylgni við þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

Hæfniskröfur
- Reynsla af verslunarstörfum er nauðsynleg
- Reynsla af verkstjórn er æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg
- Reynsla af Navision er æskileg

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Gildi ÁTVR eru **LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ**. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

Nánari upplýsingar veita:
Elísabet Sverrisdóttir,
elisabet@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 7. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinbudin.is**

Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

HAGVANGUR

starf@tollur.is

VERKEFNASTJÓRI HUGBÚNAÐARVERKEFNA

Tollstjóri leitar að öflugum verkefnastjóra til liðs við þá starfsmenn sem hafa umsjón með gæða- og verkefnastjórnun hjá embættinu.

Ábyrgðarsvið

Verkefnastjórnun í umfangsmiklum verkefnum, einkum hugbúnaðarverkefnum.
- » Greining og áætlanagerð.
- » Samskipti við hagsmunaaðila.
- » Framkvæmd verkefnis á líftíma þess, að markmiðum sé náð og afurðum skilað.
- » Eftirlit með framvindu. Umsjón með breytingum og betrumbætandi aðgerðum, til dæmis þegar frávik verða frá áætlun.
- » Skýrslugerð.

Hæfniskröfur

- » Háskólamenntun, til að mynda á sviði verkfræði, tölvunarfræði eða viðskiptafræði. Framhaldsmenntun á sviði verkefnastjórnunar (MPM) eða sambærilegt nám og/eða alþjóðleg vottun á sviði verkefnastjórnunar er kostur.
- » Reynsla af verkefnastjórnun er skilyrði. Reynsla af stjórnun hugbúnaðarverkefna er kostur.
- » Þekking á aðferðafræði og stöðlum verkefnastjórnunar.
- » Þekking á hugbúnaði til verkefnastjórnunar, t.a.m. MS Project og MindManager.
- » Leiðtoga- og stjórnunarfærni ásamt þjónustulund, jákvæðni og sjálfstæði.
- » Færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti, hvoru tveggja á íslensku og ensku.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Linda Rut Benediktsdóttir, forstöðumaður þjónustu- og gæðamála, í síma 560-0385. Umsókn merkt **„Verkefnastjóri hugbúnaðarverkefna“** skal skila rafrænt á netfangið starf@tollur.is fyrir 8. október nk.

Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni. Ráðningar hjá embættinu munu taka mið af þessum gildum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og viðeigandi stéttarfélags. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Við verndum samfélagið og tryggjum ríkinu tekjur
Traust - Samvinna - Framsækni

TOLLSTJÓRI

TOLLSTJÓRI, Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík, sími: 560 0300, vefur: www.tollur.is

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



Sérfræðilæknir í hjartalækningum

Lausar eru til umsóknar tvær stöður sérfræðilækna í hjartalækningum. Störfin veitast frá 1. janúar 2013 eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur vel til álíta.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinna á legu-, dag- og göngudeildum ásamt vaktþjónustu við hjartadeild LSH
- Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir Landspítala
- Þátttaka í sérhæfðari störfum eftir samkomulagi
- Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni og forstöðumann fræðigreinarinnar, hjartalæknisfræði, innan Háskóla Íslands.

Hæfnikröfur

- Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í almennum lyflækningum og hjartalækningum
- Breið þekking og reynsla í almennum hjartalækningum. Sérþekking/þjálfun í einni af undirsérgreinum hjartalækninga er gagnleg en ekki nauðsyn.
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- Umsóknarfrestur er til og með 04.11.2012
- Upplýsingar veitir Gestur Þorgeirsson, yfirlæknir, gesturth@landspitali.is, sími: 825 5093
- Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Gesti Þorgeirssyni, yfirlækni, Hjartalækningar 14F við Hringbraut.
- Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- Ef samið verður um fullt starf (100%) þá er það bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

HUMARHÚSIÐ RESTAURANT

Óskum eftir metnaðarfullum þjóni í fullt starf og starfsfólki í sal.

Upplýsingar á staðnum og í síma 561 3303

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Hjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á blóðlækningadeild 11G við Hringbraut. Deildin er 14 rúma legudeild þar sem fer fram sjúkdómsgreining og krabbameinsmeðferð sjúklinga með blóðsjúkdóma auk stuðningsmeðferðar í tengslum við aukaverkanir.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Veita einstaklingshæfða hjúkrun, ráðgjöf og stuðning til einstaklinga sem koma á deildina til meðferðar vegna krabbameina og blóðsjúkdóma og aðstandenda þeirra.

Hæfnikröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Góð samskiptahæfni
- Faglegur metnaður

Nánari upplýsingar

- Umsóknarfrestur er til og með 06.10.2012.
- Starfið veitist frá 8. október 2012 eða eftir samkomulagi.
- Starfshlutfall og vinnutími er samkomulagsatriði.
- Upplýsingar veita Kristjana G Guðbergsdóttir, deildarstjóri, kristjgu@landspitali.is, sími: 543 6222 og Þórgunnur Hjaltadóttir, mannauðsráðgjafi, torghjal@landspitali.is, sími: 825 5136.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Býrð þú yfir ríkri þjónustulund?

Hótel Klettur er glæsilegt hótel, aðeins steinsnar frá miðbæ Reykjavíkur og vantar gott fólk í hópinn.

Herbergisþernur/-þjónar (Vaktavinna)

Hæfniskröfur:

- hæfni í mannlegum samskiptum
- gott skipulag og stundvísi
- rík þjónustulund
- enskukunnátta nauðsynleg



Umsóknarfrestur er til 26. september 2012 og skulu umsóknir sendast á info@hotelklettur.is

HÓTEL KLETTUR

Mjölnisholt 12-14, 101 Reykjavík / S. 440 1600
info@hotelklettur.is / www.hotelklettur.is

www.hrafnista.is

HRAFNISTA REYKJAVÍK HAFNARFIRÐI KÓPAVOGI

Gefandi starf á heimili í góðum félagsskap

SJÚKRALIÐAR

Óskum eftir menntuðum sjúkraliðum til starfa á öllum Hrafnistuheimilunum. Við leitum að fólki sem er lipurt í mannlegum samskiptum, sjálfstætt og drífandi í vinnu.

UMÖNNUN

Okkur vantar fleiri hendur til að hlúa að heimilisfólkinu okkar. Reynsla af umönnunarstörfum er kostur en ekki nauðsynleg. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

VIÐ BJÓÐUM:

- ✓ Góðan starfsanda og heimilislegt umhverfi
- ✓ Sveigjanlegan vinnutíma
- ✓ Góða starfsaðstöðu og fjölbreytt verkefni
- ✓ Fjölskyldu- og vinnustað
- ✓ Markvissa símenntun og öflugt fræðslustarf

Hægt er að sækja um störfin á vef Hrafnistu: www.hrafnista.is
Nánari upplýsingar: hrafnista@hrafnista.is eða í síma 585 9529 á milli klukkan 13:00 og 14:00

das HRAFNISTA

REYKJALUNDUR
endurhæfing

Iðjuþjálfun sviðsstjóri iðjuþjálfa á tauga- og hæfingarsviði

Laus er til umsóknar afleysingarstaða sviðsstjóra á tauga- og hæfingarsviði. Um er að ræða 95% stöðu.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1.nóvember 2012 eða samkvæmt nánara samkomulagi. Sviðsstjóri ber ábyrgð á skipulagi, þróun og framkvæmd iðjuþjálfunar á sviðinu.
Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegri teymisvinnu þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn. Krafist er frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum, skipulagshæfileika og góðrar hæfni í mannlegum samskiptum.
Þetta er kjörið tækifæri fyrir iðjuþjálfa að starfa með hæfu og metnaðarfullu fólki sem vinnur saman í öflugri teymisvinnu að því að auka færni og lífsgæði einstaklinga með skerðingu vegna taugasjúkdóma og fötlunar.

Hæfnikröfur: Próf í iðjuþjálfun frá skóla viðurkenndum af Heimssamtökum iðjuþjálfa (WFOT) og með íslenskt starfsleyfi og löggildingu. Æskilegt er að sviðsstjóri hafi að lágmarki þriggja ára starfsreynslu.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Iðjuþjálfafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Iðjuþjálfafélags Íslands og Reykjalundar.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Jónsdóttir aðstoðarforstöðuiðjuþjálfi í síma 585-2154, netfang; siggaj@reykjalundur.is
Umsóknarfrestur er til 5.október 2012
Umsóknareyðublað og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is
Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS. Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Deildarstjóri reikningshalds

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða deildarstjóra í reikningshald bæjarins . Deildarstjórinn ber ábyrgð á bókhaldi Hafnarfjarðarbæjar, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins og starfið heyrir undir fjármálastjóra. Um er að ræða fullt starf. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið
- Yfirumsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi
- Umsjón með fjárhagskerfinu Dynamics NAV
- Afstemmingar og lokafrágangur mánaðaruppgjöra
- Vinnur að árshlutauppgjörum og ársreikningum Hafnarfjarðarbæjar
- Innra eftirlit
- Vinnur við almennt rekstrareftirlit
- Veitir ráðgjöf í bókhalds- og uppgjörsmálum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfnikröfur
- Viðskiptafræðimenntun og meistarapróf í reikningsskilum og endurskoðun eða löggilding til endurskoðunarstarfa
- Reynsla af störfum á endurskoðunarstofu
- Þekking á lögum og reglum um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga
- Góð þekking á Dynamics Nav og Excel
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Frekari upplýsingar
Laun og starfskjör fara eftir kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Með vísan í jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gerður Guðjónsdóttir, fjármálastjóri í síma 585-5500 og á netfangið gerdurg@hafnarfjordur.is.
Umsóknarfrestur er til og með 27. september og umsóknum skal skila til Þjónustuvers Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður merkt **„Deildarstjóri reikningshalds“**

ÓSKUM EFTIR ÖRYGGISVÖRÐUM

ÖRYGGISVERÐIR Í FARANDGÆSLU.

Vilt þú vinna við fjölbreytt og skemmtilegt starf?

Vegna aukinna verkefna getum við bætt við okkur fólki í öryggisgæslu. Umsækjendur þurfa að vera heiðarlegir, ábyrgir og geta unnið sjálfstætt. Lágmarksaldur: 25 ára. Starfið hentar jafnt körlum sem konum.

HÆFNISKRÖFUR
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta
- Heiðarleiki
- Snyrtimennska
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Stundvísi

Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og skipulega og vera tilbúnir til þess að læra nýja og spennandi hluti. Allir umsækjendur þurfa að geta framvísað hreinu sakavottorði, gildu ökuskírteini og vera reiðubúnir til að leggja fram upplýsingar úr málaskrá lögreglu verði óskað eftir því. Um er að ræða 100% starfshlutfall, öruggt framtíðarstarf sem hentar jafnt körlum sem konum.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu okkar **www.securitas.is**
Nánari upplýsingar gefur Kristín Dögg Höskuldsdóttir, fulltrúi á starfsmannasviði, **kristind@securitas.is**

Umsóknarfrestur er til **13. október 2012**

Securitas hf. er þjónustufyrirtæki sem hóf starfsemi árið 1979.
Hjá Securitas starfa um 400 manns og eru starfsstöðvar félagsins og dótturfélaga í Reykjavík, Akureyri, Reykjanesbæ og Reyðarfirði.
Gildi Securitas eru: Heiðarleiki – Árvekni – Hjálpsemi.

Securitas er fyrirmyndarfyrirtæki VR 2011

SECURITAS

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | 580 7000 | securitas.is

ÍSLENSKA SÍA.IS SEC 61191 09.2012

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

VILTU GANGA LENGRA?

Útivera í hjarta miðborgarinnar

Óskum eftir jákvæðum og liprum einstaklingum, konum og körlum

Nánari upplýsingar um laus störf stöðuvarða á heimasíðu Bílastæðasjóðs

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

www.bilastaedasjodur.is

Gallery Restaurant

Gallery Restaurant – Hótel Holti leitar af fagmanni í framreiðslu. Fullt starf.

Viðkomandi þarf að hafa mikla fagreynslu og stjórnun, góða þjónustulund og fallega framkomu.

Áhugsamir sendi umsókn á gallery@holt.is

Gallery Restaurant – Hótel Holt
www.holt.is
Sími: 552 5700

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérfræðingur	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201209/061
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201209/060
Sjúkraliðar við heimahjúkrun	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201209/059
Sérfræðilæknir	Landspítali, öldrunarlækningar	Reykjavík	201209/058
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, líknardeild	Reykjavík	201209/057
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, Blóðbankinn	Reykjavík	201209/056
Hjúkrunarfræðingar	Landspítali, blóðlækningadeild	Reykjavík	201209/055
Sérfræðilæknar	Landspítali, hjartalækningar	Reykjavík	201209/054
Aðstoðarverslunarstjóri	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Ísafjörður	201209/053
Skólafulltrúi	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Garðabær	201209/052
Hugbúnaðarsérfræðingur	Rannsóknamiðstöð Íslands	Reykjavík	201209/051
Sérfræðingur	Háskólinn á Hólum	Hvammstangi	201209/050
Sérfr. á sviði upplýsingatækni	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Reykjavík	201209/049

STARFSMAÐUR Í VERSLUN

Verslunin Leonard leitar að framtíðarstarfsmönnum í Kringluna. Leitað er að starfsmanni í 50% starfshlutfall og helgarstarfsmönnum. Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn á atvinna@leonard.is. Umsóknarfrestur er til 1. október.

Leonard

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LÆKJARGÖTU • LEIFSSTÖÐ

RAFVIRKJAR/KÆLIMENN

Óskum eftir að ráða reyndan rafvirkja/kælimann til viðhalds- og eftirlitsstarfa

Ekki er krafist sérhæfni, en nýr starfsmaður verður sérþjálfaður.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 587-8890 eða sendið rafpóst á gunnar@rafstjorn.is

RSTJ RAFSTJÓRN ehf.
Virkni loftræstikerfa er okkar fag!

www.rafstjorn.is

Hefur þú **ex**Factor?

HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR

Expectus óskar eftir að bæta kraftmiklum einstaklingi við þróunarteymi **exMon**. Við leitum að starfsmanni sem gegnir lykilhlutverki í greiningu, hönnun og forritun á **exMon.** Umsækjandi þarf að hafa brennandi áhuga á tölvutækni og nýtingu hennar í kröfuhörðu umhverfi viðskiptavina **Expectus.**

Hugbúnaðarlausnin **exMon** er notuð af mörgum leiðandi fyrirtækjum á Íslandi og gerir þeim kleift að fyrirbyggja tekjuleka með rauntímaeftirliti á öllum helstu viðskiptakerfum. **exMon** er þróað í .NET umhverfinu og við leitum að snillingi sem er tilbúinn að sökkva sér ofan í ASP.NET MVC, jQuery, WCF, rauntímaforritun og viðmótshönnun og nota til þess Agile aðferðir.

Fyrirspurnir um starfið og umsóknir sendast á þróunarstjóra Expectus, Gunnar Stein Magnússon á netfangið gunnarsteinn@expectus.is eða í síma 444 9807. Allar umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 8. október.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, sambærilegt nám eða umtalsverð starfsreynsla.
- Þekking og reynsla af .NET, C#, ASP.NET og SQL.
- Frumkvæði, sjálfstæði og geta til að starfa í hópi sérfræðinga.

Kostir:

- Microsoft Certifications Professional (MCP) gráður.
- Þekking á Agile þróunaraðferðum.
- Skilningur á notkun og meðhöndlun upplýsinga við rekstur fyrirtækja.

Kría hönnunarstofa - www.kria.is

Expectus er metnaðarfullt hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfir sig í að skerpa línur í rekstri fyrirtækja og veita stjórnendum aðstoð við að ná auknum árangri. Til að ná settu marki býður félagið lausnir í stefnumótun á ýmsum sviðum stjórnunar, rekstrar og breytinga ásamt því að bjóða framúrskarandi lausnir á sviði upplýsingavinnslu (Business Intelligence) sem styrkja árangursmat og eftirlit með rekstri.

expectus

Vegmúla 2 108 Reykjavík Sími 444 9800 expectus@expectus.is www.expectus.is

Læknar

SÁÁ auglýsir stöðu sérfræðilæknis og stöðu almenns læknis á Sjúkrahúsinu Vogi lausar til umsóknar.

Nánari upplýsingar veitir:
Valgerður Rúnarsdóttir læknir
í síma: 824 7602
netfang: valgerdurr@saa.is

www.icewear.is

FATAHÖNNUÐUR

Icewear óskar eftir að ráða hönnuð.

Starfið felst í hönnun og vöruþróun á fatnaði sem er markaðssettur bæði innanlands og erlendis.

Menntunarkröfur:
- Fatahönnunarnám.
- Haldgóð undirstöðumenntun-Stúdentspróf.
- Klæðskeramenntun og/eða tæknimenntun á sviði fataþróunar og undirbúnings fatnaðar fyrir framleiðslu.

Hæfiniskröfur:
- Reynsla af störfum í fataiðnaði og vöruþróun fatnaðar er skilyrði..
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að taka ábyrgð.
- Áreiðanleiki og hæfni til að vinna undir álagi.
- Skipulagshæfileikar og námkvæmni.
- Gott vald á ensku.
- Góð almenn tölvuþekking, Illustratror, Photoshop, Word og Excel.

Um er að ræða spennandi og krefjandi starf í ört vaxandi fyritæki. Ferðalög erlendis eru hluti af starfinu.
Áhugasamir sendi umsóknir til Drífu ehf, Suðurhrauni 12 C, 210 Garðabæ.
agust@icewear.is

Umsóknarfrestur er til 1. október.
Umsóknum ekki svarað í síma.

Um Icewear: Icewear var stofnað 1972 og starfaði í ullariðnaði. Á undanförum árum hefur fyritækið þróðað útvistarlínu sem er seld í erslunum í Evrópu og Norður Ameríku undir vörumerkjunum Icewear og Norwear. Víkurprjón er alfarið í eigu Drífu ehf.

Sölumaður óskast

Traust fasteignamiðlun leitar að duglegum sölumanni til starfa sem fyrst. Árangurs tengd laun. Löggilding og/eða reynsla af sölu fasteigna er kostur. Viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða, vera skipulagður og geta unnið sjálfstætt. Fullum trúnaði heitið.

Áhugasamir vinsamlega sendið inn umsóknir á box@frett.is Fréttablaðsins merkt. Sölumaður-2209

Óskum eftir að ráða vanan vörubílstjóra til útkeyrslu og lagerstarfa

Skilyrði eru: meirapróf, lyftararéttindi.

Óskum einnig eftir lagerstarfsmanni.
Skilyrði eru almenn ökuréttindi, lyftararéttindi.
Í báðum tilfellum er óskað eftir stundvísum og samviskusömum starfsmanni, ekki undir þrítugu, með mjög góða íslenskukunnáttu og hreinan sakarferil. Upplýsingar gefur Ingólfur í síma 896-6551.

Viðskiptastjóri/söluráðgjafi

Inkasso óskar eftir ráðgjafa á Akureyri

Í starfinu felst ráðgefandi sala á þjónustulausnum Inkasso, samskipti við viðskiptavini, greining og ráðgjöf um meðferð viðskiptakrafna, auk tilboðs- og samningagerðar. Viðkomandi þarf að búa yfir söluhæfileikum, frumkvæði, jákvæðni og drifkrafti. Í starfinu reynir á sjálfstæð vinnubrögð og virka þátttöku í teymisvinnu.

Krafa er gerð um reynslu af sambærilegum störfum. Viðskiptafræðimenntun eða sambærileg menntun er kostur en ekki skilyrði. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknir berist til Guðlaugs Magnússonar, framkvæmdastjóra Inkasso, á netfangið **gudlaugur.magnusson@inkasso.is.**

Umsóknarfrestur er til 6. október 2012

PIPAR\TBWA • SÍA • 122693

Yfir 600 fyrirtæki hafa valið Inkasso

Um Inkasso ehf.
Inkasso sérhæfir sig í ráðgjöf til fyrirtækja í innheimtumálum. Inkasso býður viðskiptavinum sínum að stýra innheimtuferlinu allt frá stofnun reiknings til löginnheimtu, ef nauðsyn krefur. Inkasso tók til starfa vorið 2010 og hefur vakið athygli fyrir tæknivædda þjónustu sem minnkar álag viðskiptavina verulega og sparar þeim umtalsverðar fjárhæðir.

INKASSO

INKASSO ehf | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogur | Sími 520-4040 | www.inkasso.is

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY

Toyota Kauptúni óskar eftir að ráða öfluga liðsmenn í Auka- og varahlutaverslun

Við leitum að jákvæðum, metnaðarfullum og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.

Toyota hefur flutt starfsemi sína í nýtt og glæsilegt húsnæði í Kauptúni, Garðabæ.

Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini

Starfssvið:
- Sala á auka- og varahlutum
- Almenn afgreiðslustörf
- Símsvörun og aðstoð við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og vinnugleði

Lagerstörf

Starfssvið:
- Almenn lagerstörf
- Afgreiðsla pantana til verkstæða
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og vinnugleði

Toyota Kauptúni er söluaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Gagnkvæm virðing og náin samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota Kauptúni. Hverri áskorun er tekið fagnandi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í öllu því sem við kemur starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.

Framtíðarsýn fyrirtækisins er: „Framsæknasta þjónustufyrirtækið á Íslandi"

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 1. október á netfangið atvinna@toyota.is, merkt starfi sem sótt er um.

Nánari upplýsingar veitir Metta K. Friðriksdóttir á netfangið metta@toyota.is

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Sími: 570 5070
www.toyotakauptuni.is

Olíudreifing

Skiltagerð

Olíudreifing ehf óskar eftir að ráða starfsmann á merkingardeild félagsins.

Starfslýsing:
- Umsjón með uppsetningu, prentun og tölvuskurði í skiltagerð, samskipti við viðskiptavini og birgja.
- Um framtíðarstarf er að ræða.

Menntunar-og hæfniskröfur.
- Reynsla í merkinga og skiltagerð.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Góð íslensku og ensku kunnátta.
- Ökuréttindi.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Jónas Kristinsson, sími 550 9914, jonas@odr.is
Umsóknir berist í tölvupósti eða á skrifstofu Olíudreifingar að Hólmaslóð 8 -10. 101 Rvk.
Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á **www.oliudreifing.is**

Elskar þú tækni?

Hefur þú þekkingu á Microsoft og netkerfum?

Vegna aukinna verkefna leitar Svar tækni að hæfileikaríkum aðila með frábært þjónustuviðhorf og góða þekkingu á Microsoft netumhverfi.

Starfið felur í sér
- Uppsetningu og rekstur net- og símkerfa fyrir viðskiptavini
- Umsjón með hýsingarumhverfi símkerfa
- Aðkoma að rekstri og uppsetningu á myndavélakerfum á IP lagi.
- Önnur dagleg þjónustuverkni sem falla til

Hæfnis- og menntunarkröfur
- Framúrskarandi viðhorf til þjónustu og mannlegra samskipta
- Umtalsverð þekking og reynsla á Microsoft umhverfinu.
- Þekking á shell forritun er ótvíræður kostur
- Áhugi á að tileinka sér nýja tækni
- Tölvufræðimenntun og/eða námskeið með vottuðum gráðum æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2012.
Umsóknum, með góðri ferilskrá, skal senda á netfangið umsokn@svar.is

svar tækni

greenqloud

Fjármálastjóri GreenQloud

GreenQloud óskar eftir umsóknum um starf fjármálastjóra félagsins. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi til að leiða fjármálastjórn félagsins í gegnum vaxtarferli.

Fjármálastjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra félagsins.
Leitað er að einstaklingi með áherslur á áætlanagerð og sjóðstreymisstjórnun, reynsla af fjármögnun og stjórnun er ótvíræður kostur.

Starfssvið:
- Umsjón með fjárreiðum félagsins.
- Starfsmannamál.
- Fjármögnun félagsins og áætlanagerð.
- Skýrslugjöf til stjórnar.
- Seta í framkvæmdaráði.
- Þátttaka í stefnumótun og framtíðarskipulagi félagsins

Menntun og hæfniskröfur:
- Leiðtogahæfni og framsýni
- Háskólamenntun á sviði fjármála / reksturs
- Reynsla af stjórnun, rekstri og fjármálastjórn
- Reynsla af fjármögnunarferli fyrirtækja
- Mjög góð enskukunnátta

Umsóknir skulu berast með tölvupósti á ensku til framkvæmdastjóra GreenQloud, Bala Kamallakharan - bala@greenqloud.com.

Umsóknarfrestur er til 5. október.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

GreenQloud er fyrsta íslenska tölvuskýið og fyrsta umhverfisvæna tölvuský heims. Fyrirtækið er rúmlega tveggja ára gamalt, í hröðum vexti og hefur hlotið styrki frá Rannís og fjárfestingu frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Hundaræktarfélag Íslands er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaræktarfélaga, sem tryggir rekjanleika ættbóka, beitir sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundategunda. HRFÍ stuðlar að góðum samskiptum á milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is

HVOLPAR, COCKER SPANIEL. HEILSUF.SK. ÆTTB.F. HJÁ HRFÍ. VÍSA RAÐGR. (36 MÁN.) VERÐ-GR SAM. COCKERSPANIEL.DYRALAND.IS S. 860-1318/564-4432.

Þjónusta

Losnaðu við flughræðslu Dáleiðsla.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Góð 2 herb. íbúð til leigu í 6 mánuði frá og með 1.okt ,12 - 1.apríl ,13. Leigist með húsgögnum. Verð 120þ. á mán, hiti & rafmagn ekki innifalið. Óska eftir 3 mán. tryggingu. S. 899-5392

Til leigu nýleg vönduð 3. herbergja íbúð í vesturbæ Kópavogs verð 180.000 pr. mán. Upplýsingar ksv@vortex.is

HAMRAHVERFI - ÍBÚÐ TIL LEIGU
Íbúðin er björt, 86m2, 3-4 herbergi með sérinngangi og staðsett nálægt Rimaskóla. Leigan er 147 þúsund á mánuði, innifalinn er hússjóður ásamt hita. Uppl. í síma: 895-7678, 840-4904, 824-8864.

101 miðbær
2 herb íbúð nálægt háskólanum, hentar vel pari eða einstakling. Húsgögn geta fylgt. Laus. lgb0813@hotmail.com

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Óska eftir 3ra herb íbúð sem allra fyrst á svæði 101,105 og 107 Skilvísar greiðslur og reglusemi. Uppl. í s. 860 0262

Óskum eftir 3 - 4 herb. ca 100 fm í Reykjavík. Frá 1. nóvember - langtímaleiga. 2 fullorðnir, reyklaus, heitum góðri umgengni og skilvísum greiðslum. S. 691 4017

Skilvís og reglusamur einstaklingur leitar af snyrtilegu leiguhúsnæði í Reykjavík. Uppl. s. 849 9595 eða thormart@gmail.com

Óska eftir herbergi með snyrtingu, er kvk. Reglusemi góð umgengi og skilvísar greiðslur. S. 865-0757.

Íbúð óskast til leigu, 2013 eða fyrr. 4 herb. íbúð óskast til leigu á svæði 103,104,105 eða 108 frá 1. feb. eða fyrr. Við erum 4 manna fjölskylda. Bankatrygging og meðmæli. Nánari uppl. gefur Ólafur í s. 897-5674.

Sumarbústaðir

Til sölu 35 fm fokhelt sumarhús/gestahús til flutnings 4,8 mill. byggingarefni fylgir með og 28 fm bílskúr/geymsla til sölu og flutnings. Bílskúrinn fullbúinn, 3,8 mill. Ath skipti á bíl, húsbíl eða hjólhýsi. Selst saman eða í sitthvoru lagi. Uppl. í s. 898 1598.

Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!
Gistiaðstaða f. 10-15 manns. Helgarleiga 60 þús. Stök nótt virkan dag 20.000.- þús. lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á. www.summer-house.weebly.com

15fm hús úr gæðatimbri - kr. 599.000 Eigum örfá hús eftir á þessu frábæra verði. s. 857-7703.

Gisting

Atvinnuhúsnæði

130fm + 30fm á annari hæð = 160fm atvinnuhúsnæði til leigu við Auðbrekku í Kóp með innkeyrsluhurð.Hentugt f verslun, heildv, léttan iðnað. Laust strax. Uppl. s: 894 2339.

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

Domti á Smáratorgi
óskar eftir metnaðarfullum, hörkuduglegum starfsmanni við áfyllingu og afgreiðsla í 50% starf. Vinnutími frá 14-18. Umsókn og nánari upplýsingar sendist á isalome@simnet.is

Snyrtivöruheildsala
leitar eftir samviskusömum og áræðanlegum starfskrafti í útkeyrslu, lagervinnu og afgreiðslu (ein staða). Þarf að vera eldri enn 25 ára, snyrtilegur og með góða framkomu. Vinnutími er frá 09-17 virka daga og aðra hvora helgi frá 13-16. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „snyrting" fyrir 10. okt.

Fellini restaurant
Óskar eftir að ráða matreiðslumenn og nema í matreiðslu. Meðferð umsókna fer Þórður Mattías matreiðslumeistari með, umsóknir sendast á doddijr@keiluhollin.is

KvikkFix leitar að starfsfólki.
KvikkFix leitar að vönum bifvélavirkja, vönum smurmanni og starfsmanni á verkstæði. Einnig vantar mann í lagerstarf, útkeyrslu og þrif. Fyrirspurnir sendist á orri@nrg.is www.kvikkfix.is

Loftorka ehf
Óskar eftir vönum mönnum til malbikunar og jarðvinnuframkvæmda. Upplýsingar í síma 565 0875 eða 892 0525

Afgreiðslufólk óskast!
á virkum dögum í bakaríin okkar. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is

Aðstoð óskast í eldhús á Ginger
reglusamur, reyklaus, hress einstaklingur. Ekki yngri en 20 ára. Unnið er á 12 tímavöktum 5-2. Umsóknir með ferilskrá og mynd skulu sendar á nonni@ginger.is

Kjötvinnslan Snæfell á Egilsstöðum
óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi starfsmann/kjötskurðarmann. Reynsla úr kjötvinnslu eða kjötbúð er kostur, menntun í kjötiðn er kostur. Umsókn berist á netfang: snaefellkjot@snaefellkjot.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

SKARTGRIPANÁMSKEIÐ

MIKIÐ ÚRVAL AF SKARTGRIPAEFNI. LEÐURBÖNDIN VINSÆLU OG SEGLULLÁSAR. FLOTTAR PANDORAS STYLE PERLUR.
ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

XPRENT -merkir allt!
50% afsláttur í september
Xprent er 2 ára. 50% afmælisafsláttur á okkar vinsælustu vegglímmiðum. Íslandskortið, Skuggamynd af Reykjavík og Heimskortið, gildir út september.
Xprent - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

Luis Vuitton Alzer 80 og Cottevill 45 lúxus ferðatöskur

Í mjög góðu ástandi. Tíðlaus hönnun, gæði og útlit.
Áhugasamir hafi samband í síma 897 7449

KÆLAR
Kæliklefar - Frystiklefar
Stakir - Fullbúnir
ískúsið
www.ishusid.is
566 6000

CMT ORANGE TOOLS
CMT sagarblöð og fræsitennur
Ásborg vélaverkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

Sprautulökkun
Sprautum innréttingar, innihurðir, húsgögn og fl.
Sækjum og sendum á höfuðborgarsvæðinu.
Tökum niður og setjum upp. Gerum föst verðtilboð.
Gná ehf • S. 894 7200.
Finndu okkur á facebook: Gná sprautun

BRA BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Breiðfjörð Viðgerðarþjónusta
Bæjarflöt 7 - Grafarvogi / Reykjavík 557-7717
WWW.BILA.IS

Club Car golfbílar með húsi
Club Car rafmagns bílar með húsi til á lager, ýmsir litir.
2 ára ábyrgð á bíl og 4 ára ábyrgð á geymum
Vetrarsól ehf., Askalind 4, Kóp.
S: 564 1864

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

STERK LOK á alla heita potta.
Eitt verð á öllum stærðum
Framleiðum lokin eftir málum.
Sterkasta áklæðið á markaðnum sem þolir vel raka- klór og veðráttu.
(Myndir á facebook)
Tjalda og Seglaþjónustan
Kristinn 899-7663 - 461-5077 Tjalda@simnet.is

Bílaþjónustan Bilaði Billinn
SKÓGARHLÍÐ 10 • 105 RVK • S. 445 5562 • GSM 615 2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10-22 MÁNUDAGA - LAUGARDAGA
LOKAÐ Á SUNNUDÖGUM

Alla fimmtudaga og laugardaga
steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

Atvinna í boði

Jói Fel

Holtagörðum
óskum eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu. Vinnutími 11:30 - 18 og aðra hverja helgi.
Upplýsingar gefur Linda í S: 863 7579 og linda@joifel.is

Listmálari óskar eftir fallegum og djörfum módelum 30 - 70 ára. Góð laun í boði. Sæmundur 844 9454 / 893 1962 / 421 4631 eða saemigunnarsson@gmail.com

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki í kvöldstarf. Góð laun fyrir réttan aðila. Áhugasamir sendi á erna@tmi.is

Byggingarfyrirtæki í Rvk. óskar eftir duglegum og samviskusömum starfsmönnum í viðhaldsverkefni. Þurfa að geta byrjað strax. Uppl. í S: 663 4455.

Heimilishjálp!
Óskum eftir traustri og góðri manneskju í hverfi 108 til að sinna tveimur stúlkum, á leikskóla- og skólaaldri, seinnipart dags á virkum dögum um 8-10 tíma á viku auk þess að sinna léttum heimilisstörfum. Vinnutími gæti verið sveigjanlegur frá viku til viku. Viðkomandi þarf að vera reyklaus og lágmarksaldur er 20 ára. Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda inn upplýsingar um sig og meðmæli á hjalparhellan@gmail.com

Hjólbarðaverkstæðið Nýbarði
Okkur vantar starfsfólk m. reynslu á hjólbarðaverkstæðið Nýbarða í Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600 & 692 6669.

Vinna heima
Frábært til framtíðar sem krefst vilja og tíma. Tekjur: auka eða aðal. Þú ræður ferðinni. 2 klst á dag 5 daga vikunnar s. 822 8244.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu.
Geta hafið störf nú þegar.

Starfsmannaþjónustan
S. 661 7000.

37 ára hörkuduglegur rafvirki leitar að vinnu. Allt kemur til greina. S: 856 4889

Rúmlega 40ára kk óskar eftir vinnu, menntun vélvirki og 1stig vélstj. Fyrirsp. sendist til ornja@btnet.is

TILKYNNINGAR

Einkamál

Raunveruleg tilbreyting
Rauða Torgið er miðstöð íslendinga sem leita alvöru tilbreytingar. 100% trúnaður, skjót svörun. Auglýstu frítt í s. 535-9923.

Yndislegar stundir
með flottri íslenskri konu. Já, góðar stundir. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8228.

KK í kvenmannsfötum
vill kynnast manni með sama áhugamál. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8378.

Samkynhn. KK,
Nú er mikið nýrra auglýsinga frá samkynhn. KK sem leita kynf. ævintýra. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlísögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Smáraflöt 4 – Garðabæ

Fallegt 202,6 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 42,0 fm. bílskúr sem hefur verið nokkuð endurnýjað á undanförnum árum, m.a. gler, þakjárn, gólfefni o.fl. Eignin skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, rúmgott eldhús, samliggjandi bjartar stofur með arni, þrjú svefnherbergi (4 á teikn.) á svefngangi, fataherbergi, baðherbergi og þvottaherbergi o geymslur innaf forstofur. Húsið var málað að utan fyrir 2 árum síðan, sem og gluggar. Ræktuð skjólsæl lóð með verönd og fallegum trjám og plöntum.
Verð: Tilboð.

heimili FASTEIGNASALA 530 6500

Óskum eftir eignum til sölumeðferðar

Vandaðurum fljótt og fruggleg án skuldbindinga.
Ráðgjöf um fasteignakaup og sölu.
Hringdu og athugaðu hvað við getum gert fyrir þig.
Allir vilja gott Heimili

Fríttsölumat!

530 6500 Selbraut 22 | Opið mán. - fös. frá kl. 9-17 | www.heimili.is 530 6500

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Höfuðborg Fasteignamiðlun
Kristján Ólafsson hrl. - Löggiltur fasteignasali

15 íbúðir í Hestavaði 1-3 · 110 RVK









15 glæsilegar 3ja - 4ra herbergja íbúðir auk stæðis í bílageymslu í Norðlingaholti !
Glæsilegar þriggja og fjögurra herbergja íbúðir í Hestavaði 1-3 í Norðlingaholtinu með stæði í bílageymslu.
Stærðir frá 117 fm - 202 fm. Verið er að leggja lokahönd á húsið og mun lokaúttekt fara fram í desember '12.
Íbúðirnar skilast allar fullbúnar, með gólfefnum.

Verð frá 30.900.000 Allt að 90% fjármögnun í boði! - Uppl. í síma 823-5050

Opið hús sunnudaginn 23. sept milli 15:30 - 16:30 !

Svansvottun og lífrænt vottuð veitingaþjónusta

„Við viljum vera öðrum fyrirmynd í starfi okkar að umhverfismálum og munum vinna að því eins og kostur er í framtíðinni.“

Stærsta ráðstefnuhótel landsins, Grand Hótel Reykjavík, hefur hlotið vottun Norræna umhverfismerkisins samkvæmt viðmiðunarreglum fyrir hótel. Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og byggist á óháðri vottun og viðmiðum sem taka tillit til alls lífsferils vöru og þjónustu. „Við erum stolt af því að bjóða upp á umhverfisvæna hótel- og ráðstefnuþjónustu,“ segir Ólafur Torfason, stjórnarformaður. „Við viljum vera öðrum fyrirmynd í starfi okkar að umhverfismálum og munum vinna að því eins og kostur er í framtíðinni.“

Í umhverfisstefnu hótelsins segir að unnið sé markvisst að því að draga úr orku- og vatnsnotkun. Allt sorp er flokkað og sent til endurvinnslu, ekki er boðið upp á einnota- eða sérpakkaðar vörur sé þess kostur og sparlega er farið með efni. Flokkun á úrgangi er gerð aðgengileg fyrir gesti og starfsmenn. Ávallt er leitast við að kaupa umhverfisvottaðar vörur og þjónustu þegar það er mögulegt og bjóða upp á lífrænar vörur meðal annars lífrænt vottaðan morgunverð.

Hótelið er fyrsta íslenska fyrirtækið til að hljóta vottun á lífrænni veitingaþjónustu. Vottunarstofan Tún hefur staðfest að Grand Hótel Reykjavík uppfylli reglur um meðferð slíkra matvæla við framreiðslu á lífrænum hluta morgunverðar. Með vottun Túns er staðfest, að sá hluti veitingaþjónustu hótelsins sem kynntur er sem lífrænn, byggi einvörðungu á vottuðum lífrænum hráefnum sem haldið er aðgreindum frá öðrum matvælum á öllum stigum, allt frá móttöku til framreiðslu; að aðferðir við meðhöndlun og geymslu lífrænna matvæla samræmist reglum um lífræna matreiðslu og að gæðastjórnun, skráningar og merkingar uppfylli settar kröfur. Hluti morgunverðarborðs hótelsins er nú eingöngu með vottuðum lífrænum matvælum, svo sem korni, brauði, ávöxtum, mjólkurvörum og áleggi.

Auk þess hefur Grand Hótel Reykjavík ráðist í umfangsmiklar ráðstafanir til að lágmarka rafsegulmengun og er nú eina hótelið hérlendis sem er alveg laust við hana. Allt burðarvirki hótelsins var tengt við 200 bergfestur sem ná sex metra inn í bergið undir hótelinu. Með þessu móti fæst spennujöfnun auk þess sem dregur úr ójöfnu flæði rafmagns í byggingunni.

Viðburðadagatal 2012 Grand Hótel Reykjvík

OKTÓBER 2012

Villibráðardagar 5.-6. október
Úlfar Finnbjörnsson, villibráðarsérfræðingur matreiðir.

Fashion with Flavor 12.-13. október
Íslensk tíska, matargerð og tónlist.

Grand rómantík
Helgina 26. og 27. október.

Brunch alla sunnudaga í október
Frítt fyrir 12 ára og yngri.

NÓVEMBER 2012

Grand rómantík
Helgarnar 2.- 3. og 9. - 10. nóvember.

Jólahlaðborð hefjast 16. nóvember.
Jólahlaðborðin verða á fimmtudögum, föstudögum, laugardögum og sunnudögum. Helgi Björnsson skemmtir föstudags- og laugardagskvöld.

Brunch alla sunnudaga í nóvember
Frítt fyrir 12 ára og yngri.

DESEMBER 2012

Jólahlaðborð með Helga Björns
Jólahlaðborðin verða á fimmtudögum, föstudögum, laugardögum og sunnudögum. Helgi Björnsson skemmtir föstudags- og laugardagskvöld.

Skötuveisla á Þorláksmessu, 23. desember

Galadinner á gamlársdagskvöldi

Brunch alla sunnudaga í desember
Frítt fyrir 12 ára og yngri.

Reykjavík Spa á Grand Hótel Reykjavík

Reykjavík Spa er glæsileg heilsulind sem opnaði í kjallara Grand Hótel Reykjavík í haust. Reykjavík Spa er m.a. með líkamsræktaraðstöðu sem er útbúin nokkrum æfingartækjum. Hótelgestir geta nýtt aðstöðuna sér að kostnaðarlausu og ráðstefnugestir gegn vægu gjaldi. Æfingaraðstaðan er opin frá kl. 6 – 22 alla daga vikunnar.

Í Reykjavík Spa er einnig snyrti- og nuddstofa með sex fallegum herbergjum þar sem færustu snyrti- og förðunarfræðingar taka vel á móti öllum gestum. Snyrtistofan er með mikið úrval af vörum í hæsta gæðaflokki, bæði fyrir dömur og herra. Má þar helst nefna: Académie húðvörurnar,íslensku og lífrænu andlitslínuna Vor, Alessandro og OPI naglalínuna.

Reykjavík Spa er opið alla virka daga frá kl. 9:00 – 18:00, laugardaga frá kl. 10:00 – 16:00 en lokað er á sunnudögum, nema um annað sé sérstaklega samið. Frekari upplýsingar má nálgast í síma 514-8090 eða í reykjavikspa@reykjavikspa.is.









Hótel Reykjavík Centrum er glæsilegt hótel í hjarta Reykjavíkurborgar. Á hótelinu eru 89 herbergi með öllum nútíma þægindum, svo sem gervihnattasjónvarpi, síma, öryggishólfi og minibar. Öll herbergin hafa sér baðherbergi sem ýmist eru búin sturtu eða baðkari. Auk þess býður hótelið upp á fjórar stúdíóíbúðir til útleigu í Grjótagötu, bæði til styttri og lengri tíma. Tveir fundarsalir eru á hótelinu. Forsetastofan sem tekur 18 manns í sæti við stórt langborð er bæði nýtt í fundarhöld og einkasamkvæmi. Fógetastofan tekur 45 manns í skólastofuuppstillingu og er bæði nýtt sem fundarsalur en ekki síður undir ráðstefnuhald og námskeið. Báðar stofurnar eru búnar öllum nauðsynlegum fundarbúnaði.

Hótelið er staðsett í Aðalstræti 16 í nýuppgerðri gamalli byggingu en elsti hluti hússins var byggður árið 1764. Beggja vegna eru nýbyggingar gerðar eftir gömlum sögufrægum húsum, Fjalakettinum og Uppsölum. Útlit hótelsins er sótt til byggingarlistar Reykjavíkur um aldamótin 1900. Við byggingu hótelsins fundust elstu mannvistarleifar á Íslandi frá um 870. Opnað var glæsilegt sýningarrými, Landnámssýningin - Reykjavík 871±2, undir hótelinu sem Reykjavíkurborg rekur.

Fjalakötturinn er glæsilegur veitingastaður við hliðina á hótelinu. Þar er boðið upp á gott úrval þjóðlegra rétta. Uppsalir er notalegur og vingjarnlegur bar við hlið Fjalakattarins. Þar er notalegt að slaka á og fá sér drykk eða velja úr úrvali minni og léttari rétta. Uppsalir er einnig tilvalinn fyrir minni móttökur. Vegna nálægðar við miðborgina er fjöldi verslana, menningarstofnana og veitingastaða í göngufæri frá hótelinu.

HÓTEL
REYKJAVÍK
CENTRUM

Hótel Reykjavík Centrum
Aðalstræti 16, 101 Reykjavík
Sími: 514 6000
www.hotelcentrum.is
reservations@hotelcentrum.is

Vinalegur veitingastaður byggður á gömlum grunni

Fjalakötturinn er vinalegur veitingastaður í hjarta miðborgarinnar við Aðalstræti 16. Húsið var byggt að fyrirmynd gamla Fjalakattarhússins sem var fyrsta kvikmyndahús landsins. Það var rifið árið 1985 en endurbyggt árið 2005.

Á Fjalakettinum er eldað úr úrvals íslensku hráefni og í boði er úrval árgangsvína á góðu verði. Staðurinn hefur í tvígang hlotið verðlaun frá hinu virta tímariti Wine Spectator fyrir framúrskarandi vínseðil. „Við viljum að fólk geti slakað á og höldum formlegheitum í lágmarki. Stemningin er notaleg og við leggjum áherslu á góða þjónustu og matarmikla rétti," segir Emmanuel Bodinaud, matreiðslumeistari staðarins. Emmanuel sem er franskur hefur starfað á Íslandi undanfarin 20 ár. Hann lætur vel af landinu og rómar íslenska hráefnið. „Ég nota mikið kryddjurtir og íslenskt hráefni; íslenskan ost, lambakjöt, silung, naut og fleira. Ég hef til dæmis verið að prófa mig áfram í að útbúa soufflé með íslenskum osti sem er algjört lostæti."

Fjalakötturinn er opin öllum gestum, alla daga í hádeginu frá kl. 11:30 til 14, sunnudaga til fimmtudaga frá kl. 18 til 22:30 og frá kl. 18 til 23 á föstudögum og laugardögum. Nánari upplýsingar um Fjalaköttinn, þar á meðal matseðil og vínseðil, má finna á www.fjalakötturinn.is

Spínatbaka

Bökudeig

250g hveiti
125g smjör
1 eggjarauða
5 cl. kalt vatn
Klípa af góðu salti

Setjið hveiti á borðið og gerið holu í í miðjuna. Skerið smjörið í litla kubba og setjið í miðjuna ásamt eggjarauðunni og saltinu. Klípið smjörið saman við hveitið og hnoðið svo hratt saman. Bætið vatninu út í. Smyrjið bökuform, hristið hveiti yfir. Fletjið út deigið og leggið í formið þannig það nái aðeins yfir barmana. Notið smjörpappír og baunir sem farg ofan á. Bakið í ofni við 180° C í 8-10 mín. Látið kólna á borði.

Fylling

500 g ferskt spínat
Biti af geitaosti (líka hægt að nota hreinan fetaost)
70 g rifinn ostur
2 eggjarauður
2 egg
1/2 lítri rjómi
Salt og pipar

Steikið spínatið í smjöri við vægan hita í stuttan tíma. Saltið og piprið. Látið leka af því í sigti og pressið vökva úr. Þískið saman eggjum, eggjarauðum og rjóma. Takið helminginn af blöndunni frá. Setjið spínatið út í og blandið við soppuna. Hellið í bökuskelina og stráið helmingnum af rifna ostinum yfir. Sneiðið geitaostinn (eða fetaostinn)og raðið fallega ofan á. Hellið afganginum af soppunni yfir og stráið rifnum osti yfir. Setjið í heitan ofn 200° C í 10 mín. og lækkið þá niður í 180°C og bakið í 10-15 mín. til viðbótar. Þegar bakan er stinn þá er hún tilbúin.

Dagurinn var fullkominn í alla staði

Hafdís Bára Ólafsdóttir og Hilmar Freyr Einarsson giftu sig í Laugarneskirkju í sumar. Veisluna héldu þau í salnum Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík og segja þau að hún hefði ekki getað heppnast betur. Starfsfólk hótelsins hjálpaði við undirbúninginn, skreytingar og matseld og þjónaði svo í sjálfri veislunni. Aðbúnaðurinn var einnig til fyrirmyndar, sviðið flott og gæða hljóðkerfi.

Þau segja daginn hafa verið fullkominn og allt hafi gengið samkvæmt óskum. Undirbúningurinn gekk vel fyrir sig og þau þakka það starfsfólki hótelsins. „Það var tilbúið til að gera allar óskir okkar að veruleika. Þau sáu um meirihlutann af skreytingunum og við bættum svo örlítið við til að gera veisluna persónulegri. Við fengum salinn um níuleytið kvöldið fyrir brúðkaupið og þá var starfsfólkið byrjað að dekka borðin og gera allt fallegt. Við bættum við skreytingum okkar en klukkan var orðin svo margt að yfirþjónninn bauðst til að klára að setja upp skreytingarnar okkar svo við gætum farið heim að sofa," segir Hafdís.

Hjónin voru einkar ánægð með salinn og þjónustuna í veislunni. „Þetta er rosalega fallegur salur. Hann er stór svo fólk hafði nægilegt pláss til að rölta á milli borða og dansa um kvöldið. Salurinn er með stillanlegri lýsingu svo þetta var mjög huggulegt. Þjónarnir voru til fyrirmyndar í veislunni, duglegir að taka tóma diska og fylla á glös."

Þau völdu stærðina á sviðinu og ákváðu að hafa púlt fyrir ræður og veislustjóra. „Við fengum Bjarna töframann til að skemmta liðinu í veislunni. Hann notaði hljóðkerfið sem fylgdi salnum og var með uppistand og tónlistaratriði og svo var hann DJ um kvöldið. Þetta hljómaði allt rosalega vel. "

Þegar brúðhjónin mættu í veisluna tók þjónn á móti þeim með freyðivínsglös áður en haldið var inn í salinn. Borðin voru dreifð um salinn og eins voru lítil kokteilborð til að fylla betur upp í salinn, því hann rúmar um 300 manns í sæti en í veislunni voru 89 manns. „Þrátt fyrir það náðu þau að gera salinn mjög fallegan."

Hafdís og Hilmar voru sérstaklega ánægð með matinn sem hótelið sá um. „Við völdum hlaðborð sem kallast Sveitaveisla og svo franska súkkulaðiköku sem brúðartertu og var hún rosalega góð. Ég mæli hiklaust með að halda brúðkaupsveislu á Grand Hótel Reykjavík, þetta var fullkominn dagur."

Ráðstefnuaðstaðan með því besta sem boðið er upp á hér á landi

Almannatengslafyrirtækið KOM hefur nýtt sér þjónustu Grand Hótel Reykjavík í fjölda ára. Jón Hákon Magnússon, framkvæmdarstjóri KOM, segir ekki fara á milli mála að ráðstefnuaðstaðan hótelinu sé með því besta sem boðið er upp á hér á landi.

„Við höfum í fjölda ára nýtt okkur fundarherbergi og fundarsali fyrir fundi, ráðstefnur, blaðamannafundi og ýmsa atburði. KOM hefur auk þess bókað herbergi fyrir erlenda fyrirlesara, viðskiptavini og fleiri erlenda aðila á hótelinu. Við höfum einnig í mörg ár boðið starfsfólki og lykilsamstarfsmönnum á jólahlaðborðið síðasta föstudag fyrir jól og er það orðin „tradisjón" hjá okkur."

Auk þess hefur KOM haldið fjölda sérhæfðra fyrirtækjanámskeiða í fjölmiðlun og viðtalstækni í fundarherbergjum hótelsins. Öllu þessu fylgja kaup á veitingum og annarri þjónustu hjá hótelinu. „Við höfum nýtt okkur vel alla ráðstefnuþjónustu Grand Hótel Reykjavík í gegnum árin og átt góð samskipti við tæknimennina og ráðstefnudeildina.

Það sem okkur þykir einnig gott er hve mikil lofthæð er í stóra ráðstefnusalnum, Gullteig, sem er mjög mikilvægt þegar hvert sæti er skipað. Í Gullteigi verður ekki eins þungt loft og oft reynist í sambærilegum sölum."

Úrvals þjónusta og matur á heimsmælikvarða

Guðmunda Hjörleifsdóttir og fjölskylda eru eigendur snyrtivörufyrirtækisins Volare frá Vestmannaeyjum. Þau hafa nýtt þjónustu Grand Hótel Reykjavík í mörg ár. „Við höfum nýtt flesta þjónustuþætti hótelsins, leigt ráðstefnusali, gistingu, haldið árshátíðir og notið góðra veitinga," segir Sigursveinn Þórðarson, einn fjölskyldumeðlima. Fyrirtækið hélt meðal annars upp á fimmtán ára afmæli sitt og ekkert annað kom til greina en að velja Grand Hótel Reykjavík. „Þegar við hófum að leita tilboða fyrir mörgum árum í gistingu, fundaraðstöðu og veitingar varð Grand Hótel Reykjavík fyrir valinu. Við höfum eiginlega ekki séð ástæðu til þess að skipta um hótel eftir það. Við erum í Gullklúbbi hótelsins og þjónustan er til fyrirmyndar, herbergin eru rúmgóð og fín og maturinn er á heimsmælikvarða. Við erum mjög ánægð með þetta samstarf."

WELCOME

GRAND
JÓLAHLAÐBORÐ
2012

Viltu bæta við gistingu?
Jólahlaðborð og gisting
í tveggja manna herbergi með
morgunverði
16.500 kr. á mann

Jólahlaðborðið hefst þann 16. nóvember

HÁTÍÐLEGT JÓLAHLAÐBORÐ MEÐ HELGA BJÖRNS

LIFANDI TÓNLIST Á FÖSTUDAGS- OG LAUGARDAGSKVÖLDUM
Helgi Björnsson flytur íslenskar og erlendar dægurlagaperlur í bland við jólalög ásamt Kjartani Valdimarssyni á píanó, Einari Val Scheving á trommur og Valdimari Kolbeini Sigurjónssyni á bassa. Jólabjöllurnar ganga um sali og flytja íslensk þjóðleg jólalög og tónlistarmaðurinn Reynir Sigurðsson töfrar fram jólatóna. Hin óborganlega hljómsveit Hafrót spilar fyrir dansi.

YFIR 20 RÉTTIR Á GLÆSILEGUM MATSEÐLI
Forréttir, kaldir og heitir aðalréttir, grænmetisréttir, sósur og meðlæti og ljúffengt eftirréttahlaðborð.

Verð 9.600 kr.
Verð fyrir börn 6-12 ára 5.600 kr.

II. JÓLAHLAÐBORÐ
án sýningar á föstudags- og laugardagskvöldum með Jólabjöllunum, Reyni Sig. og hljómsveitinni Hafrót.
Fullorðnir 8.600 kr.
Börn 6-12 ára 5.600 kr.

III. JÓLAHLAÐBORÐ
í hádeginu á föstudögum.
Fullorðnir 5.800 kr.
Börn 6-12 ára 2.800 kr.

IV. JÓLAHLAÐBORÐ
á sunnudagskvöldum.
Fullorðnir 8.600 kr.
Frítt fyrir 12 ára og yngri.

V. JÓLAHLAÐBORÐ
á virkum dögum fyrir fleiri en 50.
Fullorðnir 8.600 kr.
Frítt fyrir 12 ára og yngri.

www.expo.is

PANTAÐU NÚNA
í síma: 514 8000 eða
á jolahladbord@grand.is

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Grand Hótel Reykjavík, Sigtún 38, 105 Reykjavík

Tilboðin gilda **20. - 23.** september

nettó

Kræsingar & kostakjör

1/2 LAMBASKROKKUR

VERÐBOMBA!

799 KR/KG

-FRYSTUR AF NÝSLÁTRUÐU-

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Krossgáta

Lárétt

1. Glöðust varstu þessa ánægjutíma (11)
11. Annars fer Elín til Erlings (4)
12. Fel spillingargæslu að sinna skítaskoðun (17)
13. Á bænaborði er pilla og biblíumynd þar fyrir ofan (12)
14. Andaðist lík hinna föllnu og steig dans? (9)
15. Drukkin set ég ofhlaðin á flot (10)
16. Hægindi fagmanns hvar skallar tóra (11)
17. Geimveran frá Melmac nötraði er sá ósnertanlegi birtist (9)
18. Djarfara barnið finnur kápu fyrir guð (8)
22. Þvert á móti heitir að standa á sínu (12)
26. Konu Baldurs varð hverft við þetta blóm (8)
27. Lúinn franskur smábíll eða lélegt húsnæði? (12)
29. Rugluðu rotnum mörðunum við bjóra (7)
30. Greina örlítið haf elektróna í þartilgerðu tæki (14)
32. Heili meiði Óla (8)
33. Vesen ef Mustang er í rugli (7)
34. Skriðu ungnautakjöts var fargað með þessum hætti (5)
35. Blek tengist snyrtilegri svo úr verður skriffæri (9)
36. Sat bara í einhverju rugli (7)

Lóðrétt

1. Sat fróður sel til forna en er nú kex? (8)
2. Happatapparnir tönuðu skildu hross og knaparassa uns þeim var skilað (14)
3. Fjörfuglar draga úr höggi (8)
4. Vísa í óplanað spjallið um töluna (20)
5. Skrímslasvæði fyrir þolendur ofbeldis (9)
6. Lón fullt af óskrifuðum orðum? (9)
7. Bíða boðs enda mega þau ekki fara á án þess (11)
8. Veraldarbeygur vitjaði mín (9)
9. Fjallsheiði – eða öfugt – sem Kaninn skildi eftir í rusli (11)
10. Rifjar upp miðpunkt og starfsfólk (8)
18. Vel búin fræ hræðslu við hið sigtaða (11)
19. Legg aulagang að jöfnu við durgseðli (10)
20. Keyrir í kross og harðneitar (9)
21. Brýni málmdrekanna (11)
23. Tognar gras fyrir þær er mest hælast um (10)
24. Gríp til hanalagar er þorstinn sækir að (10)
25. Ræsti iðnað fyrir stóna (10)
28. Sé rollupissið renna saman við kaffihlandið (8)
31. Þessi dans er algjör sósa (5)





Lausnarorð síðustu viku var
UPPÞVOTTALÖGUR

FORLAGIÐ

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Hermiskaði frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Herdís Tegeder, Vestmannaeyjum.**



Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist sögufrægt örnefni að vestan. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 26. september næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „22. september“.



RÉÐST INN Í ÍRAN Hersveitir Saddams Hussein réðust inn í Íran á þessum degi árið 1980. Stríðinu lauk átta árum síðar og þá lágu allt að 600.000 manns í valnum.

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1980

Írak gerir innrás í Íran

Hersveitir Saddams Hussein réðust inn í Íran eftir mánaðalangar deilur um landamærasvæði. Stríðið stóð í átta ár og kostaði hundruð þúsunda lífið.

Á þessum degi fyrir réttum 32 árum, hinn 22. september árið 1980, réðust íraskar hersveitir inn í Íran og upphófst þar stríð milli nágrannaþjóðanna, sem stóð til árins 1988 og kostaði allt að 600 þúsund manns lífið.

Ríkin höfðu lengi eldað grátt silfur vegna deilna um landsvæði. Deilan hafði stigmagnast þar sem Íranar höfðu skömmu áður gert sprengjuárásir á landamærastöðvar Íraka.

Saddam Hussein Íraksforseti hafði augastað á Kúsestan-héraði þar sem eru auðugar olíulindir og vildi sölsa þær undir sig. Annað veigamikið atriði er að Saddam óttaðist að klerkastjórn Ajatolla Komeinis, sem tók völdin í byltingu árið áður, hygðist æsa upp íraska sjía, sem eru í meirihluta þar í landi, til uppreisnar.

Írakar hófu innrásina með loftárásum í þeim tilgangi að lama flugher Írans, en það gekk ekki eftir. Daginn eftir hélt landherinn inn í Kúsestan en mætti harðri mótspyrnu. Innrásin var stöðvuð um það bil 100 kílómetra inni í Íran og lengra náðu Írakar ekki.

Íranski herinn hrakti innrásarliðið smátt og smátt aftur, þar til árið 1982 þegar Írakar yfirgáfu hernumdu svæðin og sóttust eftir því að semja frið.

Komeini var alls ekki á því, enda hafði hann persónulegan ímugust á Saddam, og stríðsátök héldu áfram. Víglínan festist í skorðum rétt innan við landamærin í Írak og fóru átökin almennt þannig fram að Íranar sendu hóp hermanna yfir víglínuna, en þeim var svo stökkt á flótta af hinum vel tækjum búna íraska her.

Írak naut stuðnings Sádi-Arabíu, Kúveit og annarra arabaríkja, auk þess sem Bandaríkin og Sovétríkin studdu Saddam á bak við tjöldin. Íranar nutu hins vegar aðeins stuðnings Sýrlands og Líbíu.

Stuðningurinn við Írak fór hins vegar þverrandi þegar upp komst að Írakar höfðu beitt efnavopnum gegn Íran og líka íröskum Kúrdum, sem Saddam taldi halla undir Íran.

Í einni slíkri árás, árið 1988, féllu allt að fimm þúsund manns, en á milli 50 og 100 þúsund Kúrdar voru drepnir í stríðinu.

Ríkin gerðu vopnahlé árið 1988 og stríðinu lauk formlega í ágúst 1990.

Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar í Persaflóa, en fangaskiptum ríkjanna lauk ekki fyrr en árið 2003. Samskipti ríkjanna í dag eru almennt góð.

- þj

Heimild: Britannica

Næg bílastæði og kaffi á könnunni

RISAlagersala á Fiskislóð 39

Yfir 2500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Allt að 90% afsláttur

FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA

Opið alla helgina kl. 10–19

LEYNDA KVÖLDMÁLTÍÐIN – KILJA
Verð: 690 kr.

MORÐIÐ Í HÆSTARÉTTI – INNBUNDIN
Verð: 690 kr.

FARÞEGINN – INNBUNDIN
Verð: 690 kr.

HARÐSKAFI – INNBUNDIN
Verð: 990 kr.

BARA GAMAN
Verð: 1.490 kr.

SVONA VARÐ ÉG TIL
Verð: 990 kr.

ÚKK OG GLÚKK
ÆVINTÝRI KÚNG-FÚ-HELLISBÚA ÚR FRAMTÍÐINNI
Verð: 1.990 kr.

LOFORÐIÐ – KILJA
Verð: 790 kr.

Allir sem kaupa fyrir **6.000 kr.** eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir **12.000 kr.** eða meira fá tvær bækur að gjöf.

FÍASÓL OG LITLA LJÓNARÁNIÐ
Verð: 1.490 kr.



MEÐ KÖLDU BLÓÐI
Verð: 990 kr.

FÁRÁNLEGT VERÐ

ÞEGAR ÖLLU ER Á BOTNINN HVOLFT – INNBUNDIN
Verð: 290 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19**

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

ÚTSALA Á GRÍSAKJÖTI

FRÁBÆRT VERÐ!

40% afsláttur

899 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg

Grísasnitsel og gúllas

599 kr. kg

Grísabógur, hringskorinn

30% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1469~~ kr. kg

Grísakótilettur, magnpakkning

20% afsláttur

1598 kr. kg

Verð áður ~~1998~~ kr. kg

Grísalundir

20% afsláttur

798 kr. kg

Verð áður ~~998~~ kr. kg

Grísasíða, pörusteik

ÓDÝRT LAMBAKJÖT HAUSTSLÁTRUN 2012

ÞÚ PAKKAR sjálf(ur) í frystinn!

998 kr. kg

Heill, ófrosinn, lambaskrokkur

Lambaskrokkur af nýslátruðu, sagaður í kassa:

Heilt læri • Lærissneiðar • Heill hryggur • Sagaður frampartur • Heil slög

Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

Nýtt kortatímabil!

Ný íslensk uppskera

Ný uppskera af íslensku grænmeti beint frá bónda.

Sveitastemning

Lifandi tónlist og íslensk sveitastemning.

Uppskriftir

Fáðu uppskriftabæklinga og þú nýtur íslenska grænmetisins enn betur!

Smakkaðu

Smakkaðu á nýrri uppskeru, mikið úrval!

Frábært verð

Grænmeti á frábæru verði og ýmis kynningartilboð.

tímamót

timamot@frettabladid.is

78 **RAGNAR BJARNASON** söngvari
„Þögnin er svo dýrmæt fyrir þá sem hafa það að starfi að rjúfa hana.“

60 ára afmæli

Reynir Carl Þorleifsson

Reynir Carl Þorleifsson er fæddur 25. september 1952 í Vestmannaeyjum. Gekk hann þar í barna- og gagnfræðiskóla og síðar í iðnskóla en árið 1969 hóf hann nám í bakaraiðn hjá Sigmundi Andréssyni bakarameistara í Magnúsarbakarí þar í bæ.

Árið 1973, í gosinu mikla, fluttist hann til Reykjavíkur og klárði námið í Snorrabakarí. Eftir iðnnámið hefur hann ætíð starfað við bakaraiðnina, á tímabili sem sölumaður og bakari hjá Efnagerð Lauganess og einnig til margra ára bakari í Bernhöftsbakarí. Þá hefur hann gegnt störfum til margra ára hjá Landssambandi bakarameistara, þ.m.t. formennsku sambandsins.

Árið 1976 kvænist Reynir Jenný Þóru Eyland og eru börn þeirra fjögur og barnabörnin sex. 1994 opnuðu þau hjónin bakaríið að Dalvegi 4 Kópavogi sem þau reka saman í dag ásamt börnum sínum en fjölskyldan hefur í samvinnu komið að þeim rekstri frá upphafi.

Í tilefni tímamótanna býður Reynir vinum og vandamönnum að gleðjast með sér föstudagskvöldið 28. september milli kl. 20 og 23 að skemmtistaðnum Spot, Bæjarlind 6, Kópavogi.

HUNDURINN FRAKKUR Í GÓÐUM HÖNDUM „Áherslurnar eru ekkert að breytast heldur verður Dýraverndarsambandið sýnilegra en áður og virkara í að sinna velferð bæði búfjár og gæludýra,“ segir Anna Berg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ANNA BERG: FYRSTI STARFSMAÐUR DÝRAVERNDARSAMBANDS ÍSLANDS

VAKIR YFIR VELFERÐ DÝRANNA

„Síminn hefur þagað í dag enda er þetta fyrsti dagurinn sem hann er virkur en í næstu viku býst ég við að hann taki við sér. Þetta er alveg ný þjónusta sem hefur ekki verið í boði áður,“ segir Anna Berg Samúelsdóttir um símatímann sem Dýraverndarsamband Íslands hefur tekið upp. Hún hefur verið ráðin í 40% starf fram að áramótum hjá sambandinu en fram til þessa hefur það reitt sig á sjálfboðaliða og öll störf félagsins verið unnin af þeim.

„Áherslurnar eru ekkert að breytast heldur verður Dýraverndarsambandið sýnilegra en áður og virkara í að sinna velferð bæði búfjár og gæludýra,“ segir Anna Berg sem er menntaður búfræðingur frá Bændaskólanum á Hólum, bútæknifræðingur frá Dalum Tekniskeskole, bachelor í náttúrufræðum frá Landbúnaðarháskóla Íslands og mastersnemi við Háskóla Íslands þar sem verkefni hennar snýst um greiningu á hugtakinu velferð búfjár.

Dýraverndarsamband Íslands byggir afkomu sína á árgjöldum félaga og frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja. Það heldur úti síðunni www.dyravernd.is og síminn hjá því er 770 6070. Símatímar eru þriðju- og fimmtudaga frá 16 til 18 og miðvikudaga frá 10 til 12. Að sögn Önnu Berg er öllum frjálst að hringja til spjalls og ráðagerða en einkum eru símatímarnir ætlaðir þeim sem hafa ábendingar um illa meðferð á dýrum. „Ef fólk hefur séð hesta í uppnöguðum hólfum eða litlar kisur vannærðar og illa hirtar einhvers staðar,“ tekur hún sem dæmi. Hvað gerir hún þá? Drífur hún sig á staðinn? „Nei, við erum ekki lögga. Héraðsdýralæknarnir eru eftirlitsaðilar og hafa umsjón með því að dýravelferðar sé gætt. Ef við fáum ábendingu um óviðunandi aðbúnað dýra höfum við samband við þann dýralækni sem við á og rannsökum hvort tilfellið sé raunverulegt og þá hvort verið sé að vinna í málinu. Umhverfisstofnun fer með velferð gæludýra og Matvælastofnun með velferð búfjár samkvæmt lögum. Þó margir dýralæknar og annað vel menntað fólk sé innan Dýraverndarsambands Íslands hefur sambandið ekki leyfi til að senda fólk á staðinn. En við verðum með aukinn þrýsting og eftirfylgni,“ lofar Anna Berg. Hún segir vitað að mörg mál hafi verið látin dankast. „Stundum dregst það alltof lengi að skepnur séu teknar af fólki eða fundnar einhverjar lausnir,“ segir hún.

gun@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 22. SEPTEMBER 1992

Sigrún Hrafnsdóttir fékk níu gull

Sundkonan Sigrún Huld Hrafnsdóttir hreppti flest verðlaun allra keppenda á Ólympíuleikum þroskaheftra sem haldnir voru í Madrid á Spáni og lauk þennan dag fyrir tuttugu árum. Hún hlaut níu gullverðlaun og tvenn silfurverðlaun. Auk þess setti hún fjögur heimsmet í einstaklingsgreinum og var í boðsundssveitinni sem setti fjögur heimsmet. Þetta var einstætt afrek í íþróttasögunni. Um 2.500 þátttakendur frá 72 þjóðum voru á þessum fyrstu Ólympíuleikum þroskaheftra. Íslendingar voru þar sigursælir og hlutu tuttugu og ein verðlaun, tíu gull, sex silfur og fimm brons. Þeir urðu í öðru sæti í sundi á eftir Áströlum og fengu hlýjar móttökur þegar þeir komu heim.

✝

Okkar ástkæra,

AGNES EIRÍKSDÓTTIR
Garðabraut 8, Akranesi,

lést 18. september. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 25. september kl. 14. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahús Akraness.

Jón Jóns Eiríksson
Sigrún Eiríksdóttir
Kolbrún Eiríksdóttir
og fjölskyldur þeirra.
Rut Hallgrímsdóttir
Sigurjón Guðmundsson

Innilegar þakkir til allra fyrir samúð, hlýju og kveðjur við andlát og útför

GUÐMUNDAR PÁLS ÓLAFSSONAR

Ingunn K. Jakobsdóttir
Blær Guðmundsdóttir
Ingibjörg Snædal Guðmundsdóttir
Halla Brynhildur Guðmundsdóttir
Finni Jóhannsson
Ragnar B. Jóhannsson
Mads Thygesen
Rökkvi Steinn, Salka og Þórkatla

✝

Hjartans þakkir til allra þeirra sem heiðruðu minningu elskulegrar eiginkonu minnar, dóttur, móður, tengdamóður, systur og ömmu,

BIRNU INGIBJARGAR TOBÍASDÓTTUR
Rimasíðu 29g, Akureyri,

með nærveru ykkar, heimsóknum og hlýhug. Sérstakar þakkir sendum við Heimahlynningu á Akureyri og starfsfólki á lyflækningadeild Sjúkrahússins á Akureyri fyrir einstaka umönnun.

Gísli Karl Sigurðsson
Guðrún Ingibjörg Björnsdóttir
Guðrún Gísladóttir
Hulda Gísladóttir
Sigþrúður Tobíasdóttir
Sigurlaug Anna Tobíasdóttir
Ottó Magnússon
Gísli, Guðrún Birna, Ágústa, Svana, Páll og Teitur

✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÞORGERÐUR JÖRUNDSDÓTTIR
áður til heimilis að Bakkavör 9, Seltjarnarnesi,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 19. september. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 4. október kl. 15.

Anna María Hilmarsdóttir
Þorsteinn Hilmarsson
Þorgerður Jörundsdóttir
Þuríður Elfa Jónsdóttir
Jóhanna Símonardóttir
Hilmar Þorsteinsson
og barnabarnabörn.
Guðrún Sóley Guðjónsdóttir
Þorsteinn Jörundsson
Jörundur Jörundsson
Steinunn Guðmundardóttir
Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir

✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

FANNEY ELÍN ÁSGEIRSDÓTTIR
Kóngsbakka 14, 109 Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans sunnudaginn 16. september. Útför hennar fer fram fimmtudaginn 27. september kl. 13.00 frá Fossvogskirkju. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Landspítalans Von 0513-26-3147 kt. 490807-1010.

Orri Ragnar Árnason Amin
Helgi Pétur
Ágúst Ólafur
Kristjana Ragnheiður
Steinunn Ingibjörg
Rakel Ósk
Sigurður Árni

Góðir staðir til að vinna á

TIL LEIGU

Suðurlandsbr. 24
108 Reykjavík

- Fjölbreytt skrifstofu- og verslunarhúsnæði á jarðhæð
- Bílageymsla og næg bílastæði, hentug staðsetning
- Stærð u.þ.b. 986 m2, laust strax

TIL LEIGU

Fossháls 5-7
110 Reykjavík

- Rúmgott verslunarhúsnæði fyrir rekstur af ýmsu tagi
- 1.066 m2 á jarðhæð og um 400 m2 á 2. hæð, næg bílastæði
- Góð lofthæð, hentug innkeyrsluhurð, góð aðkoma

- Stór salur, fundarherbergi, skrifstofur og eldhús
- Mjög vel búið húsnæði í hvers konar rekstur
- 1.386 m2, laust 1. október

TIL LEIGU

Ármúli 31
108 Reykjavík

www.reitir.is

REITIR
Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk

Nánari upplýsingar veitir
Halldór Jensson
840 2100
halldor@reitir.is

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

FANNEY HJARTARDÓTTIR

lést á Dvalarheimilinu Víðihlíð í Grindavík 17. september. Jarðsungið verður frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 25. september kl. 13.00.

Bjarnfríður Jónsdóttir
Karl Taylor
Eðvarð Taylor Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Pétur Vilbergsson
Ása Skúladóttir

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SESSELJA SVANA EGGERTSDÓTTIR GUÐMUNDSSON

lést 19. september sl. í Louisville í Kentucky í Bandaríkjunum. Bálförin fer fram í Louisville þriðjudaginn 25. september.

Örn Eggert Guðmundsson
Jórunn Hilda Guðmundsson Davis
Jón Sigurður Guðmundsson
barnabörn og langömmubörn.

Susan Varga Guðmundsson
Susan Sweeney Guðmundsson

Ástkær eiginkona mín, móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

KRISTÍN PÁLSDÓTTIR (CHRISTEL)
Drafnarstíg 2a, Reykjavík,

lést að Droplaugarstöðum aðfaranótt 13. september. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Guðmundur Kristinsson
Helga Gabriella Guðmundsdóttir
Harpa Bryndís Brynjarsdóttir
Guðmundur Þórir Þórisson
Kristel Björk Þórisdóttir
Anton, Andri, Aldís, Bryndís, Lilja og Guðmundur Ísar.

Þórir Ólafsson
Sigurjón Guðmundsson
Kolbrún Sigurðardóttir
Hörður Kr. Hálfdánarson

Þökkum þeim fjölmörgu sem hafa látið í ljós samúð vegna andláts

GUÐRÚNAR BJARNADÓTTUR
Grundarási 12, Reykjavík,

og sýnt minningu hennar hlýju og virðingu.

Hörður Gíslason
Helga Harðardóttir
Gunnar Harðarson
Emil Dagsson
Ásta Árnadóttir

Haraldur Skarphéðinsson
Álfrún Haraldsdóttir

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

NANNA SIGFÚSDÓTTIR
Höfðabraut 5, Akranesi,

lést 18. september. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 27. september kl. 14.00.

Sigurður Guðmundsson
Magnús Sigurðsson
Ómar Sigurðsson
Elínborg Sigurðardóttir
Hugrún Sigurðardóttir
Sigurgeir Sigurðsson
Marteinn Sigurðsson
og ömmubörn.

Jórunn Friðriksdóttir
Ásgeir Gunnarsson
Eyjólfur M. Eyjólfsson
Herdís Jónsdóttir

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar dóttur okkar, systur, mágkonu og frænku,

ELÍNAR REYNISDÓTTUR
sambýlinu Mururima 4, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við fyrrverandi og núverandi starfsfólki Mururima 4, Bjarkarás og Perlufestarinnar. Einnig læknum, hjúkrunarfólki LSH og öðrum þeim er sinntu Elínu í veikindum hennar. Njótið Guðs blessunar í störfum ykkar.

María Ólafson og Reynir Kjartansson.
Þuríður og fjölskylda.
Viðar og fjölskylda.

Evrópumót í strandstangveiði

Íslandsdeild Evrópusambands sjóstangaveiðimanna – EFSA (European Federation of Sea Anglers) – stendur fyrir Evrópumeistaramóti í strandstangveiðum í Eyjafirði 24. til 29. september. Þetta er fyrsta mót sinnar tegundar sem haldið er í landinu.

Sextíu og sex veiðimenn frá átta Evrópulöndum taka þátt í mótinu. Löndin eru: Gíbraltar, Holland, Þýskaland, England, Skotland, Wales, Írland og Ísland.

Mótið tekur þrjá daga og veitt er á ýmsum stöðum við Eyjafjörð. Á fyrsta degi mótsins þriðjudaginn 25. september verður til dæmis veitt meðfram Drottningarbrautinni á Akureyri allt frá Höfner að Torfunefsbryggju.

Keppt er í karla- og kvennaflokki, unglingaflokki og flokki eldri veiðimanna, í tveggja manna og fjögurra manna sveitum auk þess að þjóðirnar tefla fram landsliði sínu. Ísland sendir tvö fimm manna landslið, A- og B-landslið, skipuð konum og körlum.

Keppnin felst í að veiða sem flesta fiska yfir ákveðinni lágmarkstærð og sá vinnur mótið sem flest stig fær fyrir fiskafjölda og samanlagða lengd fiska.

Strandstangveiðar eru fámenn en sífellt vaxandi íþrótt á Íslandi en stendur á gömlum merg í flestum öðrum Evrópulöndum. Vonast Íslandsdeild EFSA til að mótið efli þessa grein stangveiðiíþróttarinnar á Íslandi.

STRANDSTANGVEIÐI Frá Íslandsmeistaramótinu í strandveiði.

HJÓLASKÁLIN AFHENT Mikil áhersla er á hjólreiðar í Fossvogsskóla.

Hjólaskálin til Fossvogsskóla

Fossvogsskóli fékk í gær Hjólaskálina, viðurkenningu fyrir eflingu hjólreiða. Það var Jón Gnarr borgarstjóri sem afhenti Óskari S. Einarssyni skólastjóra og fulltrúum nemenda og kennara viðurkenninguna við upphaf ráðstefnu um hjólreiðar.

„Nemendur eru hvattir til þess að koma í skólann árið um kring á reiðhjóli og síðustu þrjú ár hefur verið haldin sérstök hjólavika þar sem nemendur eru meðal annars hvattir til að fara í hjólaferðir í frímínútum," segir á vef borgarinnar um reiðhjólamenninguna í Fossvogsskóla. **- gar**

Minn ástkæri eiginmaður og stjúpfaðir okkar,

VALGEIR G. VILHJÁLMSSON
kennari,
Árskógum 8, Reykjavík,

lést 20. september á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 28. september kl. 15.

Anna D. Magnúsdóttir og börn.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

ÞRÁINS KRISTINSSONAR
fyrrverandi skipstjóra,

Fagrahjalla 3, Kópavogi. Sérstakar þakkir eru til starfsfólks gjörgæsludeildar LSH.

Björg Helgadóttir
Þorbjörg Þráinsdóttir
Geir Þráinsson
Halldór Þráinsson
barnabörn, barnabarnabörn og systkini hins látna.

Magnús Ásgeirsson
Kristín Sigurðardóttir
Steinunn Þ. Júlíusdóttir

Austfirsk saga

Nýtt hefti Múlaþings er komið út. Í því er meðal annars fjallað um brúargerð Sigurðar Jónssonar, íslenska Bing & Gröndahl-plattann og mb. Sæborgu sem hvarf í seinni heimsstyrjöldinni með átta mönnum innanborðs. Einnig er fjallað um glímumanninn séra Stefán Pétursson á Desjarmýri, gönguferð í Víðidal 1981 og flugslysið á Valahjalla við Reyðarfjörð árið 1941 þegar þýsk herflugvél fórst. Þá eru og greinar um menningararf Vopnfirðinga og líðan og framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi.

Höfundar efnis eru tólf talsins og ritstjórar eru Jóhann G. Gunnarsson, joigutt@simnet.is, og Rannveig Þórhallsdóttir, sagnabrunnur@simnet.is. **-gun**

Merkisatburðir

1930 Ferðafélag Íslands tekur fyrsta **sæluhús sitt í notkun í Hvítárnesi við Langjökul.**

1957 Árbæjarsafn er opnað almenningi.

1960 Frakkar viðurkenna sjálfstæði Malí.

1964 Söngleikurinn Fiðlarinn á þakinu er frumsýndur á Broadway.

1973 Menntaskólinn í Kópavogi er settur í fyrsta skipti.

1980 Írak ræðst á Íran og hefur þar með átta ára stríð.

2006 Fréttastöðin NFS hættir útsendingum.

Kær tengdafaðir minn,

SIGURÐUR EINARSSON
frá Tjörnum undir Eyjafjöllum,
lengst af búsettur á Nýja-Sjálandi,

er látinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun í veikindum hans fær starfsfólk 11G á Landspítalanum svo og starfsfólk á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Fyrir hönd aðstandenda,

María Sif Sveinsdóttir

KOMIN Í HAGKAUP Á DVD
BLU-RAY OG BLU-RAY 3-D
ÓMISSANDI Í SAFNIÐ!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

OKKAR LÁGA

Beko FSE1070 Frystiskápur
85x55 cm.

49.989,-
-10.000,-
=39.989,-

Beko SSE1337000
Kæliskápur
173x60 cm.

79.989,-
-10.000,-
=69.989,-

Whirlpool AFG6262B Frystikista
258 lítra.

79.989,-
-10.000,-
=69.989,-

Whirlpool WBE3414TS
Kælir/Frystir
Stál 187x60 cm.

109.989,-
-10.000,-
=99.989,-

Candy
CRCS5152W
Kæliskápur
152x55 cm.

79.989,-
-10.000,-
=69.989,-

Scandomestic
SKF220
Kælir/Frystir
144x55cm.

69.989,-
-10.000,-
=59.989,-

KOMDU Í MAX UM HELGINA OG GERÐU DÚNDUR KAUP!

MAX VERÐ+

10.000,-

AFSLÁTTUR

Af öllum frysti- og kæliskápum!

70 gerðir – 9 vörumerki!

Max er risa raftækjamarkaður í Kauptúni í Garðabæ. 2.000 fermetrar stútfullir af sjónvörpum, heimilistækjum, tölvum og raftækjum fyrir heimilið á lægra verði !

MAX RAFTÆKI

Opið mán.- fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

Beint á móti IKEA

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

100 HOLLAR UPPSKRIFTIR Eldað með Ebbu í Latabæ er ný matreiðlsubók fyrir alla fjölskylduna. Þar eru meðal annars 18 tillögur að himneskum hafragraut.

Konráð og félagar á ferð og flugi

10

Teikningar og texti Bragi Halldórsson

„Þið getið nú glímt við þessa sudoku þraut," sagði Róbert rogginn. „Ég er svo klár í þeim að þið mynduð ekki vera byrjuð þegar ég væri búinn," bætti hann við. Kata dæsti, hún var að verða búin að fá sig fullsadda af oflæti Róberts og grunaði hann um að láta svona bara af því að hann kynni þetta ekki. En hvað með það. „Takk fyrir það Róbert minn," sagði Lísaloppa. „Við Konráð og Kata leysum hana þá bara."

	9		1		2		8	7
4	7	6			8	2	9	
			4					5
	5		6	2	7	9	1	
9		7		8		5		6
	1	8		4	5		3	
7	3		2			8	5	4
8				9	4	1		3
1		2	8	5		6	7	9

Getur þú hjálpað þeim að leysa þess sudoku þraut?

BRANDARAKISTAN

Steini: Þekkirðu mann úr Hafnarfirði með gervifót sem heitir Egill?
Kalli: Manstu hvað hinn fóturinn heitir?

Kennarinn var að innrita ungan mann inn í háskóla. Hann tók niður nafn og fleira og sagði svo: „Þetta verður allt í lagi en þú verður að velja þér einhverja grein."

Ungi maðurinn (með áhyggjusvip): „Má ég ekki sitja í stól eins og aðrir?"

Gulla: Er það satt mamma að mennirnir séu komnir af öpum?
Mamma: Svo er sagt, Gulla mín.
Gulla: Hver ætli hafi fattað það fyrst að hann væri api?

Þú getur sent brandara til ***krakkar@frettabladid.is***

BAKARADRENGURINN Í HÁLSASKÓGI Bakar ekki oft vandræði en er samt svolítið óheppinn að eigin sögn.

HRÆDDUR VIÐ AÐ PIPRA

Bakaradrengnum í Hálsaskógi þykir skemmtilegast að baka afmælisköku fyrir Hérastubb bakara og hann hefur gabbað fleiri en Mikka ref eins og krakkasíðan komst að þegar hún lagði fyrir hann nokkrar spurningar.

1. Hvað finnst þér skemmtilegast að baka? Afmælisköku fyrir Hérastubb, hann verður svo glaður.

2. Bakar þú einhvern tíma vandræði? Ekki viljandi, en ég er stundum svolítið óheppinn.

3. Ef þú værir ekki bakaradrengur hvað myndir þú vilja gera? Söngvaradrengur eða leikaradrengur.

4. Hver er besti vinur þinn? Paddi broddgöltur, en hann er stundum svolítið erfiður, held það sé af því hann hefur aldrei verið faðmaður, það er ekki hægt því hann er með svo marga brodda.

5. Hvernig myndir þú lýsa Mikka ref? Hann hefur tekið miklum stakkaskiptum og er orðinn hugrakkur og hjálpfús.

6. Hefurðu platað marga eins og þú gabbaðir Mikka ref? Ég faldi mig einu sinni fyrir Hérastubbi en ég sofnaði og vaknaði ekki fyrr en um kvöldið þegar hann hafði lokað og læst bakaríinu og ég var læstur inni.

7. Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Upphaldið mitt eru hunangskökur, piparkökur, kanilsnúðar, kleinuhringir, kleinur, kremkökur, randalínur, ástarpungar, berlínarbollur og rófur.

8. Hvað er vinsælasta bakkelsið og brauðmeti hjá Dýrunum í Hálsaskógi? Hunangskökur seljast best þessa dagana.

9. Þurfið þið bakarameistarinn að baka á nóttunni eins og bakarar hér? Þegar mikið stendur til þá gerum við það og höldum okkur vakandi með söng og bröndurum.

> Upphaldið mitt eru hunangskökur, piparkökur, kanilsnúðar, kleinuhringir, kleinur, kremkökur, randalínur, ástarpungar, berlínarbollur og rófur.

10. Hver er uppáhaldsárstíðin þín í Hálsaskógi. Vetur, því þá fær maður að sofa alla daga.

11. Ertu nokkuð hræddur við að pipra? Já mjög, stundum dreymir mig chili og ég vakna í svitabaði.

Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.

Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassíska sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir

Langar að verða söngkona

Nafn og aldur: Ragnhildur Rúnarsdóttir, ellefu ára.

Í hvaða skóla ertu: Árbæjarskóla.

Í hvaða stjörnumerki ertu: Meyjunni.

Áttu happatölu? Já 6 og 13.

Helstu áhugamál? Söngur, handbolti og að vera með vinum.

Eftirlætissjónvarpsþáttur: The Biggest Loser og fullt af öðrum.

Besti matur? Soðin ýsa.

Eftirlætisdrykkur? Ananasdjús.

Hvaða námsgrein er í uppáhaldi? Tónmennt og íþróttir.

Áttu gæludýr? Já, tíkina Skottu.

Skemmtilegasti dagurinn og af hverju? Föstudagur, af því þá er að koma helgi og svo er handboltaæfing.

Eftirlætistónlistarmaður eða hljómsveit? Svo margir.

Uppáhaldslitur? Blár.

Hvað gerðirðu í sumar? Fór til Spánar og í útilegur.

Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið? Hunger Games og Harry Potter.

Hvað langar þig að verða þegar þú ert orðin stór? Söngkona.

Einnar nætur gaman... ár eftir ár eftir ár.

Á sama tíma á ári

Einn vinsælasti gamanleikur allra tíma!

Skelltu þér í áskrift!

Nína Dögg Filippusdóttir og Guðjón Davíð Karlsson í verðlaunaverki Bernard Slade
í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar og Bjarna Hauks Þórssonar

Frumsýning 28. september

Forsala í fullum gangi!

fös. 28/9 kl. 20	UPPSELT	
lau. 29/9 kl. 20	örfá sæti	
lau. 6/10 kl. 19	örfá sæti	
lau. 6/10 kl. 22	örfá sæti	
sun. 7/10 kl. 20	örfá sæti	
fös. 12/10 kl. 19	UPPSELT	
lau. 13/10 kl. 19	örfá sæti	
lau. 20/10 kl. 19	UPPSELT	

Sýningar í Hofi á Akureyri
fös. 01/11 kl. 19 | lau. 02/11 kl. 19
Miðasala í síma 450 1000 og á menningarhus.is

FÍTON / SÍA

BYLGJAN 989

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

krossgáta



LÁRÉTT
2. útdeildu, **6.** hvort, **8.** beiskur, **9.** móðurlíf, **11.** íþróttafélag, **12.** drós, **14.** smáu, **16.** grískur bókstafur, **17.** ætt, **18.** keyra, **20.** í röð, **21.** tikka.

LÓÐRÉTT
1. trúi, **3.** hæð, **4.** pensillín, **5.** dýrahljóð, **7.** geysistórt, **10.** töffari, **13.** stykki, **15.** ungur fugl, **16.** fálm, **19.** frá.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** gáfu, **6.** ef, **8.** súr, **9.** leg, **11.** kr, **12.** dræsa, **14.** lítlu, **16.** pí, **17.** kyn, **18.** aka, **20.** fg, **21.** tifa.
LÓÐRÉTT: **1.** held, **3.** ás, **4.** fúkalyf, **5.** urr, **7.** ferlíki, **10.** gæi, **13.** stk, **15.** ungi, **16.** pat, **19.** af.

Ég er bara svo upptekin

BAKÞANKAR
Tinnu Rósar Steinsdóttur

„Vissir þú að stór hluti fólks á elliheimilum fær aldrei neinn í heimsókn til sín," sagði afi minn við mig í barnaafmæli í sumar. „Já, hugsaðu þér," svaraði ég hneyksluð á meðan ég hrósaði sjálfri mér í huganum fyrir að vera betri afkomandi en það.

FLJÓTLEGA byrjaði ég þó að efast. Ég reyndi að rifja upp hvenær ég hafði síðast *droppað* í heimsókn til ömmu og afa að ástæðulausu en gat ómögulega munað hvenær það var, svo langt var síðan. Hugurinn hélt áfram að reika og mér leið eins og ég væri stödd í bíómynd þar sem samræður sem ég hafði átt við fólk helltust yfir mig (með viðeigandi dramatískri tónlist í forgrunni).

ÉG mundi eftir samtali sem ég hafði átt við vinkonu mína stuttu áður þar sem hún hafði enn einu sinni rætt það við mig hvernig ég hefði aldrei tíma til að gera neitt og léti aldrei í mér heyra. Álíka samtal hafði ég átt við systur mína og í kjölfarið hélt snjóbolti minninganna áfram að bæta við sig fleiri samtölum. Öllum hafði ég svarað á sama hátt: „Þú veist alveg hvað þú skiptir mig miklu máli. Ég er bara svo rosalega upptekin."

EFTIR þetta samtal við afa minn ákvað ég að nú skyldi ég taka mig á. Viku síðar fór ég í heimsókn til ömmu og afa. Þar sat ég í dágóða stund og borðaði heimatilbúna rækjusalatið þeirra (uppáhalds!) og spjallaði við þau í rólegheitunum á meðan amma stoppaði í sokkabuxurnar mínar af mikilli list. Hún hafði tekið eftir tánni sem stakkst út. Næst keyrði ég til mömmu og pabba. Bæði fylltust þau undrun yfir því að ég væri mætt á þröskuldinn og biðu líklega alla heimsóknina eftir að heyra ástæðuna að baki henni. Hún var engin, nema þá að eiga dásemdarkvöld umvafin þeim sem ég elska – og svo sannarlega átti ég það.

ÉG á ótrúlega mikið af frábæru fólki allt í kringum mig en alltof oft tek ég því sem sjálfsögðum hlut. Það er nauðsynlegt að rækta sambandið við fólkið sitt – og það er bæði skemmtilegt og gefandi í leiðinni.

„ÞAÐ liggur enginn banaleguna og óskar þess að hafa eytt meiri hluta ævi sinnar í vinnunni," var önnur gullin setning sem afi minn vitur lét falla í ofangreindu samtali okkar. Margir meta verðleika sína eftir því hversu duglegir þeir eru að gefa af sér í vinnu eða í sjálfboðastörf. Ég þekki þá tilfinningu vel. En eru það þeir staðir sem á að gefa hvað mest í? Þegar ég dey, vil ég að í minningargreinunum standi: „Tinna Rós Steinsdóttir, afburðastarfskraftur og dugnaðarforkur" eða „Tinna Rós Steinsdóttir, yndisleg manneskja og vinur"?
Ég held ég velji það seinna.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes



Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Listhlaupadeild Skautafélags Reykjavíkur
Skautaskóli fyrir börn og unglinga hefst í skautahöllinni í Laugardal sunnudaginn 23. september.
Skráning er hafin og fer fram á heimasíðu félagsins www.skautafelag.is/list
Skrifstofusímar: 588 4004 898 4461 896 3956

Munið Frístundakortið

HÍBÝLI FASTEIGNASALA
OPIÐ HÚS
Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.
LANGHOLTSVEGUR 12 - OPIÐ HÚS

Mjög gott 227 fM, tvílyft einbýlishús sem í dag eru tvær samþykktar íbúðir. Á efri hæð er íbúð með sérinngangi, þar eru stórar samliggjandi stofur, svefnherbergi, eldhús með útgangi út á hellulagða verönd og flísalagt baðherbergi. Geymsluloft yfir íbúð. Í kjallara er 2ja herb. íbúð, þ.e. stór stofa, svefnherbergi, eldhús með nýrri innrétt-ingu og flísalagt baðherbergi, full lofthæð í kjallara. Stór bílskúr fylgir. Lóð er falleg og gróin. Húsið er laust til afhendingar. **VERÐ 44,5 MILLJ.**
HÚSIÐ ER TIL SÝNIS Í DAG, LAUGARDAG MILLI KL. 13 OG 14 OG Á MORGUN, SUNNUDAG MILLI KL. 16-17.
Suðurgata 7, 101 Reykjavík - www.hibyli.is - hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800 - Fax: 585 8808

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
BOLTAVAKTIN
Staða og úrslit leikja í beinni
vísir - oft á dag

Vildi ekki börn ung

Leikkonan Monica Bellucci segist styðja konur sem ákveða að eignast ekki börn. Sjálf eignaðist Bellucci sitt fyrsta barn er hún var komin vel á fertugsaldurinn.

„Tímasetningin hentaði mér fullkomlega. Ég á það til að gera hluti seint í lífinu, ég þarf að vera róleg og finnast ég tilbúin í hlutina.

Ég vildi ekki eignast börn þegar ég var á þrítugsaldri, núna get ég eytt tíma með börnunum mínum án þess að finnast ég vera að missa af neinu," sagði leikkonan sem var að kynna mynd sína Rhino Season á kvikmyndahátíðinni í Toronto.

„Ég á margar vinkonur sem eiga ekki börn og eru hamingjusamar, þetta er svo einstaklingsbundið. Það að vera kona helst ekki í hendur við barneignir. Sjálf vildi ég þó upplifa móðurhlutverkið."



BEIÐ MEÐ BARNEIGNIR Monica Bellucci vildi ekki vera ung móðir.
NORDICPHOTOS/GETTY

Verst nærbuxnatökum

Rokkaradóttirin Kelly Osbourne hefur ýmis brögð uppi í erminni til að koma í veg fyrir að papparassa-ljósmyndarar nái myndum af hennar allra heilagasta. Í sjónvarpsviðtali nýverið lýsti Osbourne reynslu sinni af ljósmyndurum sem hreinlega leggjast á hnén gagngert til að ná myndum af nærbuxum til að selja slúðurblöðum. „Þeir eru stundum svo svæsnir að þeir leggjast á hnén til að ná góðu skoti upp pilsfaldinn hjá manni. Besta vörnin er að sparka í átt til þeirra. Þá láta þeir þetta svæði vera," segir Osbourne, sem hefur þó skilning á starfi ljósmyndaranna. „Þetta er fylgifiskur frægðarinnar og það hjálpar að vera almennilegur við þá. Þetta er nú einu sinni vinnan þeirra, þótt við hötum þetta."

Frægar konur á borð við Britney Spears, Kate Hudson, Lindsay Lohan og Sienna Miller hafa orðið fyrir barðinu á nærbuxnamyndatökum papparassa-ljósmyndara. Mesta hættan á slíkum myndum ku myndast þegar viðkomandi stígur út úr bíl.

SPARKAR Í LJÓSMYNDARA Kelly Osbourne segir suma ljósmyndara svo svæsna að þeir leggist á hnén til að ná góðu skoti upp pilsfaldinn.
NORDICPHOTOS/GETTY

KVENLEGUR Javier Bardem segir konu og karl búa innra með sér.
NORDICPHOTOS/GETTY

Sýnir tilfinningar sínar

Leikarinn Javier Bardem segist vera í góðum tengslum við sína kvenlegu hlið í nýjasta hefti tímaritsins GQ.

„Ég ólst upp við að vera óhræddur við að sýna tilfinningar mínar. Það er karlmaður og kona í mér. „Vertu karlmaður" – hvað meinar fólk eiginlega með því?" sagði Bardem í viðtalinu.

Í sama viðtali sagðist leikarinn vera trúleysingi og viðurkenndi að hann væri hamingjusamlega giftur leikkonunni Penelope Cruz.

„Ég hef ávallt sagt að ég trúi ekki á Guð. Ég trúi á Al Pacino."

Dóttirin á Twitter

Robbie Williams er búinn að setja mynd af sér og nýfæddri dóttur sinni á síðuna Twitter. Dóttirin heitir Theodora Rose og fæddist 18. september. „Önnur bleyjuskipti pabba," skrifaði popparinn.

ROBBIE WILLIAMS

Williams og eiginkonan hans, Ayda Field, tilkynntu 30. mars að þau ættu von á sínu fyrsta barni síðar á árinu. Þau hafa verið saman síðan 2006 og þrátt fyrir orðróm um að þau ætluðu að hætta saman ákváðu þau að giftast á heimili Williams í Los Angeles í fyrra. Nýjasta plata hans, Take The Crown, kemur út 2. nóvember.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Frá vöggu til grafar

- ráðstefna um stefnumörkun í heilbrigðismálum á Íslandi

Grand Hótel mánudaginn 24. september 2012 kl. 13:30

Stefnumörkunar er þörf í heilbrigðismálum á Íslandi. Hollvinasamtök líknardeilda vilja knýja á um, að mótuð verði heildarstefna í heilbrigðismálum í samræmi við ný viðhorf Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar WHO um notendamiðað heilbrigðis- og velferðarkerfi í samráði við þarfir og vilja fólksins í landinu.

Á ráðstefnu Hollvinasamtaka líknardeilda verður kynnt nýtt notendamiðað heilbrigðis- og velferðarkerfi Norðmanna, SAMHANDLINGSREFORMEN, sem vakið hefur athygli og unnið er í samræmi við stefnu Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar.

13:30 Setning: Séra Örn Bárður Jónsson, formaður Hollvinasamtaka líknardeilda

13:40 Ávarp: Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra

14:00 Sýn öldrunarlæknis á líknarþjónustu áður fyrr, nú og í framtíð
Pálmi V. Jónsson prófessor, yfirlæknir öldrunarlækninga á Landspítala

14:20 Heilbrigðisþjónusta í heimabyggð
Sigríður Snæbjörnsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

14:40 Má gagnrýna heilbrigðisþjónustu? - Sjónarmið tveggja kynslóða
Styrmir Gunnarsson ritstjóri

15:00 Kaffihlé

15:45 Einsöngur: Björg Þórhallsdóttir sópran, meðleikari Jónas Ingimundarson

16:00 The coordination reform in Norway - Why and how?
Tor Åm, framkvæmdastjóri heilbrigðisráðs Noregs

16:30 Viðbrögð úr sal
Guðrún Sigurjónsdóttir, sérfræðingur hjá velferðarráðuneytinu
Magnús Pétursson ríkissáttasemjari
Ólafur Oddsson, geðlæknir á Akureyri
Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir
Stefán Þórarinsson, lækningaforstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands

17:20 Samþykktir

18:00 Ráðstefnuslit

Ráðstefnustjóri: Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða krossins á Íslandi

Ráðstefnan er öllum opin.

Sérstaklega er boðið fulltrúum samtaka aðstandenda sjúkra og aldraðra, frjálsum samtökum um heilbrigðis- og velferðarmál, félögum lækna og hjúkrunarfólks, fulltrúum sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva, fulltrúum samtaka launþega, atvinnurekenda, sveitarfélaga svo og alþingismönnum og ráðherrum.

Hollvinasamtök líknardeilda

actavis VR SAMTÖK ATVINNULÍFSINS SI Alþýðusamband Íslands

menning

menning@frettabladid.is

TEIKNISMIÐJA Í BORGARBÓKASAFNI Boðið verður upp á teiknismiðju fyrir börn á aldrinum 3-14 ára í aðalsafni Borgarbókasafnsins á morgun. Afrakstur smiðjunnar verður sendur í alþjóðlegu teiknisamkeppnina Colorful Rights. Leiðbeinandi í smiðjunni er Kristín Arngrímsdóttir, listamaður, rithöfundur og starfsmaður Borgarbókasafns.

Miðasala í Hörpu og á www.harpa.is - sími 528 5050 - midasala@harpa.is

Félag fagfólks um offitu stendur fyrir rannsóknar- og málþingi

Föstudaginn 28. september 2012 í sal Læknafélags Íslands í Hlíðarsmára 8, Kópavogi

Rannsóknarþing

8:30 Móttaka og skráning
9:00 Rannsóknar- og málþing sett
9:10 *Tengsl fæðuvals og hlutfallslegrar skiptingar orkuefnanna við langtíma þyngdarbreytingar meðal fullorðinna.* Ingibjörg Gunnarsdóttir / Anna Sigríður Ólafsdóttir
9:30 *Tengsl mataræðis á fyrsta aldursári við líkamsþyngdarstuðul sex ára barna.* Birna Thorisdottir
9:45 *Líkamsþyngdarstuðull barna á höfuðborgarsvæðinu. Breytingar og ályktanir.* Stefán Hrafn Jónsson
10:00 *Holdafar, menntun og mataræði karla og kvenna í borg og bæ.* Hrafnhildur Guðjónsdóttir
10:15 Kaffi
10:30 *Ofþyngd og offita hjá fólki á miðjum aldri 2007 – 2010 í REFINE-Reykjavík rannsókn Hjartaverndar.* Bolli Þórsson
10:45 *Heilsa kvenna í yfirvigt í tengslum við námskeiðið „Njóttu þess að borða": sex og tólf mánaða eftirfylgd.* Helga Lárusdóttir
11:00 *Langtímaáhrif offitumeðferðar á þyngd, andlega líðan og lífsgæði.* Bjarni Kristinn Gunnarsson
11:15 *Áhrif hjáveituaðgerðar á maga og görnum á beinabúskap og líkamssamsetningu (frumniðurstöður).* Díana Óskarsdóttir
11.30 *Árangur offitumeðferðarinnar á Reykjalundi með eða án magahjáveituaðgerðar, 2 ára eftirfylgd.* Anna Njálsdóttir
11:45 Matarhlé

Málþing um meðferðarúrræði

12:30 *Greining, ráðgjöf og meðferð ofþyngdar og offitu fyrir fullorðna einstaklinga í íslensku heilbrigðiskerfi árið 2011.* Erla Gerður Sveinsdóttir
12:50 Kynningar meðferðarúrræða frá: Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu, Heilsugæslunni á Húsavík, Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupsstað, Heilsustofnun NFLÍ, MFM miðstöðinni, Heilsuskóla Barnaspítalans.
14:30 Kaffi
Kynningar meðferðarúrræða frá: Kristnesi, Reykjalundi, LSH-hjáveitu aðgerðir og Heilsuborg.
15:30 Hvert verður hlutverk heilbrigðiskerfisins varðandi offitu? Pallborðsumræður með þátttöku stjórnmálamanna og aðila úr heil brigðisþjónustunni
16:30 Þingi slitið

Þátttökugjald fyrir félagsmenn FFO og námsfólk 5.000 kr.
Þátttökugjald fyrir aðra 7.500 kr
Kaffi og matur í hádegi er innifalið.
Látið þess getið við skráningu ef vilji er til að gerast félagi

Skráning fer fram á netfanginu ffovisindi@gmail.com.
Þátttökugjald greiðist við skráningu inn á reikning Félags fagfólks um offitu nr. 549 – 26 - 6401 Kt. 640103 – 2560

VÍKINGUR HEIÐAR OG ÖNNUR HUGMYND UM NORÐRIÐ

Víkingur Heiðar Kristjánsson flytur tónleika í minningu Glenns Gould, frægasta píanóleikara 20. aldarinnar.

TALAR TIL GOULD Víkingur Heiðar leikur tónlist sem tengist píanóleikaranum Gould á einn eða annan hátt á tónleikunum sem haldnir verða á þriðjudag. MYND/KARÓLÍNA

Á þriðjudaginn kemur hefði kanadíski píanóleikarinn Glenn Gould orðið áttræður. Þann dag heldur Víkingur Heiðar Kristjánsson píanóleikari tónleika í Hörpu undir yfirskriftinni Önnur hugmynd um norðrið. Heitið kallast á við útvarpsþætti sem Gould gerði, The Idea of North, en í þeim talaði Gould við íbúa sem bjuggu á afskekktum slóðum í Kanada. Gould er í miklu uppáhaldi hjá Víkingi Heiðari en hugmyndin að því að hann setti saman dagskrá í minningu listamannsins kom frá Peter Paul Kainrath, listrænum stjórnanda Busoni-tónlistarhátíðarinnar á Ítalíu. „Hann hringdi í mig með það erindi að vinna að tónleikum tileinkuðum Gould, diskurinn minn hafði vakið með honum hugrenningartengsl við Gould og þannig varð þessi dagskrá til."

Tónleikarnir eru nokkurs konar samtal Víkings Heiðars við píanóleikarann sem er þekktasti píanóleikari 20. aldarinnar. „Mig langaði til að gera eitthvað óvenjulegt. Og vinna þannig í anda Goulds sem stundaði mikla tilraunastarfsemi sjálfur. Þannig varð úr að annars vegar setti ég saman prógramm þar sem ég vann með einangrunarstefið, sem Gould hafði sjálfur unnið með í þáttum sínum um norðrið. Hins vegar fann ég til margvíslega búta úr viðtölum við Gould og leik þá á milli verka. Ég hafði stúderað Gould töluvert mikið og vissi því hvar ég gat leitað fanga," segir Víkingur Heiðar.

Gould var mjög frægur fyrir túlkun sína á Bach og fyrri hluti tónleikanna er helgaður verkum hans. Á síðari hluta tónleikanna verða síðrómantísk verk eftir Brahms, Grieg, Sibelius og Wagner; verk sem á einn eða annan hátt tengjast Gould og þema útvarpsþáttarins.

„Gould var mjög skapandi og fyrir utan píanóleik sinn gerði hann bæði sjónvarps- og útvarpsþætti. Þess má svo geta að hann hætti að koma fram á tónleikum 32 ára, hann vildi hafa fullkomna stjórn á aðstæðum og það er auðvitað ekki hægt á tónleikum. Að mínu mati var hann mest skapandi og túlkandi listamaður síðustu aldar og hann hefur haft mjög mikil áhrif á mig. En það eru svo sem skiptar skoðanir á honum, ég hitti frægan píanista á dögunum sem spurði mig hvernig ég þoldi Gould," segir Víkingur Heiðar sem hefur flutt dagskrá sína um norðrið tvisvar á áðurnefndri Busoni-hátíð og svo núna í vikunni á MITO-hátíðinni í Mílanó.

Víkingur Heiðar flytur dagskrána svo í Eskifjarðarkirkju í dag klukkan þrjú og sem fyrr segir í Norðurljósasal Hörpu klukkan átta á þriðjudag. sigridur@frettabladid.is

TRIXIN Í TÓNLISTINNI

Auk þess að sinna tónlistinni vinnur Víkingur Heiðar um þessar mundir að gerð sjónvarpsþátta um tónlist ásamt Höllu Oddnýju Magnúsdóttur sambýliskonu sinni. „Við erum á lokasprettinum, erum búin að taka upp ýmislegt og Halla er nú í Bretlandi að tala við alls konar áhugavert fólk, taugasérfræðinga, heimspekinga og þar fram eftir götunum," segir Víkingur Heiðar. Þættirnir fjalla um tónlist frá margvíslegum sjónarhornum. „Við ætlum til dæmis að útskýra trixin í tónlistinni í einum þættinum, hvernig tónlist virkar á fólk. Svo munum við fjalla um hlutverk flytjandans og skoða ólík sjónarmið listamanna á það, við fjöllum um ljóðasöng og nýja tónlist, svo eitthvað sé nefnt."

Víkingur Heiðar segir að meðal þeirra sem hafi veitt honum innblástur við gerð þáttanna hafi verið Glenn Gould. „Gould og Leonard Bernstein gerðu báðir þætti um tónlist sem eru virkilega góðir og hafa gefið mér ótal hugmyndir."

Hilmar Örn tilnefndur

Hilmar Örn Hilmarsson tónskáld er tilnefndur til hinna norrænu kvikmyndatónlistarverðlauna, Hörpu, fyrir tónlist sína í kvikmyndinni Andlit norðursins, sem fjallar um ljósmyndarann Ragnar Axelsson – RAX. Verðlaunin sem hétu til skamms tíma Norrænu kvikmyndatónlistarverðlaunin, voru nýlega endurnefnd en þau voru fyrst afhent í Noregi 2009.

Hörpuverðlaunin verða veitt í fjórða sinn 6. október á veglegri athöfn í Hörpu. Verðlaunin nema 10.000 evrum, jafnviði 1,6 milljóna króna, auk sérstaks verðlaunagrips sem Ragnar Kjartansson hefur hannað.

Sérstakar sýningar verða á hinum fimm tilnefndu kvikmyndum Norðurlandanna dagana 5. og 6. október auk þess sem gestum gefst kostur á að hlýða á tónskáldin tilnefndu fjalla um verk sín og nálganir í sérstökum pallborðsumræðum síðdegis laugardaginn 6. október.

HILMAR ÖRN HILMARSSON Tilnefndur til Hörpuverðlaunanna fyrir tónlist í myndinni Andlit norðursins.

sævar karl. *reykjavík*

OUTLET

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 11-17

LAUGAVEGUR 45

OPIÐ VIRKA DAGA
KL. 11-18

LAUGARDAGA
KL. 11-17

VERÐDÆMI

ARMANI
JAKKAFÖT KR. 65.000
FRAKKI KR. 47.000
JAKKI KR. 39.000

BALDESSARINI
JAKKAFÖT KR. 49.000

D&G
JAKKI KR. 39.000

PAOLO DA PONTE
HERRASKÓR KR. 25.000

D&G ARMANI COLLEZIONI BALDESSARINI Stenströms SINCE 1899

MIÐBORGIN OKKAR

ÁTT ÞÚ HEIMA Í JÓLABÆNUM?

Við leitum söluaðila í snotur jólahús og tjöld í Jólabænum við Ingólfstorg. Líkt og fyrri ár verður skipulögð skemmtidagskrá alla daga og fjöldi fólks sem bregður sér í „bæinn“ til að gera jólainnkaup.

Jólabærinn sprettur upp í miðjum desember og þú gætir flutt inn á fyrsta degi ef þú tryggir þér pláss nógu snemma.

Sendu okkur fyrirspurn merkta „Jólabærinn“ á midborgin@midborgin.is

Þar sem hjartað slær
www.midborgin.is

MIÐBORGIN OKKAR

Fjórhent á flygil í Salnum

Tónleikaröðin Tíbrá í Salnum í Kópavogi hefur aftur göngu sína eftir sumarhlé á sunnudag. Þá munu bresku píanóleikararnir John Humphreys og Allan Schiller leika fjórhent á flygil. Á efnisskránni er Brandenburgarkonsert Bachs, fantasíur eftir Mozart og Schubert, fimm ungverskir dansar eftir Brahms, sónata eftir Hindemith og svíta eftir Ravel.

Humpreys og Schiller eru með fremstu píanóleikurum Bretlands og hafa starfað saman um árabil. Schiller var aðeins tíu ára gamall þegar hann kom fyrst fram með Halle-hljómsveitinni undir stjórn Sir Johns Barbirolli og hefur síðan átt glæstan feril sem píanóleikari. Auk tónleikahalds starfar Humphreys sem yfirprófessor við kammermúsíkdeild Tónlistarháskólans í Birmingham.

Tónleikarnir á sunnudag hefjast klukkan 16 og er aðgangseyrir 3.300 krónur.

HUMPHREYS OG ALLAN SCHILLER Eru með fremstu píanóleikurum Bretlands og hafa leikið saman um árabil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tíbrá hefur verið burðarásinn í starfsemi Salarins frá því hann var opnaður árið 1999 og skipta tónleikar í Tíbrárröðinni nú hundruðum.

BÄUMER OG RÁCZ Ríða á vaðið í tónleikaröðinni 15:15 sem hefst á sunnudag.

15:15 í tíu ár

Tónleikaröðin 15:15 hefur sitt tíunda starfsár í Norræna húsinu á sunnudag með tónleikum sem nefnast Léttleiki og angurværð í franskri tónlist. Flytjendur eru þeir Guido Bäumer saxófónleikari og Aladár Rácz píanóleikari. Efnisskráin samanstendur af verkum sem samin voru undir áhrifum af impressjónisma eða tengjast honum, svo sem eftir Caplet, Jolivet og Debussy. Einnig gætir áhrifa frá Austurlöndum í sumum verkanna.

Guido Bäumer er frá Norður-Þýskalandi en Aladár Rácz er frá Rúmeníu; báðir hafa þeir verið búsettir hér á landi frá því um aldamót.

Alls verða átta tónleikar á 15:15 tónleikaröðinni í vetur. Næstu tónleikar verða 11. nóvember þar sem frumflutt verður nýtt verk eftir Hafdísi Bjarnadóttur.

Tónleikarnir eru haldnir sem fyrr segir í Norræna húsinu og hefjast, eins og nafnið gefur til kynna, klukkan 15:15.

Vangaveltur um tímann

Hafþór Yngvason, safn- og sýningarstjóri, og bandaríski heimspekingurinn Nickolas Pappas hefja klukkan 16 í dag opnar samræður í tengslum við sýninguna Hreyfing augnabliksins sem nú stendur yfir í Hafnarhúsinu. Pappas er prófessor við heimspekideild City College í New York.

HAFÞÓR YNGVASON

Í spjalli Hafþórs og Pappas verða dregnar fram spurningar um eðli tímans í heimspekilegu samhengi en eins og heiti sýningarinnar ber með sér eru með henni könnuð umbreytingaröfl. Öll listaverkin tengjast framvindu og breytingum. Þau eru útkoman úr ópersónubundnum og óvissum verkferlum sem listamennirnir styðjast við til að breyta efniviði sínum, færa hann úr einu ástandi í annað.

Viðburðurinn er skipulagður í samvinnu við Heimspekistofnun HÍ og fer fram á ensku.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 22. september

Tónleikar

22.00 Jón Jónsson, Friðrik Dór, Magni Ásgeirsson, Ragnheiður Gröndal, Védís Hervör og Varsjárbandalagið koma fram á tónleikum á Café Rosenberg. Tónleikarnir eru hluti af átaki frjálsra félagasamtaka í samstarfi við Þróunarsamvinnustofnun Íslands um gildi og mikilvægi þróunarsamvinnu. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Umræður

10.30 Vilhjálmur Birgisson verkalýðsleiðtogi á Akranesi verður gestur í Laugardagsspjalli Framsóknarfélags Reykjavíkur. Umræðuefnið er Hvað vill Vilhjálmur Brigisson? og fundurinn verður haldinn í Framsóknarhúsinu Hverfisgötu 33.

16.00 Hafþór Yngvason, safn- og sýningarstjóri, og bandaríski heimspekingurinn Nickolas Pappas efna til opinna umræðna í tengslum við sýninguna Hreyfing augnabliksins í Hafnarhúsinu. Viðburðurinn fer fram á ensku.

Dansleikir

23.59 Hljómsveitin Gildran verður með stórdansleik á skemmtistaðnum SPOT, Kópavogi. Spiluð verða þeirra eigin lög í bland við þekkta erlenda rokkslagara. Ný lög verða prufukeyrð í upphafi kvöldsins svo það borgar sig að mæta snemma.

Málþing

11.00 Málþing Reykjavíkur Akademíunnar um iðkun kyns og þjóðar verður haldið í sal þeirra í JL-Húsinu að Hringbraut 121. Almennt skráningargjald er kr. 2.500 og innifalinn er léttur hádegisverður og kaffiveitingar.

Tónlist

20.00 Kristján Jóhannsson óperusöngvari og nemendur hans í Söngskóla Sigurðar Demetz koma fram á styrktartónleikum fyrir Bergmál, líknar- og vinafélag, í Háteigskirkju. Miðaverð er kr. 3.000.

21.00 Berndsen & The Young Boys verða á Ellefunni og senda áhorfendur aftur í 80's fílinginn. Aðgangur er ókeypis.

21.00 Lame Dudes fagna haustinu með léttri blússveiflu á Café Haiti. Hljómsveitin sem er þekkt fyrir hlýjan flutning laga með blús- og kántrýívafi mun ylja hlustendum með eigin lögum og „ábreiðum" þekktra laga frá síðustu öld. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

22.00 Gunnar Þórðarson heldur tónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000.

23.00 Sváfnir Sigurðarson, Karl Pétur Smith og Tómas Tómasson leika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 23. september

Kvikmyndir

15.00 Sovéska kvikmyndin Gamalt ævintýri (Staraja, staraja skazka) frá 1968 verður sýnd í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Þetta er ævintýramynd fyrir börn og fullorðna, byggð á gömlum og alþekktum sögum, einkum eftir H.C. Andersen. Myndin er á rússnesku en með enskum texta og aðgangur er ókeypis.

Tónleikar

20.00 Söngkonur stríðsáranna, tónleikar Kristjönu Skúladóttur, verða haldnir í Iðnó. Á tónleikunum syngur Kristjana dægurlög sem voru vinsæl í síðari heimstyrjöldinni og segir frá afrekum nokkurra helstu söngkvenna þess tíma.

20.00 Kristín Jónína Taylor píanóleikari flytur úrval prelúdía eftir Debussy, Rachmaninoff, Franck, Gershwin og Hjálmar H. Ragnarsson á síðustu Síðsumartónleikunum í Þjóðmenningarhúsinu í ár. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en kr. 1.000 fyrir eldri borgara og nemendur.

Uppákomur

14.00 Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

19.00 Bridge tvímenningur verður spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

Dansleikir

20.00 Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist á dansleik Félags eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Aðgangseyrir er kr. 1.500 fyrir félaga í FEB og 1.800 fyrir aðra gesti.

Tónlist

15.15 Guido Bäumer saxófónleikari og Aladár Rácz píanóleikari leika verk eftir Debussy, Sancan, Caplet, Jolivet, Schmitt og Desenclos á tónleikaröðinni 15:15 í Norræna húsinu. Miðaverð er kr. 2.000 en kr. 1.000 fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

16.00 Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

Leiðsögn

14.00 Þóra Sigurðardóttir sýningarhöfundur leiðir gesti um sýninguna Teikning – þvert á tíma og tækni í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands. Leiðsögnin er ókeypis.

15.00 Helgi Gíslason verður með leiðsögn um sýningu sína í húminu í Listasafni Kópavogs – Gerðarsafni. Allir velkomnir.

Fyrirlestrar

15.00 Björn Þorsteinsson heimspekingur ræðir um grundvallarstef tilvistarstefnunnar á Kjarvalsstöðum í tengslum við sýninguna Ljóðheimar sem stendur nú yfir. Frítt er fyrir handhafa Menningarkortsins.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

popp

popp@frettabladid.is

DRAUMUR HAFSINS Rafaella Brizuela Sigurðardóttir málar risastórt málverk á vegg á Laugaveginum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MEIRA UM MÁLVERKIÐ DRAUMUR HAFSINS

Málverkið sýnir stúlku og mergð fiska sem reynir að sækja næringu í hrafnsvart hár sem liðast um sjóinn. Málverkið er draumkennt og þar mætast stef úr íslenskri menningu og þráin eftir hinu fagra og háleita sem býr í innsta eðli mannsins. Fyrir ofan sjávarborð sér í íslensk fjöll og dali. Markmiðið með málverkinu er að fegra og lífga upp á efra svæði Laugavegarins og stuðla að opnu og leitandi hugarfari á kreppu- og erfiðleikatímum. Hér gefst tækifæri fyrir íbúa samfélagsins og ferðamenn að sjá hvernig steinsteypa getur orðið að glugga inn í aðra veröld, sem gefur áhorfendum tækifæri til að staldra við og íhuga.

VEITIR FÓLKI INNBLÁSTUR MEÐ RISAVERKI

„Það þarf að lífga upp á þetta hverfi því þarna er lítið útsýni. Vonandi veitir þessi mynd fólki innblástur," segir listakonan Rafaella Brizuela Sigurðardóttir.

Hún er önnum kafin þessa dagana við að mála risastórt málverk, sem kallast Draumur hafsins, á hundrað fermetra húsgafl á Laugavegi 159. Verkefnið hófst fyrir þremur vikum og stefnt er á að það klárist eftir um tvær vikur.

„Bróðir vinar míns á íbúð í þessu húsi. Hann vildi lífga upp á þennan stað og spurði hvort ég hefði áhuga á að hjálpa til. Ég játaði því en fór svo til Kína og það varð ekkert úr þessu fyrr en þremur árum seinna þegar ég kom til baka," segir Rafaella.

Um eitt ár fór í að sækja um styrki fyrir verkefnið, auk þess sem Stoð útvegaði ókeypis stillansa og Málning útvegaði málninguna. Eldur og ís hefur styrkt verkefnið með léttum veitingum.

Þetta er stærsta veggmynd Rafaellu til þessa. Hún öðlaðist reynslu af slíkum verkum þegar hún var í listnámi í Los Angeles og starfaði undir stjórn aðgerðasinna og listamanns sem hefur gert stór slík verk þar í borg.

Hún hefur fengið aðstoð frá ýmsum síðan verkið hófst, jafnt ungum sem öldnum. „Það eru allir rosalega spenntir og þetta veitir fólki innblástur. Sumir koma líka með mat, þannig að þetta hefur verið alveg yndislegt."

Rafaella málar á hverjum degi þangað til sólin sest um hálfníuleytið. „Þetta er dálítið erfitt. Ég fæddist í Mexíkó og er með svolítið suðrænt blóð og skinn, þannig að mér er rosalega kalt en þetta er líka mjög spennandi."

Hugmyndin á bak við listaverkið kemur úr gamalli persneskri sögu úr bahái-trúnni og einnig úr íslenskri menningu. „Myndin er um fiska og haf. Ég hugsa mikið um sjómennina og það sem Íslendingar eru búnir að ganga í gegnum."

Hægt er að fylgjast með framgangi málverksins á Facebook-síðunni Draumur hafsins.

freyr@frettabladid.is

Trúlofaður

Leikarinn Jesse Tyler Ferguson úr gamanþáttunum Modern Family hefur trúlofast kærasta sínum, lögfræðingnum Justin Mikita. Parið sagði frá gleðifréttunum á vefsíðu samtakanna Tie the Knot.

„Það er satt, ég bað hann um að giftast mér," sagði Ferguson í myndbandi sem birtist á vefsíðu samtakanna. „Ég sagði já!" bætir Mikita við. Parið hefur verið saman í tvö ár og segist vona að hjónaband þeirra verði viðurkennt í öllum ríkjum Bandaríkjanna í nánustu framtíð.

TRÚLOFAÐIR Leikarinn Jesse Tyler Ferguson bað kærasta síns, lögfræðingsins Justin Mikita. NORDICPHOTOS/GETTY

KJÓLADAGAR

30% afsláttur af kjólum

ALLA HELGINA!

Verð áður 12.999 kr.
-30% : 9.099 kr.

Verð áður 7.999 kr.
-30% : 5.599 kr.

Verð áður 8.999 kr.
-30% : 6.299 kr.

Verð áður 14.999 kr.
-30% : 10.499 kr.

NUTSHELL LEGGINGS
2.999 kr.

EINNIG TIL Í XL

Verð áður 14.999 kr.
-30% : 10.499 kr.

Verð áður 14.999 kr.
-30% : 10.499 kr.

Verð áður 7.999 kr.
-30% : 5.599 kr.

TÍSKUDAGAR
20.-23. september

Smáralind

NÝTT KORTATÍMABIL

VISA MasterCard

smárar

MEÐ BALTASAR Jón Gunnar Geirdal ásamt nýjasta viðskiptavini sínum, leikstjóranum Baltasar Kormáki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞRJÁR SAMAN Kristín Andrea Þórðardóttir, Vera Sölvadóttir og Katrín Johnson mættu í partíið.

Fögnuðu stofnun Yslands

Stofnun markaðsfyrirtækisins Yslands var fagnað í Sjóminjasafninu á fimmtudagskvöld. Margir góðir gestir létu sjá sig. Markaðsfyrirtækið Ysland var stofnað á dögunum og er í eigu Jóns Gunnars Geirdals, sem er jafnframt eini starfsmaður þess. Fyrirtækið sér um að koma fólki og verkefnum á framfæri í fjölmiðlum og hingað til hefur Jón Gunnar haft í nógu að snúast.

GÓÐIR GESTIR Hálfdan Steinþórsson, Arnar Gauti og Jóhanna Pálsdóttir samfögnuðu með Jóni Gunnari.

SIGRÍÐUR OG BIRGITTA Sigríður Anna og Birgitta voru á meðal gesta.

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%

djúpið · DREDD 3D · THE BOURNE LEGACY

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

Sýningartímar	Laugardag	Sunnudag	
DJÚPIÐ	2, 4, 6, 8, 10	2, 4, 6, 8, 10	10
DREDD 3D - ÓTEXTUÐ	6, 8, 10	8, 10	16
THE BOURNE LEGACY	10.15	10.15	16
ÁVAXTAKARFAN ÍSL TAL	2, 4	2, 4	L
PARANORMAN ÍSL TAL	2, 4	2, 4, 6	7
INTOUCHABLES	5.50, 8	8	12

SAMBÍÓIN SAMbio.is
LAWLESS · WILL FERRELL OG ZACH GALIFIANAKIS Í FYNDNUSTU MYND ÞESSA ÁRS! · FRÝS Í ÆÐUM BLÓÐ · FROST · THE BOURNE LEGACY · Frá Framleiðendum Toy Story 3, Finding Nemo og Up. · THE DARK KNIGHT RISES · STÆRSTA MYND SUMARSINS 64.000 GESTIR

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA				SAMBÍÓIN EGILSHÖLL			
LAWLESS	KL. 5:30 - 8 - 10:30	3D	16	LAWLESS KL. 5:30 - 8 - 10:30	2D	16
LAWLESS LUXUS VIP	KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	3D	VIP	CAMPAIGN 1 - 3:30 - 5:50 - 8 - 10	2D	12
THE CAMPAIGN	KL. 4:10 - 6 - 8 - 10	3D	12	BOURNE LEGACY KL. 8 - 10:40	2D	12
FROST	KL. 3:40 - 8 - 10:45	3D	16	FROST KL. 8	2D	16
THE BOURNE LEGACY	KL. 5:30 - 8 - 10	3D	12	DARK KNIGHT RISES KL. 10	2D	12
HIT AND RUN	KL. 10:30	3D	12	ÍSÖLD 4 KL. 1:50 - 3:50	2D	L
STEP UP REVOLUTION	KL. 1:30 - 3:40 - 5:50	3D	7	BRAV KL. 1:30 - 3:30 - 5:40	2D	L
BRAVE ÍSL. TAL	KL. 2 - 1:30 - 3:40 - 5:50	3D	L	MADAGASCAR 3 1:50-3:50-5:50	2D	L
BRAVE ÍSL. TAL	KL. 2	3D	L	SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
BRAVE M/ ENSKU TALI	KL. 8	3D	L	LAWLESS KL. 5:40 - 8 - 10:20	2D	16
MADAGASCAR 3 ÍSL. TAL	KL. 1:30	2D	L	CAMPAIGN KL. 6 - 8 - 10	2D	12
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK				BRAVE ÍSL. TAL KL. 1:20 - 3:30	2D	L
DJÚPIÐ	KL. 6 - 8	2D	10	BRAVE ÍSL. TAL KL. 1:40	3D	L
LAWLESS	KL. 10	2D	16	MADAGASCAR 3 ÍSL. TAL KL. 3:50	2D	L
FROST ÍSL. TAL	KL. 6 - 8 - 10	2D	16	SAMBÍÓIN AKUREYRI		
BRAVE ÍSL. TAL	KL. 4	3D	L	LAWLESS KL. 10:10	2D	16
BABYMAKERS	KL. 2 - 4	2D	12	BRAVE ÍSL. TAL KL. 2 - 4	3D	L
ÁVAXTAKARFAN	KL. 2	2D	L	BRAVE ENSKT TAL KL. 6	2D	L
SAMBÍÓIN SELFOSSI				THE CAMPAIGN KL. 8	2D	12
FROST	KL. 6 - 8 - 10	2D	16	UNDRALAND IBBA ÍSL. TAL KL. 2 - 4	2D	L
BABYMAKERS	KL. 6 - 8	2D	12	BABYMAKERS KL. 8	2D	12
DARK KNIGHT RISES	KL. 10	2D	12	FROST KL. 6 - 10:10	2D	16

SMÁRA BÍÓ · TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is · HÁSKÓLA BÍÓ · djúpið · DREDD 3D · DÓMSDAGUR NÁLGAST!

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

DJÚPIÐ KL. 1 - 1.30 - 3.10 - 3.40 - 5.20 - 5.50 - 8 - 10.10		
DJÚPIÐ LÚXUS KL. 1 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10		10
DREDD 3D ÓTEXTUÐ	KL. 8 - 10.10	16
RESIDENT EVIL	KL. 8	16
RESIDENT EVIL 3D ÓTEXTUÐ KL. 10.10		16
ÁVAXTAKARFAN KL. 1 (TILBOÐ) - 4 - 6		L
THE EXPENDABLES 2	KL. 8 - 10.20	16
THE WATCH	KL. 5.40	12
ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL	KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20	L

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

DJÚPIÐ KL. 2.40 - 3.40 – 4.50 - 5.50 - 7 - 8 - 9.10 - 10.10		
THE DEEP ÍSL.TAL – ENSKUR TEXTI KL. 5.50		10
RESIDENT EVIL	KL. 8 - 10.10	16
ÁVAXTAKARFAN	KL. 3.30 (TILBOÐ)	L
INTOUCHABLES KL. 3 (TILBOÐ) - 5.30 - 8 - 10.30		L

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

DJÚPIÐ	KL. 6 - 8 - 10	10
DREDD 3D KL. 8 16 / RESIDENT EVIL KL. 6		16
BOURNE LEGACY	KL. 10	16
ÁVAXTAKARFAN KL. 3.30 (TILBOÐ) / ÍSÖLD 4 3D KL. 4 (TILB.)		

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS

A SEPARATION · FROST · 21.-23. SEPT. AFRÍKA KALLAR!

LAUGARDAGUR: A SEPARATION 17:30, 20:00, 22:30 ■ AFRÍKA: 14 KÍLÓMETRAR 18:00 ■ AFRÍKA: VIVA RIVA! 20:00 ■ AFRÍKA: BAMAKO 22:00 ■ FROST 20:00, 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) 17:20, 20:00, 22:40 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 18:00 SUNNUDAGUR: A SEPARATION 17:30, 20:00, 22:30 ■ AFRÍKA: BAMAKO 18:00 ■ AFRÍKA: VIVA RIVA! 20:00 ■ AFRÍKA: 14 KÍLÓMETRAR 22:00 ■ FROST 20:00, 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) 17:20, 20:00, 22:40 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 18:00

Frá Framleiðendum Toy Story 3, Finding Nemo og Up.

tryggðu þér miða á sambio.is
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM
SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN SAMbio.is

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

SMÁRA BÍÓ midi.is		
ÁVAXTAKARFAN	KL. 1 (TILBOÐ)	L
ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	L
HÁSKÓLA BÍÓ midi.is		
ÁVAXTAKARFAN	KL. 3.30 (TILBOÐ)	L
INTOUCHABLES	KL. 3 (TILBOÐ)	L
BORGAR BÍÓ midi.is		
ÁVAXTAKARFAN	KL. 3.30 (TILBOÐ)	L
ÍSÖLD 4 3D	KL. 4 (TILBOÐ)	L

TILBOÐ - TILBOÐ -TILBOÐ -TILBOÐ

Ávaxta karfan · Intouchables · ÍSÖLD 4 3D MEÐ ÍSLENSKU TALI 2D

Sími: 553 2075 · LAUGARÁS BÍÓ · - bara lúxus · Ódýrt í bíó
ÍSL TAL · Ávaxta karfan · TILBOÐ KL. 2 · PARANORMAN ÍSLENSKT TAL 3D · TILBOÐ KL. 2
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

METALLICA Rokkararnir eiga fjórar plötur á lista yfir þær bestu.

Master of Puppets best

Master of Puppets með Metallica hefur verið kjörin besta þungarokksplata allra tíma af lesendum bandaríska tímaritsins Rolling Stone. Í öðru sæti lenti Paranoid með Black Sabbath, og Sabbath átti einnig plötuna í þriðja sæti sem er samnefnd sveitinni.

Metallica á hvorki meira né minna en fjórar plötur á lista yfir þær tíu bestu, þar á meðal ... And Justice For All sem náði fimmta sætinu. Aðrar hljómsveitir sem eiga plötur á listanum eru Iron Maiden, Slayer, Guns N´ Roses og Led Zeppelin.

ÁSTFANGIN Kanye West vill gera afmælisdag Kim Kardashian ógleymanlegan. NORDICPHOTOS/GETTY

Kanye vill gleðja Kim

Kim Kardashian heldur upp á 32 ára afmæli sitt þann 21. október næstkomandi og ætlar kærasti hennar, rapparinn Kanye West, að gera daginn ógleymanlegan.

West hyggst bjóða kærustu sinni og vinum til Turks og Caicos eyja og fagna afmælinu þar. „Kim verður niðurdregnari eftir því sem afmælisdagurinn nálgast meir. Henni finnst erfitt að sætta sig við að verða eldri, tvífráskilin og barnlaus og Kanye vill því gera daginn ógleymanlegan. Hann mun hvergi spara við sig og hefur þegar keypt Chanel-kjól og Prada-tösku handa Kim," var haft eftir innanbúðarmanni.

TRAVOLTA John Travolta íhugaði að hætta í leiklistinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Íhugaði að hætta

John Travolta íhugaði að hætta að leika eftir að sonur hans dó fyrir þremur árum. Sonur hans Jet var aðeins sextán ára þegar hann lést eftir flog í fríi á Bahamaeyjum. Travolta tók sér frí frá kvikmyndaleik í nokkurn tíma á meðan hann og eiginkonan Kelly Preston syrgðu hann. „Eftir að hafa fengið stuðning frá kirkjunni minni, alls konar fólki, aðdáendum og fjölskyldunni í þrjú ár fannst mér loksins í lagi að fara aftur að vinna. Ég íhugaði meira að segja að hætta vegna þess að mér fannst þetta of erfitt fyrir mig," sagði Travolta, sem leikur í myndinni Savages.

Syngur um Eydísi á eitíslegri plötu

